



# Ársskýrsla Sjalandsskóla

Skólaárið 2019-2020

Garðabæ, júní 2020

Ársskýrsla Sjálandskóla

Skólaárið 2019-2020

Sesselja Þóra Gunnarsdóttir aðstoðarskólastjóri

Sjálandskóli

Löngulínu 8 210 Garðabæ

S: 5903100

[sjalandsskoli@sjalandsskoli.is](mailto:sjalandsskoli@sjalandsskoli.is)

[www.sjalandsskoli.is](http://www.sjalandsskoli.is)

## Efnisyfirlit

|   |    |
|---|----|
| Inngangur .....   | 5  |
| Hagnýtar upplýsingar .....                                | 6  |
| Starfsmenn .....  | 6  |
| Nemendur .....  | 7  |
| Áherslur í skólastarfi.....                               | 9  |
| Samstarf heimilis og skóla .....                          | 15 |
| Samstarf kennara og foreldra.....                         | 15 |
| Skólaráð.....   | 15 |
| Foreldrafélag Sjálandsskóla.....                          | 15 |
| Ýmsar skýrslur .....                                      | 17 |
| Skýrsla umsjónarkennara í 1. bekk.....                    | 17 |
| Skýrsla umsjónarkennara í 2. bekk.....                    | 19 |
| Skýrsla umsjónarkennara í 3. bekk.....                    | 21 |
| Skýrsla umsjónarkennara í 4. bekk.....                    | 23 |
| Skýrsla umsjónarkennara í 5. bekk.....                    | 25 |
| Skýrsla umsjónarkennara í 6. bekk.....                    | 27 |
| Skýrsla umsjónarkennara í 7. bekk.....                    | 29 |
| Skýrsla umsjónarkennara í 8. bekk.....                    | 30 |
| Skýrsla umsjónarkennara í 9. bekk.....                    | 33 |
| Skýrsla umsjónarkennara í 10. bekk.....                   | 35 |
| Skýrsla kennara í íþróttum .....                          | 36 |
| Skýrsla kennara í myndmennt.....                          | 40 |
| Skýrsla kennara í smíði og hönnun.....                    | 43 |
| Skýrsla kennara í sundi.....                              | 46 |
| Skýrsla kennara í textílmennt.....                        | 47 |
| Skýrsla kennara í tónmennt.....                           | 49 |
| Skýrsla sérkennara.....                                   | 62 |
| Skýrsla þroskaþjálfara.....                               | 65 |
| Skýrsla náms- og starfsráðgjafa.....                      | 66 |
| Skýrsla kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni ..... | 70 |
| Skýrsla bókasafns Sjálandsskóla .....                     | 73 |

## Inngangur

Ársskýrsla þessi er hluti af útgáfu allra grunnskóla í Garðabæ. Markmið hennar er að gera grein fyrir helstu atriðum og áherslum skólstarfs í Sjálandsskóla fyrir skólaárið 2019-2020. Umsjónarkennarar og starfsmenn skólans koma að útgáfu skýrslunnar en aðstoðarskólástjóri ritstýrir verkinu. Fjallað er um fjölbreytt starf skólans í hverjum árgangi fyrir sig auk allra faggreina sem kenndar eru við skólann. Einnig skrifa aðrir starfsmenn s.s. kennsluráðgjafi í tölvu og upplýsingatækni, námsráðgjafi, sérfræðingur á bókasafni, þroskaþjálfar og sérkennarar kafla um þeirra aðkomu að skólstarfinu í heild.

Ársskýrsla Sjálandsskóla kemur nú út í 15. sinn og er hún aðgengileg öllum á vef skólans undir flípanum skólinn, útgáfa og ársskýrslur. Á vefslóðinni sjalandsskoli.is má finna ýmsar gagnlegar upplýsingar sem lúta að skipulagi skólstarfsins í heild, kennsluáætlanir allra árganga og önnur hagnýt atriði fyrir foreldra varðandi nám og kennslu í skólanum. Einnig eru á heimasíðunni fréttir af skólstarfinu og ýmsar myndir sem prýða hana. Heimasíða Sjálandsskóla er uppfærð reglulega af kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni.

Skólaárið hófst hjá starfsfólki þriðjudaginn 13. ágúst þar sem kennarar sóttu námskeið í skyndihjálp. Haldið var Numicon námskeið þann 14. ágúst þar sem farið var yfir ýmis hagnýt atriði, hugmyndafræði talnastanga Numicon og unnin voru verkefni með námsgögnin. Fyrsti kennarafundur haustsins var fimmtudaginn 15. ágúst að honum loknum var kynning fyrir nýja starfsmenn og hádegismatur í boði skólans. Skólaárið fór af stað með krafti eins og endranær en átti síðar eftir að reynast óvenjulegt skólaár vegna heimsfaraldurs sem ríkti og skyggði verulega á skólstarf í mars og apríl. Nánar er fjallað um áhrif skerts skólstarfs í Covid- 19 á hvern og einn árgang í skýrslunni.

Skólasetning og -boðunarviðtöl voru föstudaginn 23. ágúst. Kennarar boðuðu alla nýja umsjónarnemendur ásamt foreldrum þeirra í 15 mínútna viðtöl þar sem farið var yfir skipulag vetrarins og stundaskrár bekkjarins voru afhentar. Markmið þessara viðtala eru jafnan að nemendur hitti kennara sína í upphafi skólaársins og kennarar myndi tengsl við bæði nemendur og foreldra áður en hefðbundið skólstarf hefst. Áhersla Sjálandsskóla hefur ávallt verið á samstarf milli heimilis og skóla og var engin breyting á því í ár. Nemendur við skólann voru í upphafi skólaársins um 300 í 10 bekkjardeildum en við skólalok voru 304 nemendur sem stunduðu nám við skólann. Starfsmenn Sjálandsskóla í fullu starfi og hlutastarfi voru 76 á skólaárinu.

Skýrsla þessi skiptist í fjóra megin kafla sem eru: hagnýtar upplýsingar, áherslur í skólstarfi, samstarf heimilis og skóla, og ýmsar skýrslur. Í hverjum kafla eru undirkaflar eins og sjá má á efnisyfirliti. Ársskýrsla Sjálandsskóla fyrir skólaárið 2019-2020 er eins og áður sagði birt á vef skólans en þar má einnig finna skýrslur frá fyrri árum ásamt skýrslu um starfsemi félagsmiðstöðvarinnar Klakans og ársskýslu tómsundaheimilisins Sælukots.

Sjálandsskóli í júní 2020

Sesselja Þóra Gunnarsdóttir aðstoðarskólástjóri

## Hagnýtar upplýsingar

Í þessum kafla koma fram ýmsar hagnýtar upplýsingar sem snúa að skólastarfinu í Sjálandsskóla bæði hvað varðar starfsmenn og nemendur. Taldar eru upp tölulegar upplýsingar sem mikilvægt er að taka saman við lok skólaárs og fróðlegt að bera saman við tölur fyrri ára t.d. hvað varða þróun nemendafjölda, samsetningu starfsmannahópsins og fleira í þeim dúr.

### Starfsmenn

Við Sjálandsskóla starfa tveir stjórnendur. Skólastjóri er Edda Björg Sigurðardóttir og aðstoðarskólastjóri er Sesselja Þóra Gunnarsdóttir. Aðrir stjórnendur starfa ekki við skólann. Teymisstjórar voru tveir á skólaárinu, þær Ingunn Þóra Hallsdóttir og Elfa Friðriksdóttir. Skólaritari Sjálandsskóla er Linda Rán Úlfsdóttir, húsvörður Sigurður Guðleifsson og umsjónarmaður tólmstundaheimilis Sælukots er Unnur Edda Davíðsdóttir sem leysir Hildi Harðardóttur af sem er í leyfi.

Í Sjálandsskóla starfar hópur fagmenntaðra og ófaglærðra starfsmanna sem vinna að því sameiginlega markmiði að stuðla að uppbyggingu á skólastarfi sem einkennist af einkunnarorðum skólans sem eru að vilja og virða. Sameiginlega hafa allir starfsmenn Sjálandsskóla hag nemenda að leiðarljósi. Þeir starfa undir verkstjórn skólastjórna og eiga í nánu samstarfi sín á milli, við nemendur, foreldra og aðra sem að skólastarfinu koma. Allir starfsmenn skólans bera ábyrgð á skólastarfinu jafnt undirbúningi, framkvæmd, mati og leggja metnað sinn í að styðja hvern annan í starfi. Starfsmenn skólans miðla þekkingu sín á milli, reynslu og færni og nýta sér þau tækifæri sem gefast til þess að vaxa í starfi jafnt innan veggja skólans sem utan.

Skólaárið 2019-2020 störfuðu við skólann 76 starfsmenn í mismunandi starfshlutfalli. Hluti þeirra var í afleysingum vegna veikinda eða leyfis. Kennarar voru þrjátíu, tveir stjórnendur, einn kennsluráðgjafi, einn listmeðferðafræðingur, þrír þroskajálfar og þrír sérkennarar. Stuðningsfulltrúar voru að jafnaði 17, einn meðferðarfulltrúi, fimm skólaliðar, einn bókavörður, einn ritari, einn umsjónarmaður með húsnæði skólans og 13 starfsmenn að jafnaði við tólmstundaheimilið Sælukot.

### Leyfi starfsmanna og afleysingar

Einn kennari fór í fæðingarorlof á skólaárinu en það er Katrín Erna Gunnarsdóttir listmeðferðarfræðingur. Auk þess voru tveir kennarar í launalausum leyfi á skólaárinu, en það voru Hildur Harðardóttir forstöðumaður sælukots og Hrefna María Ragnarsdóttir starfsmaður á bókasafni skólans. Linda Rán Úlfarsdóttir var auk þess í veikindaleyfi seinni hluta skólaársins og leysti Stella Sigurðardóttir hana af.

Edda Björg Sigurðardóttir skólastjóri lét af störfum undir lok skólaárs eftir 14 ár hjá Sjálandsskóla. Edda Björg tók við starfi sem grunn- og tónlistarskólafulltrúi hjá Garðabæ og óskum við henni góðs gengis í nýju starfi. Níu stuðningsfulltrúar hættu einnig störfum á vordögum. Starfsfólk Sjálandsskóla þakkar þeim ánægjuleg kynni og óskar þeim alls hins besta.

### Ráðningar starfsfólks

Eins og áður kom fram hættu tíu starfsmenn störfum við Sjálandsskóla á vordögum. Búið er að ráða í allar stöður fyrir nýtt skólaár. Sesselja Þóra Gunnarsdóttir tekur við sem skólastjóri og Ósk Auðunsdóttir hefur verið ráðin sem aðstoðarskólastjóri.

### Starfmannasamtöl

Stjórnendur skólans skiptu á milli sín starfsmannasamtölum að vori. Sá háttur var hafður á samtölunum að þessu sinni að stjórnendur skiptu með sér verkum og ákváðu tímasetningar starfsmannasamtala í samráði við starfsfólk. Farið var í kennslustundaryni á undan starfsmannasamtölum hjá kennurum og þroskajálfum. Allt starfsfólk skólans fyllti út spurningalista sem sendur var út til starfsmanna með slóð í google docs skjal. Þar var spurt um líðan í starfi, álag, upplýsingaflæði, aðbúnað og þar komu einnig fram óskir starfsmanna á komandi skólaári. Tekið var mið af niðurstöðum þessara samtala við myndun teyma og skipulagningu fyrir skólaárið 2020-2021.

## Skóladagatal

Starfsemi Sjálandsskóla var í samræmi við samþykkt skóladagatal skólaársins 2019-2020. Grunnur að dagatali var unninn í samstarfi leik- og grunnskóla og er dagatalið samræmt milli skólastiga líkt og undanfarin ár í Garðabæ. Skóladagatalið var unnið í samráði við skólaráð og var það tekið til umfjöllunar í skólaráði og samþykkt af skólaskrifstofu Garðabæjar.

Eins og reglur gera ráð fyrir eiga skóladagar nemenda að vera 180 talsins. Hins vegar voru skóladagar einungis 178 í ár, einn daginn féll niður kennsla vegna óveðurs, hinn daginn fékk starfsfólk skólans auka skipulagsdag til að undirbúa breytt skólastarf vegna COVID-19. Kennsludagar nemenda voru að jafnaði 144 alls, skertir kennsludagar vegna Covid-19 voru 27 talsins og starfsdagar kennara á kennslutímabili voru sex á skólaárinu. Skertir dagar eru þeir dagar sem nemendur mæta aðeins hluta úr degi. Þeir dagar eru skólaboðunardagur, tveir nemenda- og foreldraviðtalsdagar, jólaskemmtun, öskudagur og skólaslitadagur.

Skólaasetning var 23. ágúst og hófst kennsla samkvæmt stundaskrá mánudaginn 26. ágúst. Kennsla féll niður í jólaleyfi nemenda sem var frá 21. desember til 2. janúar. Vetrarleyfi í Garðabæ var frá 17. febrúar til 20. febrúar og páskaleyfi frá 6. apríl til 13. apríl. Einnig féll kennsla niður vegna fimm skipulagsdaga kennara á skólaárinu, þ.e. 13. september, 25. október, 27. nóvember, 21. febrúar, 6. mars (auka skipulagsdagur vegna Covid-19) og 26. maí. Skóla var slitið þriðjudaginn 9. júní.

## Nemendur

Nemendafjöldi í Sjálandsskóla jókst jafnt og þétt frá árunum 2005-2010 en hefur haldist nokkuð jöfn síðustu árin. Árið 2012 fækkaði lítillega í fjölda, en hefur síðan farið vaxandi með hverju árinu. Áætlaður fjöldi nemenda skólaárið 2020-2021 er um það bil 270 nemendur, þannig má búast við fækkun í fyrsta skipti síðan 2012.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá þróun nemendafjölda síðustu fimmtán ár.

**Tafla 1. Þróun nemendafjölda frá skólaárinu 2005-2019**

| Ár       | 2005 | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 |
|----------|------|------|------|------|------|------|------|------|------|
| Nemendur | 85   | 114  | 167  | 182  | 238  | 249  | 251  | 245  | 258  |
| Ár       | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 |      |      |      |
| Nemendur | 262  | 277  | 282  | 284  | 285  | 304  |      |      |      |

Samtals hófu 302 nemendur nám í skólanum í ágúst 2019 en voru þeir samtals 304 við skólalok. Stúlkur í skólanum voru 145 og drengir voru 159. Fjöldi nemenda í 1. bekk var 27 í tveimur umsjónarhópum. Nemendur í 2. bekk voru alls 18, í 3. bekk voru 23 nemendur. Í 4. bekk voru 37 nemendur í tveimur umsjónarhópum. Í 5. bekk voru 40 nemendur í tveimur umsjónarhópum og 42. í 6. bekk, einnig í tveimur umsjónarhópum. Tveir umsjónarhópar voru í 7. bekk með alls 39 nemendum. Í 8. bekk voru 22 nemendur og í 9. bekk voru 23 nemendur, báðir með einum umsjónarhópi. Tveir umsjónarbekkir voru í 10. bekk með samtals 32 nemendur.

## Ástundun nemenda

Samantekt ástundunar leiðir í ljós að skráðir veikindadagar í Námfús eru samtals 2179 og 478 stakar kennslustundir. Beðið var um leyfi fyrir nemendur í 1198 daga og 1565 stakar kennslustundir. Nemendur voru í sóttkví í alls 791 daga, flestir nemendur voru í sjálfskipaðri sóttkví vegna COVID-19. Veikindadögum fjölga á milli ára um 90 daga en leyfisdögum fækkar um 81 daga.

Ef tekið er meðaltal af þessu fjarvistum þá er hver nemandi veikur 7,1 daga og í leyfi að meðaltali 3,9 daga. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá fjarvistir nemenda vegna leyfa og veikinda skipt eftir árgöngum.

**Tafla 2. Fjöldi fjarvista skipt eftir árgöngum**

|            | Leyfis dagar | Leyfi í stakri kennslustund | Veikindi í dögum | Veikindi í stakri kennslustund | Sóttkví í dögum |
|------------|--------------|-----------------------------|------------------|--------------------------------|-----------------|
| 1. bekkur  | 49           | 88                          | 120              | 11                             | 59              |
| 2. bekkur  | 52           | 89                          | 126              | 8                              | 87              |
| 3. bekkur  | 137          | 82                          | 144              | 10                             | 3               |
| 4. bekkur  | 144          | 52                          | 176              | 52                             | 104             |
| 5. bekkur  | 132          | 209                         | 283              | 24                             | 91              |
| 6. bekkur  | 222          | 164                         | 285              | 107                            | 153             |
| 7. bekkur  | 222          | 283                         | 293              | 84                             | 79              |
| 8. bekkur  | 60           | 108                         | 203              | 21                             | 40              |
| 9. bekkur  | 66           | 190                         | 203              | 70                             | 56              |
| 10. bekkur | 114          | 300                         | 346              | 91                             | 119             |

#### Skóladagur nemenda

Skóladagur hófst kl. 8:15 hjá öllum nemendum Sjálands skóla. Hjá 1.-4. bekk lauk skóla kl. 13:30 en kl. 13:50 hjá 5.-7. bekk. Nemendur í 8.-10. bekk mættu kl. 8:15 en skóladeginum lauk hjá þeim ýmist kl. 13:50 eða 14:10, kl. 14:50 á miðvikudögum eða kl. 13:10 á föstudögum. Skólahúsnæðið er opið frá kl. 8:00 alla virka daga. Nemendum í 1.-3. bekk stendur til boða að fara í tómsundaheimilið Sælukot þegar hefðbundnum skóladegi lýkur á daginn eða kl. 13:30 til kl. 17:00 (sjá nánar í skýrslu Sælukots).

Nemendur fara í nesti einu sinni á dag í 15 mínútur. Nemendur fara í útivist á morgnana í 20 mínútur og eftir hádegismat eru frímínútur. Í frímínútum geta nemendur valið milli rólegra leikja inni í skólahúsnæði eða útveru. Einnig eru auglýstir opnunartímar bæði á bókasafni skólans, smíðastofu, myndmennt og textílmennt einu sinni í viku. Í frímínútum eru kennarar, skólaliðar og stuðningsfulltrúar í skipulagðri gæslu.

## Áherslur í skólastarfi

Á skólaárinu voru áherslupættir starfsins á „skapandi skólastarf“ og „fjölbreytta kennsluhætti.“ Vorið 2019 fór Sjálands skóli í ytra mat á vegum Menntamálastofnunar. Matið unnu tveir matsmenn á vegum Menntamálastofnunar fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga. Matið er fyrst og fremst til að styðja skóla við að auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum. Tilgangur matsins er einnig að afla upplýsinga um skólastarf, árangur þess og þróun fyrir fræðslufirvöld, starfsfólk skóla, foreldra og nemendur. Matið er til að tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla. Markmið með ytra matinu er meðal annars að vera hvati til frekari skólaþróunar, að styðja stjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi og efla og styðja innra mat og gæðastjórnun skóla. Þrjú matsþættir voru þungamiðjan í matinu: (1) Stjórnun og forysta, (2) nám og kennsla, (3) vinnubrögð við innra mat. Að ósk skólans var fjórði þátturinn metinn en það var skóli án aðgreiningar. Í október 2019 fékk Menntamálastofnun umbótaáætlun sveitarfélagsins og Sjálands skóla þar sem gerð var grein fyrir umbótum sveitarfélagsins og skólans í framhaldi af skýrslunni. Á skólaárinu hefur verið lögð áhersla á að þróunarvinnu tengt umræddri [umbótaáætlun](#).

Í Sjálands skóla hafa í vetur verið unnin ýmis þróunarverkefni sem meðal annars hafa hlotið styrk úr þróunarsjóði Garðabæjar. Sá sjóður hefur gefið kennurum byr undir báða vængi í að þróast sem fagmenn og styrkja sig enn frekar í starfi. Einnig komu ýmsir fyrirlesarar á kennarafundi og boðið var uppá fjölbreytt fræðsluerindi á skólaárinu. Auk þess voru kennarar ötulir við að sækja endurmenntun til að efla færni sína og starfsþróun. Kennarar skólans sóttu m.a. námskeið um leiðbeinandi kennsluhætti, skyndihjálparnámskeið og KVAN verkfærakistuna.

### Þróunarverkefni skólans á skólaárinu 2019-2020

Þróun skólastarfsins fór fram að mestu samkvæmt áætlun. Ýmis þróunarverkefni voru unnin í Sjálands skóla og eru þau talin upp hér fyrir neðan ásamt stuttum lýsingum á þeirri vinnu sem unnin var. Unnið var jafnt og þétt allan veturinn að eflingu skólastarfsins og má segja að fjölmargir þættir hafi verið í þróun í skólastarfi Sjálands skóla á skólaárinu en áherslan var á vinnu vegna umbótaráætlunar. Það er því óhætt að segja að af mörgu hafi verið að taka í fræðslu og endurmenntun hjá starfsmönnum fyrri hluta skólaársins en eðli málsins samkvæmt setti COVID-19 strik í reikninginn og þurfti að fresta nokkrum verkefnum til næsta skólaárs.

### Innra mat faggreina á miðstigi

Skólinn fékk úthlutað styrk úr þróunarsjóði Garðabæjar vorið 2017. Sjálands skóli hefur gert samning við Háskólann á Akureyri um mat á stærðfræði- og íslenskukennslu í 5.-7.bekk. Upphaflega stóð til að matið yrði gert í nóvember 2019 en vegna aðstæðna sem upp komu var því frestað til apríl 2020. Hápunktur COVID—19 var þegar matið átti að fara fram og var því frestað aftur og nú til haustsins 2020.

### Námsvísar - kennsluáætlanir

Kennarar skólans hafa á skólaárinu unnið að endurbótum námsvísa og kennsluáætlana. Við ytra mats Menntamálastofnunar komu ábendingar um þætti sem betur máttu fara við gerð námsvísa og kennsluáætlana. Allir kennarar skólans komu að uppfærslu og umbótum m.t.t. athugasemda ytra matsins og lauk þeirri vinnu á skólaárinu.

### Atvinnutengt nám á unglíngastigi

Vorið 2018 fékk Sjálands skóli styrk úr þróunarsjóði Garðabæjar sem bar yfirskriftina „Atvinnutengt nám á unglíngastigi“. Markmið verkefnisins er að tengja nemendur á unglíngastigi við atvinnulífið. Þátttakendur fara úr kennslustundum í hverri viku og sækja vinnu í fyrirtækjum sem gerður er samningur við. Í staðinn fá þeir afslátt af námi í bóklegum greinum. Verkefnið er einstaklingsmiðað að þeim nemendum sem óska eftir eða er boðin þátttaka. Helstu hindranir fyrsta skólaárið voru að fá



fyrirtæki til samstarfs. Fyrirtækið Elko samþykkti að taka við nemendum okkar strax á haustmánuðum. Fundur var haldinn á skrifstofu Elko með verkefnisstjórum og verslunarstjóranum. Þar voru lögð drög að verkefnum nemendanna í fyrirtækjunum, nemendur kynntir og sagt hvað hægt væri að ætlast til af þeim. Að því loknu var útbúinn samningur við nemendur og foreldra og skrifað undir. Haustið 2019 var lagt af stað aftur í samstarfi við Elko og stundaði nemandi í 10. bekk þar vinnu vikulega. Við bættist vinnustaðurinn Leikskólinn Sjáland í Garðabæ þar sem nemandi í 10. bekk fékk vinnu 2 tíma í viku við aðstoð í útiveru og hópastarfi inn á deild. Verkefnið gekk vel í vetur og þeir nemendur sem tóku þátt voru ánægðir með fyrirkomulagið. Þátttakendur efldu sjálfsmýnd sína, umhverfislæsi, líðan og sjálfstæði sem skilaði sér beint inn í skólalastarfið. Vegna Covid19 þurftu nemendur að hætta í vinnunni þegar samkomubann var sett á. Nú er verkefninu formlega lokið og lokaskýrsla verður skilað inn í vor 2020. Von okkar er að verkefnið haldi áfram næstu árin í unglingsdeildinni þar sem það hefur gefið góða raun og okkar trú að það sé mikil þörf á svona viðbót við hefðbundið nám.

#### Numicon og Cuisenaire talnastangir

Numicon námsgögnin eru byggð á hugmyndum Catherine Stern og Maria Montessori. Hugmyndin gengur út á að hver nemandi geti unnið á sínum hraða og aukið skilning á stærðfræðinni. Grunnöggnin í Numicon námsgögnunum eru plastform, kubbar, kubbaplötur, Cuisenaire talnastangir, vog, ýmis spil, teningar, handbækur og verkefni.

Numicon og Crusenaire námskeið var haldið fyrir kennara í ágúst 2019 Kennarar fengu fræðslu um hvað liggur á bakvið hugmyndafræðina og fengu þjálfun í að nota gögnin tengd fjölbreyttum verkefnum m.a. reikniáðgerðir, brot, hugtök af ýmsum toga og við innlög á tölustöfum.

#### Jákvætt skólalastarfi

Jákvætt skólalastarfi var einn af áherslupáttum vetrarins. Frá haustinu 2014 var byrjað að innleiða jóga í skólalastarfi Sjálandsskóla. Það hefur verið gert í nokkrum skrefum og er notað í kennslu með markvissum hætti á yngsta- og miðstigi skólans í unglingsdeild er jóga kennt sem valgrein og er mjög eftirsótt af nemendum. Mörg skref hafa verið stigin í innleiðingunni s.s. jóga, núvitund, vinaliðaverkefni, vináttuþjálfun og leiðbeinandi kennsluhættir. Skólinn fékk úthlutað styrk vorið 2019 úr þróunarsjóði Garðabæjar fyrir verkefni sem ber yfirskriftina „Þrautseigja og vaxandi hugarfar“. Kennarar hafa sótt fjölbreytt námskeið á skólaárinu sem er hluti af þeirri þróunarvinnu. Bjartur Guðmundsson hélt námskeið fyrir kennara sem bar yfirskriftina „Óstöðvandi í topp tilfinningalegu ástandi“. Bjartur ætlaði að koma þrisvar sinnum yfir skólaárið í 2,5 klst. í senn. Vegna COVID-19 varð að fresta þriðja námskeiðinu sem átti að vera um miðjan mars. Á námskeiðinu fengu kennarar þjálfun í að virkja afl tilfinninga og verkfæri sem getur haft jákvæð áhrif á alla þætti lífsins.

Í janúar hélt dr. Erla Björnsdóttir fyrirlestur og fræðslu um svefn og svefnvenjur fólks á öllum aldri. En svefn er ein af grunnstöfum andlegs og líkamlegs heilbrigðis.

Áfram verður unnið að þróun og innleiðingu vaxandi hugarfars og þjálfun jákvæðs hugarfars og vinnan tengd samþættingu við fjölbreytt verkefni og námsfög.

#### Blast the plast

Blast the plast er samstarfsverkefni þriggja skóla í þremur löndum. Auk Sjálandsskóla á Íslandi er Marieholmsskolen í Svíþjóð og Alemannenschule í Þýskalandi. Verkefnið er styrkt af Evrópusjóði Erasmus+. Áherslur verkefnisins eru á umhverfismál og þá einkum plast og plastnotkun þátttökulandanna. Nemendur vinna saman að verkefnum sem fela í sér aukna umhverfisvitund, endurnýtingu og endurvinnslu plasts en auk þess eru nemendaheimsóknir til þátttökulandanna hluti af verkefninu. Verkefnið verður unnið yfir tvö skólaár frá hausti 2019 til vors 2021. Í haust tók skólinn á móti nemendum frá Svíþjóð og Þýskalandi. Gestirnir gistu á heimilum nemenda Sjálandsskóla. Í maí

stóð til að þátttakendur í verkefninu hittust í Þýskalandi en vegna Covid-19 þurfti að fresta ferðinni til næsta skólaárs.

#### Notkun snjallforrita við tónsköpun

Sjáländsskóli fékk úthlutað úr þróunarsjóði Garðabæjar styrk fyrir verkefnið „Notkun snjallforrita við tónsköpun“. Verkefnisstjóri er Ólafur Schram tónmenntakennari skólans. Markmið verkefnisins er að nota spjaldtölvur og smáforrit til að kynna nemendum tónsköpun og upptökur þar sem þeir skapa tónlist sem er líklegt að þeir geti litið sem sína. Þá var markmiðið að finna smáforrit sem geta nýst nemendum til að ná hæfniviðmiðum aðalnámskrár sem best enda tengjast mörg þeirra sköpun og notkun tölva og forrita. Í byrjun fór fram rannsóknarvinna verkefnisstjóra þar sem hann skoðaði rannsóknir á notkun tónlistarsmáforrita. Þá voru gert námsefni og útbúnaðar kennsluleiðbeiningar. Í byrjun ársins voru gerðar tilraunir með efnið. Nemendur voru mjög ánægðir og áhugasamir með verkefnið og þótti gagnlegt til að ná fram markmiðum aðalnámskrár. Verkefnið verður í innleiðingu og þróun a.m.k. næsta skólaár.

#### Efling náms- og starfsfræðslu

Sjáländsskóli fékk þróunarstyrk frá Garðabæ árið 2018 til að innleiða GERT verkefnið og auka náms- og starfsfræðslu á unglिंगastigi skólans. Námsráðgjafi er verkefnisstjóri þróunarvinnunnar. Námsráðgjafi fór með nemendur í 10. bekk í tvær starfsheimsóknir í fyrirtæki á skólaárinu 2019-2020. Í heimsóknunum fengu nemendur kynningu á fyrirtækjunum og þeim fjölbreyttu störfum sem þar eru unnin auk þeirrar menntunar sem liggur að baki störfunum. Farið var í tölvuleikjaframleiðandann CCP fyrir áramót og Borgarleikhúsið eftir áramót. Búið var að bóka heimsókn hjá Ölgerðinni en heimsókninni var aflýst af hálfu Ölgerðarinnar skömmu áður en að henni kom án skýringa. Því miður urðu fyrirtækjaheimsóknirnar ekki fleiri þetta skólaárið og hafði samkomubann vegna COVID-19 mikið um það að segja.

Í lok nóvember var haldin svokölluð Starfamesa þar sem forráðamenn og aðrir kynntu störf sín fyrir nemendum unglिंगadeildar á sal skólans. Var þetta annað árið sem slíkur viðburður fór fram. Vel til tókst og var fjallað um viðburðinn á vefnum *Nám og störf* og á vef *Bilgreinasambandsins*. Nemendur í 8. og 9. bekk fóru í starfskynningu í fyrirtæki að eigin vali og voru frá skóla einn dag í lok janúar. Nemendur unnu verkefni þar sem megin markmiðið var að kynna fyrirtækið sem þeir heimsóttu og starfið sem þeir fengu að fylgjast með fyrir samnemendum. Starfskynningarnar sem og Starfamesan eru hugsaðar til að auka víðsýni nemenda og veita þeim innsýn inn í atvinnulífið. Með GERT verkefninu og aukinni náms- og starfsfræðslu eru meiri líkur á því að nemendur séu betur í stakk búnir að taka upplýsta ákvörðun um áframhaldandi nám og störf að loknu grunnskólanámi og ávinningurinn því ótvíræður.

#### Að hugsa út fyrir boxið

Vorið 2019 hlaut Sjáländsskóli styrk úr þróunarsjóði Garðabæjar sem bar yfirskriftina „Að hugsa út fyrir boxið“. Verkefnið er hugsað fyrir nemendur sem eru með hegðunarvanda eða með skólaforðun. Verkefnið er hugsað sem forvörn og uppbygging fyrir nemendur með fjölbreyttan vanda. Markmið verkefnisins er að styrkja jákvæða hegðun nemenda, að nemendur upplifi sjálfa sig á jákvæðan máta, að nemendur upplifi jákvæðar tilfinningar við uppbyggileg verkefni, að nemendur kynnist nýjum styrkleikum og að kynna fyrir þeim fjölbreytt tómtundaúrræði. Í byrjun nóvember var farið af stað með fyrsta hópinn sem samanstóð af átta nemendum. Samsetning hópsins breyttist nokkuð á tímabilinu og í lokin voru sex nemendur í úrræðinu sem fékk vinnuheiðið Skjólíð. Settar voru upp einstaklingsmiðaðar stundatöflur og bætt við tónmenntakennslu og hreyfingu. Nemendur fylgdu sínum árgöngum að hluta til en voru í Skjólínu að hluta til. Verkefnið gekk mjög vel og nemendur náðu ánægjulegum árangri. Vegna COVID-19 hætti verkefnið í mars. Stefnt er að því að þróa áfram Skjólíð á næsta skólaár.

## Símenntun starfsmanna

Það er af ýmsu að taka varðandi símenntun starfsmanna en í boði voru fjölbreytt námskeið, fyrirlestrar og ýmiss fróðleikur sem kennarar gátu nýtt sér yfir skólaárið.

Fræðsluerindi og námskeið fyrir hluta eða alla grunnskólakennara/starfsmenn skólans

- Svefn og svefnvenju. Fyrirlesari: Dr. Erla Björnsdóttir.
- Skyndihjálp. Kennari Ólafur Grettisson.
- Lestrarkennsluaðferðin PALS (fyrir þá sem eiga námskeiði ólokið).
- Leið til læsis (fyrir þá sem eiga námskeiði ólokið).
- KVAN – verkfærakistan. Leikir og nálgun við vináttuþjálfun. Upprifjun í ágúst 2019. Kennari: Vanda Sigurgeirsdóttir
- KVAN grunnnámskeið fyrir kennara í Garðabæ.
- Í topp tilfinningarlegu ástandi. Fyrirlesari Bjartur Guðmundsson.
- Numicon og Cuisenaire talnannámskeið. Haldið í Sjálandsskóla í ágúst 2019. Fyrirlesari Kristín Wallis.
- Námskeið um velferð barna. Haldið fyrir starfsfólk leik- og grunnskóla í Garðabæ.
- Nokkur örnámskeið tækninámskeið voru haldin í skólanum
  - Google classroom
  - Þrívíddarprentarar
  - OSMO og Ipad (grunnur)
  - OSMO teikniforrit
  - Blue-Bpt fprrotimarfæigir
  - Vínilskerri og límmiðaprentun
  - Þrívíddarteikning (Thiknercad) og 3D prentun
  - Makey Makey og einfaldar rafrásir

## Vettvangsferðir og uppbrotsdagar

Farið var í ýmsar vettvangs- og skoðunarferðir á skólaárinu. Ýmist fóru umsjónarkennarar í ferðir með sína bekki á útikennsludögum en einnig voru skipulagðar nokkrar ferðir sem farnar eru árlega og allir árgangar taka þátt í.

Gróðursetningarferð í Guðmundarlund

Ein þessara ferða er gróðursetningarferð í Guðmundarlund þar sem allir nemendur skólans og starfsfólk áttu saman dag í lundinum. Skólinn fékk úthlutað landsvæði hjá Skógrækt Garðabæjar í Sandahlíð og hefur frá upphafi skólans farið árlega í slíka ferð. Það má áætla að nemendur og starfsfólk Sjálandsskóla hafi gróðursett um 5000 plöntur frá upphafi. Farið var með alla nemendur skólans í gróðursetningu á birkiplöntum í Sandahlíð fimmtudaginn 5. september. Nemendum skólans var skipt í nokkra smærri hópa eftir aldri í gróðursetningu og þeir sem eftir voru höfðu nóg fyrir stafni í leik. Í hádeginu voru grillaðar pylsur frá Skólamat. Dagurinn heppnaðist í alla staði vel enda veður með eindæmum gott þennan dag.

Skíðaferð Sjálandsskóla

Árleg skíðaferð Sjálandsskóla í Bláfjöll var á dagskrá 18. og 20. mars. Í annað sinn í sögu skólans var ekki hægt að fara með nemendur í skíðaferð, fyrsta skipti var vegna veðurs en nú vegna COVID-19. Nemendur í unglingsdeild áttu að fara með félagsmiðstöðinni Klakanum árlega ferð til Dalvíkur dagana 17.-20. mars en af sömu ástæðum var ferðin felld niður.

Morgunsöngur

Morgunsöngur er fastur liður í upphafi skóladags nemenda í fyrsta til sjöunda bekk. Hvern morgun eru sungin tvö lög sem tónmenntakennari velur. Markmið morgunsöngsins er einkum að nemendur kynnist og syngi fjölbreytt lög, allt frá íslenskum þjóðlögum til nýjustu eurovision laganna auk þess sem áhersla er á árstíðabundin lög og lög sem tengjast tilteknum dögum t.d. degi íslenskrar tungu og sumardegnum fyrsta. Í morgunsöng þjálfast nemendur einnig í að koma saman og hlusta á fyrirmæli. Slík samkoma eflir samkennd hópsins og er góð leið til að koma upplýsingum á framfæri þegar þörf er á. Morgunsöngur hefur auk þess verið nýttur til að gefa nemendum tækifæri til að koma fram og hafa

flestir nemendahópar yngsta- og miðstigs komið fram í morgunsöng með einhverskonar atriði. Í upphafi hvers mánaðar eru Afmælisvísur Atla Heimis Sveinssonar og Þórarins Eldjárn sungnar fyrir afmælis börn nýs mánaðar. Þá hafa rithöfundar og tónlistarmenn komið í heimsókn í morgunsöng. Í vetur komu t.d. rithöfundarnir Gunnar Helgason og Ævar vísindamaður. Í desember bauð foreldrafélag skólans upp á skemmtiatriði en leikarar frá Listaháskólanum skemmtu nemendum. Þá kom Unnur Ösp leikkona sem er móðir í skólanum og las fyrir nemendum söguna Ástarsaga úr fjöllunum.

#### Kór Sjálandsskóla

Kór fyrir nemendum á miðstigi hefur verið starfræktur við skólann undanfarin tólf ár. Kórin æfir einu sinni í viku, klukkustund í senn. Fastir liðir í starfi kórsins eru jólatónleikar, vortónleikar, söngur á jólaskemmtun og skólaslitum. Auk þess heldur kórin reglulega vídeókvöld þar sem hópurinn þjappar sér saman og horfir á tónlistarmynd. Á vordögum fer kórin alla jafna á kóramót en að þessu sinni var það fellt niður á skólaárinu vegna COVID-19.

#### Tyllidagar

Hefðbundið skólastarf var brotið upp með ýmsum uppákomum yfir allan veturinn. Einu sinni í mánuði vorum við með mismunandi uppákomur sem bæði nemendum jafnt og starfsfólk tóku þátt í. Má þar nefna bleikan dag, rauðan dag, náttfatadag, lopapeysu og fatarugldag, bláan dag, hár og hattadag. Einnig var haldin vinavika þar sem unnið var með vináttuna en sú vika var á sama tíma og forvarnavika Garðabæjar. Dagur íslenskrar tungu var haldinn hátíðlegur og unnu nemendum fjölbreytt verkefni í tengslum við daginn. Þá fengu nemendum í unglingsdeild rithöfund í heimsókn.

#### Vorleikar

Í Sjálandsskóla voru haldnir vorleikar 5. júní 2019 frá kl. 8:30-13:30/50. Allir árgangar í 1.-9. bekk tóku þátt. Fjölbreytt verkefni voru á 22 stöðvum sem tengdust sköpun og hreyfingu, áætlaðar voru 10 mínútur á hverri stöð. Í hópnum voru 10-14 nemendum. Elstu nemendum í hverjum hópi voru hópstjórar, þeir sáu um að halda hópnum saman og báru ábyrgð á að hópurinn færi á rétta stöð. Starfsmenn völdu sér verkefni til að vera með á svæðunum, sáu um að taka til dót sem þurfti og ganga frá því eftir notkun. Vorleikarnir gengu mjög vel í alla staði og ánægjulegt að sjá hversu mikla ábyrgð eldri nemendum tóku á yngri nemendum.

#### Þrauta og leikjadagur

Leikja og þrautadagurinn var haldinn miðvikudaginn 2. október á milli 8.20 og 12.10. Eftir hádegi var Ólympíuhlaup ÍSÍ. Nemendum mættu á sitt heimasvæði kl 8:15 þar sem umsjónakennarar tóku á móti þeim og númeruðu. Nemendum hittu hópinn sinn og fóru svo á fyrstu stöðina. Fyrsta stöðin var tvöföld þar sem farið var í nafnaleiki. Nemendum fóru á milli stöðva kl 8.45-12.10. Þær þrautir og leikir sem farið var í: Hindranabraut, mennskur hnútur og hlúllahringur, sardínuleikur, haustverkefni, hjálp, frost og sól, mottan, hákarlar í vatninu, lost leikurinn, dauð ljón og það sem við heyrum. Frá 12.50-13.30/40 var Ólympíuhlaup ÍSÍ þar sem nemendum og starfsfólk sem vildi hljóp saman. Hringurinn var 2 km og nemendum voru hvattir til að hlaupa eins oft og þeir gátu.

#### Samantekt og mat á skólastarfinu

Fimmtánda starfsár Sjálandsskóla var afar farsælt þrátt fyrir töluvert breytt skólalald á tímum COVID-19. Skólinn náði góðum árangri í starfi sínu en fjölmörg verkefni sem varða nemendasamsetningu og aðstæður í starfshópnum reyndust krefjandi viðfangsefni.

Sjálandsskóli er heilsueflandi skóli og var þátttakandi í ýmsum verkefnum tengdum hreyfingu eins og undanfarin ár. Fjölmörg verkefni voru unnin sem snúa að hreyfingu s.s. þrauta og leikjadagur að hausti sem haldinn var fyrir allan skólann. Haldinn var íþróttadagur að hausti. Þá voru haldnir vorleikar sem stóðu yfir í tvo daga í lok skólaársins. Þá var útivist og hreyfing samofin öllu skólastarfinu í tengslum við útikennsluna.

Öðrum hefðbundnum dagskrárliðum var aflýst vegna Covid-19. Má þar fyrst nefna innilegun sem hefur verið hluti af skólastarfi Sjálandskóla frá upphafi. Haft var samráð við kennara og foreldrafélag við ákvarðanatökuna. Ástæða var talin til að sleppa innilegu á þessu sinni og gerð yrði endurskoðun á fyrirkomulaginu í kjölfarið fyrir komandi ár.

Nokkuð var um gesti á skólaárinu sem komu til að kynna sér skólastarfið. Það var samdóma álit allra hópanna að skólastarfið einkenndist af gleði, áhuga, iðni og vellíðan jafnt starfsfólks sem nemenda.

Margir hópanna vildu kynna sér starfið á unglíngastigi, skólastarf í opnu húsnæði, teymiskennslu, valnámskeið og þemakennslu.

## Samstarf heimilis og skóla

### Samstarf kennara og foreldra

Árangursríkt skólastarf byggir á góðri samvinnu og gagnkvæmu trausti heimilis og skóla. Það er mikilvægt að rækta þennan þátt enda eru foreldrar sterkasti mótunaraðili barna sinna.

Rannsóknir sýna að börn sem alast upp við jákvætt viðhorf heimilis til skólans standa sig yfirleitt betur í námi. Í Sjálandsskóla hefur ávallt verið lögð mikil áhersla á samvinnu og upplýsingaflæði milli heimilis og skóla. Einnig hafa ýmsir viðburðir verið skipulagðir eins og leiksýningar og aðrir viðburðir með það að markmiði að sýna foreldrum brot af skólastarfinu.

Viðvera kennara í Sjálandsskóla er frá kl 8:00 - 16:00 mánudaga – fimmtudaga, á föstudögum þá er viðferan frá 8:00 - 14:30. Foreldrar hafa góðan aðgang að kennurum, þeir geta sent póst á netföng starfsmanna sem þeir svara eftir að kennslu lýkur á daginn. Forráðamenn geta hitt kennara með því að hafa samband við þá og sammælt um fundartíma. Kennari getur ekki fundað með foreldrum fyrirvaralaust ef hann er í kennslu.

Skólaboðunardagur var haldinn 22. ágúst en þá hittu nemendur kennara sína með forráðamönnum. Nemenda- og foreldraviðtalsdagur var haldinn 29. október og 5. febrúar, þeir voru notaðir til að fara yfir námslega stöðu, líðan nemenda í skóla og samskipti.

### Foreldraheimsóknir

Fjölmargir foreldrar komu reglulega í morgunsöng og einnig var fjölmenni á viðburðum og á skipplögðum samkomum í byrjun skóladags. Allir nemendahópar stigu á stökk að minnsta kosti einu sinni yfir skólaárið og fluttu leikrit, kynningar, sýndu dans eða aðrar uppákomur. Þá er orðin rík hefð að bjóða foreldrum á kynningar sem tengjast þeim og var engin undantekning á því þetta skólaár. Markmið skólans er að allir nemendur komi fram a.m.k. einu sinni í morgunsöng á hverju skólaári. Flestir nemendur komu fram mun oft en það. Eftir 16. mars var skólanum lokað og foreldrar beðnir um að virða þá lokun út skólaárið.

### Skólaráð

Skólaráð starfar samkvæmt 8. gr laga nr. 91/2008. Í reglugerð um grunnskóla kemur fram að við grunnskóla skal starfa skólaráð sem er starfsvettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins um skólahald. Skólastjóri situr í skólaráði og stýrir starfi þess. Auk skólastjóra skulu sitja í ráðinu aðstoðarskólastjóri, tveir fulltrúar foreldra, tveir fulltrúar kennara, einn fulltrúi annars starfsfólks skólans, tveir fulltrúar nemenda og einn fulltrúi grenndarsamfélagsins.

Skólaárið 2019-2020 sátu í skólaráði Sjálandsskóla, Edda Björg Sigurðardóttir skólastjóri, Sesselja Þóra Gunnarsdóttir aðstoðarskólastjóri sem var ritari ráðsins. Fulltrúar nemenda voru þær María Kristveig Björnsdóttir og Bergdís Valdimarsdóttir. Fulltrúi foreldra voru Arna Friðriksdóttir og Hjörtur Jónsson. Fulltrúar kennara voru Guðrún Dóra Jónsdóttir og Elfa Hrönn Friðriksdóttir, fulltrúi starfsfólks var Særún Sigurjónsdóttir og fulltrúi grenndarsamfélagsins var Tómas Þór Jacobsen.

Ráðgert var að halda fjóra fundi á skólaárinu sem boðaðir voru strax í upphafi skólaársins og gekk það eftir. Helstu verkefni skólaráðs á skólaárinu voru m.a. umfjöllun um skóladagatal, rekstraráætlun, starfsáætlun, skólaeign, reglur um snjalltæki o.fl. Þá var einnig fjallað um félagslíf, agamál og starfsmannahald.

### Foreldrafélag Sjálandsskóla

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 segir að við grunnskóla skuli starfa foreldrafélag. Skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun þess og honum er einnig falið að sjá til þess að komið sé á samstarfi milli skóla og foreldra. Hlutverk foreldrafélags er að styðja við skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla. Foreldrafélag Sjálandsskóla hefur sett sér starfsreglur, t.a.m. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu um fulltrúa í skólaráði. Í stjórn foreldrafélagsins sitja fimm fulltrúar foreldra. Þeir

eru kosnir á aðalfundi. Stjórn foreldrafélags Sjálandsskóla fundar á 6-8 vikna fresti, auk þess sem ýmis samskipti fara fram á rafrænan hátt.

Á aðalfundi foreldrafélags Sjálandsskóla þann 2. október 2019 var kosið í stjórn. Einn nýr meðlimur kom inn í stjórn félagsins en það var Sigríður Hrönn Halldórsdóttir. Arna Friðriksdóttir, Eva Rós Stefánsdóttir, Jónína Snorradóttir og Hjörtur Jónsson voru endurkjörin, en Ásta Kristjánsdóttir sagði af sér stjórnarsetu. Auk hefðbundinna aðalfundarstarfa voru samþykktar allmargar breytingar á lögum félagsins.

Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar var skipað í stjórnarstöður félagsins. Einnig var rætt um almennt öryggi á skólasvæði sem og umferðaröryggi í kringum skólann, ekki síst þær áætlanir um að nýta bílastæði skólans fyrir veitingastað sem þá var í byggingu við hlið skólans. Talsvert var unnið að bættu umferðaröryggi á skólaárinu, sem ráðgert er að vinna áfram að á næsta skólaári. Ekki var innilega að þessu sinni, en foreldrafélagið bauð upp á ýmis skemmtiatriði fyrir nemendur og foreldra á skólaárinu.

Markmið foreldrafélagsins er að efla samstarf heimila og skólans þannig að það leiði af sér öflugra skólastarf með heill nemenda að leiðarljósi. Einnig er það samstarfsvettvangur foreldra til samráðs um það sem brennur á foreldrahópnum hverju sinni.

Fyrir hönd stjórnar foreldrafélags Sjálandsskóla,

Arna Friðriksdóttir, formaður

## Ýmsar skýrslur

Í þessum kafla eru skýrslur umsjónarkennara í öllum árgöngum. Skýrslurnar eru allar byggðar upp með sama hætti. Fjallað er um helstu áherslur árgangsins, skipulag kennslu, námsmat, útikennslu/vettvangsferðir og þemu ásamt mati á skólastarfinu í heild. Í öllum tilvikum er vísað í kennsluáætlanir bekkja en allar kennsluáætlanir liggja á vef Sjálandsskóla undir námið- kennsluáætlanir.

### Skýrsla umsjónarkennara í 1. bekk

Í 1. bekk voru 27 nemendur, 9 stúlkur og 18 drengir. Bekknum var skipt upp í tvo hópa 1.SI og 1.IK. Umsjónarkennari 1.SI (15 nemendur) var Svanhildur M. Ingvarsdóttir. Umsjónakennari 1.IK (12 nemendur) var Ingveldur Karlsdóttir en þar sem hún er í 49% ráðningarhlutfalli kenndi Jóhanna E. Magnúsdóttir leikskólakennari á móti henni. Stuðningsfulltrúar voru Margrét Líndal Steinþórsdóttir og Níels Almar Sveinsson. Ingunn Þóra Hallsdóttir sérkennari var með íslenskuþjálfun fyrir þá nemendur sem eru tvítengdir eða höfðu búið erlendis. Fram að Covid 19 samkomubanninu kom hún líka að íslenskukennslu tvær kennslustundir á viku. Sigrún Lilja Traustadóttir þroskaþjálfari kom að hópnum. Aðrir kennarar sem kenndu hópnum voru Guðrún Dóra Jónsdóttir í myndmennt, Fríða Agnarsdóttir hönnun og smíði, Hrafnhildur Sævarsdóttir kenndi sund, Davíð Örvar Ólafsson kenndi íþróttir, Silja Kristjánsdóttir kenndi textílmenn, Sólveig K. Engilbertsdóttir kenndi leiklist, Ólafur Schram kenndi tónmennt og Anna Jóna Sigurðardóttir heimilisfræði.

21. september fer Svanhildur M. Ingvarsdóttir í veikindaleyfi. Ingveldur Karlsdóttir tók við hennar umsjónarhópi en Jóhanna E. Magnúsdóttir hafði þá umsjón með 1. IK. Í nóvember kom í ljós að Svanhildur yrði í veikindaleyfi fram yfir áramót og var þá Gréta Björg Egilsdóttir ráðin inn og tók við 1.SI. Svanhildur kemur aftur til starfa 1.febrúar en fer í leyfi 11.mars og í framhaldi af því fer hún í 14 daga sóttkví vegna Covid 19 veirunnar. Ingveldur tekur þá aftur við umsjónarhópnum hennar en Jóhanna Magnúsdóttir hafði umsjón með 1.IK

### Skipulag kennslu

Stuðst var við fjölbreyttar kennsluáferðir en hlutbundin vinna, leikir, leitarnám, uppgötvunarnám og skapandi vinna voru þær aðferðir sem voru helst notaðar ásamt því að áhersla var lögð á einstaklingsmiðað nám. Útikennsla var í hverri viku 2-3 kennslustundir. Mikil áhersla var lögð á að nemendur tileinkuðu sér sjálfstæði í vinnubrögðum. Unnið var út frá sterkum hliðum hvers einstaklings og námið byggt upp út frá þeim. Í upphafi dags voru viðfangsefni dagsins rædd og fengu nemendur þar stöðuga endurgjöf kennara á samskipti, framkomu og almennt gengi hópsins. Þemun sem tekin voru fyrir í ár voru skólabyrjun, fjaran, veðrið, jólaleikrit, Dýrin í Hálsaskógi og tröll. Í þemavinnu unnu nemendur ýmist í hópum eða í einstaklingsvinnu við ýmis mismunandi verkefni og voru nemendur virkir í þeirri vinnu. Nemendahópurinn blandaðist mikið á milli greina og nemendur voru í mörgum hópum með mismunandi krökkum, það var gert með það að markmiði að þau myndu kynnast öllum krökkunum vel. Sætaskipan var líka ákveðin með það í huga að börnin myndu kynnast sem flestum og þau myndu breyta um vinnuumhverfi reglulega.

Kennsluáætlanir 1. bekkjar má sjá á vef Sjálandsskóla. Kennsluáætlanir í íslensku, stærðfræði og þema gengu að mestu leiti upp.

### Námsmat

Námsmat var birt í Námfús í janúa og júní. Lögð var fyrir stafa/lestrarönnun í ágúst og síðan voru nemendur lestrarprófaðir með lesfimisprófum frá mms september, janúar, og maí. Námsmat var unnið samhliða þeim verkefnum sem unnin voru og voru viðmiðin í samræmi við markmið greinarinnar í *Aðalnámsskrá grunnskóla*. Kannanir voru lagðar reglulega fyrir til þess að meta



nemendur og kynna fyrir þeim hvernig próf fara fram. Einnig var þema metið með tilliti til vandvirkni, áhuga og samvinnu.

#### Útikennsla/ vettvangsferðir

Útikennsla var meðal annars tengd við þemu, þannig að unnið var með markmið úr viðkomandi þema úti. Reynt var að hafa útiverkefni fjölbreytt og nálgast þannig sem flest markmið *Aðalnámsskrár grunnskóla*. Útikennslan tókst yfirleitt vel og voru börnin mjög áhugasöm fyrir þeim verkefnum sem fyrir þau voru lögð. Hópurinn fór í margar ferðir. Farið var m.a. í gróðursetningarferð í Guðmundarlund og hjóla- og gönguferðir. Vorferð var farin að Hvaleyrarvatni í Hafnarfirði. Ferðirnar gengu mjög vel, nemendur voru áhugasamir og fóru eftir settum reglum hverju sinni.

#### Þema

Í skólabyrjun var farið í þema um skólareglurnar, umhverfið í kringum skólann og starfsfólk. Markmið þemans var að nemendur kynntust sem best nýja skólanum sínum í upphafi skólaársins og gætu fundið sig örugga í nýjum umhverfi. Næsta þema var veðrið en þá fylgdust nemendur með veðrinu daglega og skráðu niðurstöður. Unnin voru ýmis verkefni á heimasvæði og í útikennslu. Afrakstur þemans var veðurbók með 8 blaðsíðum. Jólaleikritið Jólaveinavísur Jóhannesar úr Kötlum var æft með 2. bekk. Leikritið var sýnt í desember fyrir nemendur Sjálandsskóla og foreldra. Strax eftir áramótin var svo farið að æfa leikritið Dýrin í Hálsaskógi með 2. bekk. Lokaafurð þemans var leiksýning sem sýnd var öllum nemendum Sjálandsskóla í 1.-7. bekk og einnig foreldrum. Í tröllapema átti að gera tröll úr steinum og tröllahellir en vegna Covid 19 gerðu nemendur klippi-tröllamyndir og settu á vegg á heimasvæði. Síðasta þemað átti að vera náttúran og smádýr og átti þá að vinna ýmis verkefni meðal annars gróðursetja fræ, rannsaka smádýr og fleira en vegna Covid 19 féll þetta þema niður.

#### Lífsleikni/Bekkjjarfundir

Farið var í verkefni og klípusögur sem eru í lífsleikniverkefninu Vinátta. Fundir um Blæ voru reglulega og þegar þörf var á. Einnig voru bekkjarfundir haldnir og ágreinismál leyst þegar þörf var á.

#### Skemmtanir og félagslíf

Bekkjjarfulltrúar héldu hrekkjavökuball í lok október. Foreldrum var boðið á sýningu barnanna um Jólaveinavísur Jóhannesar úr Kötlum í desember og á leikritið um Dýrin í Hálsaskógi í febrúar.

#### Nýbreytni/ þróunarstarf

Við vorum í samstarfi við leikskólann Sjáland þar sem við hittumst nokkrum sinnum yfir veturinn. Skólakjarni kom að meðaltali einu sinni í mánuði og 1. og 2. bekkur las fyrir börnin á bókasafninu þar sem þau fengu síðan að lesa og skoða bækur. Við buðum þeim í jólaföndur, í íþróttir, tónmennt og listir. Samstarfið féll niður eftir að samkomubann tók gildi og var engin samvinna það sem eftir var af skólaárinu. Þó komu tilvonandi nemendur í 1. bekk í heimsókn í skólann og kynntust núverandi nemendum í 1. bekk. Samstarfið gekk mjög vel og var sérstaklega vel lukkað af fá að lesa á bókasafni Sjálandsskóla þar sem tekið var mjög vel á móti hópnum.

#### Foreldrasamstarf

Gott samstarf var á milli foreldra og kennara. Kennarar sendu út vikuleg fréttabréf í tölvupósti. Foreldrum var birt námsmat í námfús í janúar og júní. Haldin var námskynning í byrjun skólaárs og formleg foreldraviðtöl voru þrisvar yfir veturinn. Ekki hafa verið auglýstir sérstakir viðtalstímar en foreldrar voru alltaf velkomnir í skólann til viðræðna við kennara og einnig var tölvupóstur og sími notaður í samskiptum.

#### Mat á starfi vetrarins

Starfið í vetur gekk almennt vel. Nemendahópurinn var góður og tókst að vinna þau verkefni sem lagt var upp með í upphafi í íslensku og stærðfræði. Nemendum gekk vel að vinna saman og er þetta

samheldinn hópur. Mikil áhersla var lögð á grunnfærni í lestri og gekk það almennt vel. Námsárangur var að jafnaði góður og stóðu nemendur sig vel í allri vinnu jafnt utandyra sem innan.

#### Ástundun

Fjöldi veikindadaga í 1. bekk skólaárið 2019-2020 voru 120 dagar og 11 stundir. Leyfis dagar voru 54 og 82 stundir. Nemendur voru fjarverandi 33 stundir á skólaárinu. Seinkomur voru 94.

Fjöldi daga í sóttkví að ósk foreldra v/covid voru 58 dagar

#### Skólastarf á tímum Covid 19

Þegar boðað var til samkomubanns breyttist ýmislegt hvað varðar nám nemenda í 1. bekk. Ekki var um neina samkenndu milli bekkjanna að ræða þar sem nemendur urðu að halda sig í ákveðnum hólfum og máttu ekki blandast. Þá féll niður hefðbundin stundaskrá.

Nemendur í 1. SI komu í skólann klukkan 9:00 og fór kennslan fram á svæði 1. bekkjar. Kennslu lauk klukkan 13:00 en þá tók starfsemi Sælukots við. Nemendur voru á 1. bekkjar svæðinu þar til þeir fóru heim klukkan 16:00.

Nemendur 1.IK komu 8:45 og fór kennslan fram á svæði 2. bekkjar. Kennslu lauk klukkan 12:45 en þá tók starfsemi Sælukots við. Nemendur voru á því svæði þar til þeir fóru heim klukkan 16:00.

Ingveldur Karlsdóttir kenndi 1.SI þar sem Svanhildur M. Ingvarsdóttir var í sóttkví. Sigrún Lilja Traustadóttir Þroskaþjálfari var henni til aðstoðar. Jóhanna E. Magnúsdóttir kenndi 1.IK ásamt Guðrúnu Dóru Jónsdóttur myndmenntakennara. Stuðningur hjá 1.SI voru Gunnar Dan Hlynsson og Tinna Líf Davíðsdóttir en stuðningur hjá 1.IK voru Rakel Hanna Guðjónsdóttir, Níels Almar Sveinsson og Oddur Friðriksson. Helgi Guðjónsson bættist í stuðningshópinn þegar Níels Almar Sveinsson fór í veikindaleyfi. Helgi Guðjónsson var með hópnum þar til eðlilegt skólastarf hófst.

Þegar Svanhildur kom aftur til kennslu eftir sóttkví tók hún við sínum umsjónarhóp. Ólafur Schram tónmenntakennari bættist við til að aðstoða með hópinn og Níels Almar Sveinsson bættist við í stuðningshópinn hennar. Ingveldur Karlsdóttir fór þá í sinn umsjónarhóp.

Þegar nemendur mættu í skólann var lögð áhersla á handþvott og sprittun. Síðan var íslenskutími og eftir hann var nestisstund.

Eftir nesti var útivist.

Þegar nemendur komu inn var handþvottur og sprittun

Síðan var unnið í þema og stærðfræði fram að hádegismat.

Eftir handþvott og sprittun var hádegismatur

Starfsemi Sælukots hófst þegar nemendur fengu hádegismat.

Nemendur komu með nesti og hádegismat að heiman og einnig síðdegishressingu til að hafa í Sælukoti.

Þegar starfsemi Sælukots hófst fóru kennarar heim í undirbúning.

Eftir breytingu á samkomubanninu fóru kennarar heim í undirbúning klukkan 12:00 í staðinn fyrir 13:00 áður og hélst sú tímasetning þar til eðlilegt skólahald hófst 4.maí.

#### Skýrsla umsjónarkennara í 2. bekk

Í 2. bekk voru 19 nemendur, 14 stúlkur og 5 drengir. Í apríl flutti einn drengur í annan skóla. Umsjónarkennari var Anna Jóna Sigurðardóttir, Sólveig K. Engilbertsdóttir var leiðbeinandi. Stuðningsfulltrúar voru Aníta Ýr Fjölfnisdóttir, Hulda Þórunn O. Þóroddsdóttir og Þórdís Dóra Jakobsdóttir síðustu vikurnar. Aðrir kennarar sem kenndu hópnum voru Guðrún Dóra Jónsdóttir í myndmennt, Fríða Agnarsdóttir kenndi hönnun og smíði, Silja Kristjánsdóttir kenndi textílmennt, Ólafur Schram kenndi tónmennt, Davíð Örvar Ólafsson kenndi íþróttir og Hrafnhildur Sævarsdóttir kenndi sund. Ingunn Þóra Hallsdóttir sérkennari, Sigrún Lilja Traustadóttir Þroskaþjálfari og Rósa Siemsen námsráðgjafi komu einnig að hópnum.

## Skipulag kennslu

Unnið var út frá hugmyndum um einstaklingsmiðað nám. Stuðst var við fjölbreyttar kennsluaðferðir en hlutbundin vinna, leikir, leitarnám, uppgötvunarnám og skapandi vinna voru þær aðferðir sem voru helst notaðar. Útikennsla var í hverri viku í 3 kennslustundir. Mikil áhersla var lögð á að nemendur tileinkuðu sér sjálfstæði í vinnubrögðum. Unnið var út frá sterkum hliðum hvers einstaklings og námið byggt upp út frá þeim. Í upphafi dags voru viðfangsefni dagsins rædd og fengu nemendur þar stöðuga endurgjöf kennara á samskipti, framkomu og almennt gengi hópsins. Þemur sem tekin voru fyrir í ár voru: skólabyrjun og umferðarreglur, veður, vinavika, jólaleikrit, Dýrin í Hálsaskógi, líkaminn og land og þjóð. Í þemavinnu unnu nemendur ýmist í hópum eða í einstaklingsvinnu við ýmis mismunandi verkefni og voru nemendur virkir í þeirri vinnu. Sætaskipan var ákveðin með það í huga að börnin myndu kynnast sem flestum og þau myndu breyta um vinnuumhverfi reglulega.

Stærðfræði og íslenska var unnin samkvæmt áætlun. Rósa námsráðgjafi kom inn á bekkjarfundi í nokkur skipti og vann með kennurum að því að efla bekkjarandann og sá um hugleiðslu og slökun.

[Kennsluáætlanir](#) má sjá á vef Sjálandsskóla. Kennsluáætlanir í íslensku, stærðfræði og þema gengu að mestu leiti upp. Áætlað var að fara í ensku á vorönn en það datt upp fyrir vegna covid – 19. Kennsluáætlun í upplýsingatækni riðlaðist vegna covid – 19, en farið var yfir allt efni en á styttri tíma en áætlað var.

## Námsmat

Námsmat var birt í Námfús í janúar og júní. Nemendur voru lestrarprófaðir í september, janúar og maí. Námsmat var unnið samhliða þeim verkefnum sem unnin voru og voru viðmiðin í samræmi við markmið greinarinnar í *Aðalnámsskrá grunnskóla*. Kannanir voru lagðar reglulega fyrir í íslensku og stærðfræði. Einnig var þema metið með tilliti til vandvirkni, áhuga og samvinnu.

## Útikennsla/ vettvangsferðir

Útikennsla var m.a. tengd við markmið íslensku, stærðfræði, þemu og heimilisfræði, þannig að unnið var með hin ýmsu markmið sem hentaði betur að kenna úti. Reynt var að hafa útiverkefni fjölbreytt og nálgast þannig sem flest markmið aðalnámsskrár grunnskóla. Lögð var mikil áhersla á samvinnu og að taka tillit til annarra nemenda í útikennslunni í ár. Útikennslan tókst yfirleitt vel og voru börnin mjög áhugasöm fyrir þeim verkefnum sem fyrir þau voru lögð. Það bar þó á því að sumir nemendur kæmu ekki í fatnaði í samræmi við veður.

Hópurinn fór í fjölmargar ferðir. Farið var m.a. í gróðursetningarferð í Guðmundarlund, Gálgahraun, hjólaferðir, sleðaferð, Jötunheima, Bessastaði og bæjarferð til Reykjavíkur. Vorferð var farin að Hvaleyrarvatni. Ferðirnar gengu yfirleitt mjög vel, nemendur voru áhugasamir og fóru eftir settum reglum hverju sinni.

## Lífsleikni/ bekkjarfundir

Í lífsleikni var unnið með *Vináttu* sem er forvarnarverkefni Barnaheilla gegn einelti. Tilgangurinn með vináttu verkefninu er að fyrirbyggja einelti með því að móta góðan skólabrag, eiga góð samskipti og hafa jákvæð viðhorf til allra í hópnum. Bangsinn Blær er táknmynd vináttunnar í verkefninu og voru allir nemendur með sinn bangsa sem þeir geymdu í skólanum. Með klípusögum, umræðum og nuddi lærðu börnin um gildi vináttu með aðstoð frá bangsanum Blæ. Einnig voru haldnir bekkjarfundir reglulega yfir veturinn. Í lífsleikni var einnig unnið með efni frá Kvan í samstarfi við Rósu námsráðgjafa.

## Skemmtanir og félagslíf

Bekkarfulltrúar héldu hrekkjavökuball í lok október með 1. bekk. Foreldrum var boðið á sýningu barnanna um Jólasveinavísur Jóhannesar úr Kötlum í desember og á leikritið um Dýrin í Hálsaskógi í febrúar.

## Nýbreytni/ þróunarstarf

Í upplýsinga- og tæknimennt var nemendum kenndur grunnurinn að forritun og sýndu nemendur mikinn áhuga á því.

Á haustönn 2018 var byrjað að vinna með Vináttuverkefni Barnaheilla en tilgangurinn með vináttu verkefninu er að fyrirbyggja einelti með því að móta góðan skólabrag, eiga góð samskipti og hafa jákvæð viðhorf til allra í hópnum.

Við tókum þátt í *brúum bilið* með 1. bekk sem er samstarfsverkefni á milli leik- og grunnskóla. Skólakjarni leikskólans Sjálands kom í Sjálandsskóla tvisvar sinnum í mánuði og hlustaði á nemendur í 2. bekk lesa sögu þar sem 1. bekkur sýndi myndir. Einnig buðum við skólakjarna í jólaföndur, listgreinastofur, tónmennt og íþróttir.

#### Foreldrasamstarf

Gott samstarf var á milli foreldra og kennara. Kennarar sendu út vikuleg fréttabréf í tölvupósti. Foreldrum var birt námsmat í námfús í desember og júní. Haldin var námskynning í byrjun skólaárs og formleg foreldraviðtöl voru tvisvar yfir veturinn.

Ekki voru auglýstir sérstakir viðtalstímar en foreldrum var alltaf velkomið að hafa samband við kennara.

#### Mat á starfi vetrarins

Starfið í vetur gekk almennt mjög vel. Nemendahópurinn var góður og tókst okkur að vinna þau verkefni sem lagt var upp með í upphafi. Mikil áhersla var lögð á góðan bekkjaranda og unnið með nemendum í ýmsum samskipta og vinaverkefnum. Einnig var lögð mikil áhersla á grunnfærni í lestri. Námsárangur var að jafnaði góður og stóðu nemendur sig vel í allri vinnu jafnt utandyra sem innan.

Covid – 19 hafði mikil áhrif á skólastarfið en frá 17. mars til 30. apríl var skólastarfið og kennsla óhefðbundin. Frá 17. mars til 3. apríl mættu nemendur í 4 klukkustundir á dag og frá 14. til 30. apríl mættu þeir í 3 klukkustundir á dag. Á þessum tíma var aðaláhersla á íslensku, stærðfræði, hreyfingu og útiveru. Nokkrir nemendur voru í sóttkví/sjálfskipaðri sóttkví að hluta til eða allt þetta tímabil. Þeir nemendur fengu send verkefni til að leysa heima. Þetta tímabil gekk vel og leið nemendum almennt vel þrátt fyrir skrítið ástand í þjóðfélaginu.

Fjöldi veikindadaga í 2. bekk skólaárið 2019-2020 voru 126 dagar og 8 stundir. Leyfis dagar voru 52 dagar og 89 stundir. Nemendur voru fjarverandi 46 stundir á skólaárinu án útskýringa. Seinkomur voru 189. Þá voru nemendur samtals 9 daga fjarverandi vegna sóttkvíar og 78 daga vegna sóttkvíar að ákvörðun foreldra.

#### Skýrsla umsjónarkennara í 3. bekk

Í 3. bekk voru 24 nemendur í upphafi skólaárs, 12 stúlkur og 12 drengir. Í byrjun árs 2020 hætti einn nemandi svo nemendur voru 23, 11 drengir og 12 stúlkur. Umsjónarkennari var Guðrún Svava Viðarsdóttir. Bekkurinn var með 2 stuðningsfulltrúa á haustönn þau Kristínu Lind Albertsdóttir og Theodór Sigurgeirsson. Á vorönn kom inn aukastuðningur með nemanda sem þurfti á því að halda.

Aðrir kennarar sem kenndu hópnum voru Guðrún Dóra Jónsdóttir í myndmennt, Guðrún Gyða Franklín kenndi hönnun og smíði. Guðrún Sigríður Pálsdóttir kenndi sund og íþróttir, Davíð Örvar Ólafsson kenndi íþróttir, Silja Kristjánsdóttir kenndi textílmennt og Ólafur Schram kenndi tónmennt. Ingunn Þóra Hallsdóttir sérkennari og Sigrún Lilja Traustadóttir þroskaþjálfari komu að hópnum varðandi sérkennslu og stuðning. Rósa Siemsen námsráðgjafi kom að hópnum eftir jól og var með vináttuþjálfun, KVAN, í samráði við umsjónarkennara.

#### Skipulag kennslu

Kennslan í vetur var ýmist skipulögð í heilum eða hálfum hópum. Í íslensku fóru litlir hópar reglulega til sérkennara til þess að fá kennslu sem þeir þurftu á að halda. Einnig voru litlir hópar teknir út þar sem þau fengu „munnlega“ kennslu. Í þema og öðrum tímum unnum allir saman eða þeim var skipt í marga litla hópa. Sætisskipan var mismunandi allan veturinn og sátu nemendur ýmist einir eða með tveimur eða fleiri nemendum. Skipulagið hentaði vel og voru nemendur ánægðir með þetta.

Unnið var út frá hugmyndum um einstaklingsmiðað nám. Stuðst var við fjölbreyttar kennsluáðferðir. Mikil áhersla var lögð á að nemendur tileinkuðu sér sjálfstæði í vinnubrögðum þegar því var komið við Tvær kennslustundir í viku fórum við í útikennsla. Í útikennslu var áhersla lögð á sem flestar námsgreinar meðal þess sem tekið var fyrir í útikennslu var þema, stærðfræði, íslenska, landafræði og samvinnuleikir. Einnig fórum við í vettvangsferðir. Nálsgast má [kennsluáætlanir](#) varðandi skipulag á hverri námsgrein fyrir sig á heimasíðu Sjálandskóla

#### Covid-19

16. mars skall á samkomubann sem varð til þess að 3. bekkur var settur í list- og verkgrainastofurnar. Nemendum var skipt á stofurnar og voru reglur mjög skýrar. 3 aðrir kennarar ásamt 3 stuðningsfulltrúum komu að bekknum á þessum tíma ásamt umsjónarkennara. Einn stuðningsfulltrúi datt út eftir fyrstu vikuna. Eftir páska voru tveir stuðningsfulltrúar. Flest fög önnur en íslenska og stærðfræði voru sett á bið fyrir páska en eftir páska voru þau sett inn eftir því sem hægt var. Dagskráin var mjög skýr og var almenn ánægja með þetta fyrirkomulag hjá foreldrum, nemendum og kennurum. Hægt er að sjá allt skipulag inni á 3. bekkur 2019-2020, undir covid vikurnar.

#### Námsmat

Námsmat var birt á Námfús jafnóðum og kannanir voru gerðar. Engin stór lokapróf voru lögð fyrir nemendur. Nemendur voru lestrarprófaðir í ágúst, september, janúar, og maí. Námsmat var unnið samhliða þeim verkefnum sem unnin voru og voru viðmiðin í samræmi við markmið greinarinnar í Aðalnámsskrá grunnskóla (íslenska, stærðfræði). Kannanir voru lagðar reglulega fyrir til þess að meta nemendur og fylgjast með stöðu þeirra. Í lok hvers þema var þemað metið. Mismunandi mat var notað við mat á þemu, sjálfsmat, könnun, mat með lykilhæfni, mat á einstaklingsverkefnum og mat á samvinnuverkefnum. Fjölbreytt mat kom vel út fyrir nemendurna.

#### Útikennsla/ vettvangsferðir

Útikennsla er m.a. tengd við þemu, þannig að unnið var með markmið úr viðkomandi þema úti. Reynt var að hafa útiverkefni fjölbreytt og nálsgast þannig sem flest markmið Aðalnámsskrár grunnskóla. Útikennslan tókst yfirleitt vel og nemendurnir voru flestir áhugasamir og vinnusamir. Það bar þó á því að nemendur komu ekki í fatnaði í samræmi við veður.

Í útikennslu notum við nær umhverfið mikið ásamt því að fara í styttri og lengri ferðir. Í nær umhverfinu má nefna Skógarlundinn/Ingunnarskóg við lækinn, Gálgahraun, ylströndina, skólalóðina, fjöruna við skólann, Skíthóll, leikvelli hér og þar um bæinn og var útikennslusvæðið nýtt til útieldunar – því miður náðist það ekki þar sem samkomubann skall á.

Ferðir sem farið var í voru m.a. gróðursetningarferð í Guðmundarlund, haustferð í Hellisgerði, strætóferð í Kópavogsdal, hjólaferð að læknum í Kópavogi, í Perluna, á tónleika í Hörpu, á upplestur á Bókasafn Garðabæjar og Rauða krossinn. Farið var í vorferð á Hvaleyrarvatn ásamt yngsta stiginu öllu. Innilegan féll niður.

#### Bekkjjarfundir

Bekkjjarfundir voru haldnir vikulega á föstudögum eftir hádegi. Þessir fundir voru aðallega notaðir til þess að ræða samskiptareglur, leysa deilur og gera verkefni um vináttu og líðan. Fundirnir í byrjun skólaárs fóru í að ræða hvaða reglur nemendur og kennarar vildu að giltu á þeirra svæði og í þeirra samskiptum.

Eftir áramót kom námsráðgjafi að bekknum og var unnið með vináttuþjálfun KVAN.

#### Skemmtanir og félagslíf

Bekkjjarfulltrúar héldu spilakvöld í september og „halloween“ball í október.

#### Nýbreytni/ þróunarstarf

Í vetur fengu nemendur dans á hálfsmánaðar fresti og í lok hvers tíma var farið í hugleiðslu. Það tók smá tíma að fá nemendur til þess að tileinka sér hugleiðsluna. Lang flestir nemendur náðu góðri slökun og fannst það hjálpa sér í að slaka á og einbeita sér.

#### Foreldrasamstarf

Gott samstarf var á milli foreldra og kennara. Kennari sendi út vikulega foreldrapósta í tölvupósti. Foreldrum var birt námsmat á Námfús reglulega yfir veturinn. Haldin var námskyrning á skólasetningardaginn, formleg foreldraviðtöl voru tvisvar yfir veturinn.

Foreldrum var sérstaklega boðið á sýningar nemenda sem voru danssýning í september og brúðuleikhús tengt verkum Astrid Lindgren í lok nóvember.

Ekki voru auglýstir sérstakir viðtalstímar en foreldrar voru duglegir að hafa samband sérstaklega með tölvupósti ef þörf var á. Foreldrasamskiptin hafa verið mjög góð í vetur.

#### Mat á starfi vetrarins

Starfið í vetur gekk almennt vel. Nemendahópurinn var erfiður og frekar tættur þegar þau mættu í haust. Ágætur árangur náðist með bekkinn og var aginn orðinn góður um mitt skólaár sem hélst út skólaárið. Vel gekk að vinna þau verkefni sem lagt var upp með í upphafi og gengu áætlanirnar nánast upp þrátt fyrir Covid ástand.

Í vetur lögðum við mikla áherslu á lestur og voru lestrarpróf menntamálastofnunnar notuð yfir skólaárið. Lestrartölur voru skráðar inn í Skólagáttina. Heimalesturinn gekk að jafnaði ágætlega þó má gera betur í skráðum heimalestradögum yfir veturinn. Áhersla á lesskilning var mikil og gerð ýmiss verkefni tengd því og mikilvægt er að halda því áfram sem og áhersla á stafsetningu með upplestri. Lögð var áhersla á skipulögð vinnubrögð og voru allir nemendur með möppu sem þeir flokkuðu námsgögnin sín í eftir fögum. PALS var lagt fyrir á haustönn, í vetur lögðum við fyrir Orðarún lesskilningsprófið í byrjun PALS og aftur í lok PALS. Niðurstöður voru skráðar. Mikilvægt er að fylgja því áfram eftir og skrá niðurstöður og mat á PALS aðferðinni til að meta áhrif hennar á nám nemandans.

Veturinn gekk vel og stóðu nemendur sig vel í öllu því sem þeir tóku sér fyrir hendur.

Fjöldi veikindadaga í 3. bekk skólaárið 2019 -2020 voru 144 og leyfis dagar voru 137.

#### Skýrsla umsjónarkennara í 4.bekk

Í 4. bekk voru 17 stúlkur og 20 drengir. Umsjónarkennarar voru Júlíana Þóra Hálfánardóttir og Kolbrún Guðmundsdóttir. Bekknum fylgdu 2 stuðningsfulltrúar þau Dagrún Malmquist Jónsdóttir og Alexander Alexandersson. Einn nemandi í 4. bekk var með stuðningsaðila sér til aðstoðar allan daginn, en hinn stuðningsfulltrúinn fylgdi bekknum og var til aðstoðar nokkrum nemendum.

Aðrir kennarar sem kenndu hópnum voru Guðrún Dóra Jónsdóttir í myndmennt, Guðrún Gyða Franklín kenndi hönnun og smíði, Silja Kristjánsdóttir kenndi textílmennt, Ólafur Schram kenndi tónmennt og Guðrún Sigríður Pálsdóttir kenndi ensku, íþróttir og sund. Ingunn Þóra Hallsdóttir sérkennari og Særún Sigurjónsdóttir þroskaþjálfari komu að hópnum varðandi sérkennslu og stuðning.

#### Skipulag kennslu

Nemendur voru í tveimur umsjónarhópum. Frá október fram að jólum var nemendum skipt upp í hópa þvert á umsjónarhópa í íslensku og stærðfæði en á öðrum tímabilum yfir árið voru nemendur að mestu í umsjónarhópnum í íslensku og stærðfræði. Enska var kennd í umsjónarhópum allt skólaárið en teymiskennsla var í þema þar sem nemendum voru ýmist allir saman í tímum eða í minni hópum sem blönduðust þvert á umsjónarhópa. Sundhópar og list- og verkgreinahópar voru þrískiptir, en hópurinn var tvískiptur í tónmennt, íþróttum og ensku. Hópaskiptingin í þeim greinum var ekki tengd við umsjónarhópa.

Unnið var út frá hugmyndum um leiðbeinandi kennsluhætti. Stuðst var við fjölbreyttar kennsluáætlanir. Útikennsla var í hverri viku, 2 kennslustundir hvert sinn. Nágast má kennsluáætlanir varðandi skipulag á hverri námsgrein fyrir sig á heimasíðu Sjálálandsskóla undir flípanum námið-[kennsluáætlanir](#).

Áhersla var lögð á að nemendur tileinkuðu sér sjálfstæði í vinnubrögðum þegar því var komið við. Í útikennslu var lögð áhersla á sem flestar námsgreinar meðal þess sem tekið var fyrir í útikennslu var þema, stærðfræði, íslenska, landafræði og samvinnuleikir. Við skiptum reglulega um sætisfélaga í bekknum, ýmist drógum á borð eða völdum sjálfar. Einstaka sinnum fengu nemendur að velja sig saman á borð.

#### Námsmat

Námsmat var birt í Námfús jafnóðum og kannanir og annað mat fór fram. Lokaeinkunn í hverju fagi er byggð á símati. Nemendur voru lestrarprófaðir í ágúst, september, janúar og maí. Kannanir voru lagðar reglulega fyrir til þess að meta nemendur og fylgjast með stöðu þeirra. Í lok hvers þema var þemað metið. Mismunandi mat var notað við mat á þema, t.d. sjálfsmat, könnun, mat á einstaklingsverkefnum og mat á samvinnuverkefnum. Fjölbreytt mat kom vel út fyrir nemendurna.

#### Útikennsla/ vettvangsferðir

Útikennsla er meðal annars tengd við þema, þannig að unnið var með markmið úr viðkomandi þema úti. Einnig lögðum við upp með að vinna með það efni sem til grundvallar var í stærðfræði og íslensku hverju sinni a.m.k. einu sinni í hverjum mánuði. Reynt var að hafa útiverkefni fjölbreytt. Útikennslan tókst oftast vel og vorum við mjög heppin með veður. Nemendurnir voru flestir áhugasamir og vinnusamir þó að stundum bæri á stjórnsemi og tuði. Einnig bar á því að sumir nemendur kæmu ekki í fatnaði í samræmi við veður þrátt fyrir að minnst væri á slíkt í vikupósti.

Fram að janúar var útikennsla samfellt í 2 klst á fimmtudögum, en frá janúar og fram í miðjan mars skiptum við henni yfir á tvo daga, þriðjudag og fimmtudag. Þriðjudagstíminn var helgaður samvinnuleikjum en verkefni fimmtudagsins tengdust námsgreinum. Frá miðjum mars fram til páskaeyfis var farið útikennslu í eina klukkustund daglega en þá var í gangi óhefðbundið skólustarf vegna COVID-19. Áhersla var lögð á hreyfingu og leiki á því tímabili.

Í útikennslu notuðum við nærumhverfið mikið ásamt því að fara í styttri og lengri ferðir. Í nærumhverfinu má nefna Skógarlundinn við lækinn, ylströndina, skólalóðina, fjöruna við Arnarnesið og Skíthól.

Farið var í fjölbreyttar ferðir og margir staðir skoðaðir, m.a. Guðmundarlundur (gróðursetningarferð), Gálghaun, bókasafn Garðabæjar, Árbæjarsafnið og á sinfóniútónleika í Hörpu. Farið var í hjólaferðir á Náttúrufræðistofu Kópavogs og á Bessastaði. Ekki var farið í skíðaferð þetta skólaárið vegna COVID-19 en í vorferðinni var farið á Hvaleyrarvatni þar sem krakkarnir léku sér, fóru í göngutúra og reyndu á veiðihæfileika sína með veiðistöngum og háfum.

#### Bekkjarfundir

Á haustönn voru bekkjarfundir haldnir á föstudögum. Fundirnir í byrjun skólaárs fóru í að ræða hvaða reglur nemendur og kennarar vildu að giltu á þeirra svæði og í þeirra samskiptum. Á bekkjarfundum var lögð áhersla á að ræða málefni líðandi stundar og komu nemendur með tillögur að málefnum til þess að ræða sem safnað var í box yfir vikuna. Auk þess var unnið með samskipt reglulega þar sem stuðst var við verkefni frá KVAN.

#### Skemmtanir og félagslíf

Bekkjarfulltrúar héldu Hrekkjavökuball í október.

#### Nýbreytni/ þróunarstarf

Á haustönn unnum við reglulega með stýrða hugleiðslu og núvitundaræfingar. Það gekk misvel en nokkrir nemendur sýndu því mikinn áhuga og tóku það jafnvel með sér heim.

#### Foreldrasamstarf

Gott samstarf var á milli foreldra og kennara. Kennarar sendu út vikuleg fréttabréf í tölvupósti. Áætlun vikunnar var send út í hverri viku frá og með miðri haustönn. Foreldrum var birt námsmat í Námfús eftir hverja könnun og hvert þema. Haldin var námskynning í byrjun skólaárs, formleg foreldraviðtöl voru tvisvar yfir veturinn.

Innilegan féll niður vegna COVID-19 og samgöngutakmarkana.

Foreldrum var sérstaklega boðið á sýningu nemenda á þemanu Ísland áður fyrr, en nemendur settu upp leikþátt um Bakkabræður. Þeim var einnig boðið á sýningu bekkjarins á tónverki sem nemendur sömdu í tónmennt.

Ekki hafa verið auglýstir sérstakir viðtalstímar en foreldrar voru duglegir að hafa samband sérstaklega með tölvupósti ef þörf var á. Foreldrasamskiptin hafa verið góð og mjög mikil í vetur.

#### Mat á starfi vetrarins

Starfið í vetur gekk almennt vel. Í vetur lögðum við mikla áherslu á lestur og voru lestrarpróf Menntamálastofnunnar notuð yfir skólaárið og fyllt inn í Skólagáttina. Heimalesturinn gekk heilt yfir ágætlega, þó skráðum heimalestradögum hafi fækkað mikið á meðan samgöngubann var í gangi. Áhersla á lesskilning var mikil og gerð voru ýmiss verkefni tengd því og mikilvægt er að halda því áfram sem og áhersla á stafsetningu með upplestri. Lögð var áhersla á skipulögð vinnubrögð og voru allir nemendur með möppu sem þeir flokkuðu námsgögnin sín í eftir fögum. PALS var lagt fyrir í byrjun en aðeins tókst að ljúka við 6 vikur af því vegna breytts skólastarfs og samgöngutakmarkana. Í vetur lögðum við fyrir Orðarún lesskilningsprófið í janúar áður en PALS hófst og aftur í maí. Niðurstöður voru skráðar. Mikilvægt er að fylgja því áfram eftir og skrá niðurstöður og mat á PALS aðferðinni til að meta áhrif hennar á nám nemandans. Í vetur var þó erfitt að meta áhrif PALS þar sem ekki tókst að ljúka við PALS.

Námið í vetur gekk vel en nemendur stóðu sig vel í flestu því sem þeir tóku sér fyrir hendur. Námsárangur var að jafnaði góður. 4. bekkur tók samræmdu prófin í september og var niðurstaða þeirra nokkuð góð. Nemendahópurinn var ágætur og tókst okkur að vinna flest þau verkefni sem lagt var upp með í upphafi þrátt fyrir að skólastarf á tímabilinu 16. mars - 4. maí væri skert vegna COVID-19. Frá 16. mars til 3. apríl var skólastarf í 4 klukkustundir á dag og var þá daga farið út í 1 klukkustund. Eftir páskaleyfi, þ.e. 14. apríl skertist skólastarfið enn frekar niður í 2,5 klukkustundir á dag. Í skertu skólastarfi var aðal áhersla lögð á lestur, íslensku og stærðfræði en hreyfing, dans og aðrar listgreinar voru einnig kenndar að litlu leiti af umsjónarkennurum.

Umsjónarbekkirir áttu misauðvelt með að vinna saman. Nokkuð bar á tuði meðal nemanda yfir þeim verkefnum sem valin voru hverju sinni. Unnið var markvisst í því að efla jákvæðni og þrautseigju. Allt skólaárið var notað agakerfið Gulur-rauður-grænn. Agakerfið bar árangur fyrir langflesta. Fjöldi skráðra veikindadaga í 4. bekk skólaárið 2019-2020 voru 83 dagar og 47 stundir og leyfis dagar voru 144 dagar og 52 stundir. Seinkomur voru 94 stundir og fjarvistir 132 stundir. Á meðan skólastarf var skert vegna COVID-19 bauðst foreldrum að halda börnum sínum heima í sjálfskipaðri sóttkví og voru þeir dagar samtals 104 hjá bekknum.

#### Skýrsla umsjónarkennara í 5. bekk

Í 5. bekk voru 40 nemendur, 19 stúlkur og 19 drengir. Umjónarkennarar voru: Hrafnhildur Sigurðardóttir og Sigurlín Sumarliðadóttir.

Aðrir kennarar voru Guðrún Gyða Franklín sem kenndi nýsköpun og smíði, Davíð Örvar Ólafsson kenndi íþróttir, Hrafnhildur Sævarsdóttir sá um sundkennslu. Silja Kristjánsdóttir kenndi textílmennnt, Guðrún Dóra Jónsdóttir kenndi myndmennt og Ólafur Schram sá um tónmenntakennslu. Særún Sigurjónsdóttir þroskaþjálfari ásamt Hildi Jónsdóttur sérkennara og stuðningsfulltrúunum Helga Guðjónssyni og Thelmu Lind Jónsdóttur sem sinntu hluta nemenda og aðstoðuðu kennara með ýmis nemendamál



bæði námsleg og hegðunarleg. Önnur fög en talin hafa verið upp hér að ofan voru í höndum umsjónarkennara. Rósa Siemsen námsráðgjafi ræddi við nemendur eftir óskum og ábendingum umsjónarkennara, foreldra eða að óskum nemendanna sjálfra.

#### Skipulag kennslu

Námsgreinar voru íslenska, stærðfræði, útikennsla, enska, saga, líffræði, náttúrufræði, eðlisfræði, samfélagsfræði, landafræði og heimilisfræði. Fjöldi kennslustunda í hverri námsgrein var mismikill eftir því hvaða viðfangsefni var um að ræða hverju sinni. Náttúrufræði- og samfélagsfræðigreinar voru allar kenndar í þeim. Hvert þema stóð yfir í 4 til 6 vikur í senn. Listir voru fastar í stundatöflu, þrjár klukkustundir á viku, tónmennt var ein 60 mínútna kennslustund á viku, íþróttir voru ein klukkustund á viku og sund einu sinni í viku 40 mínútur í senn. Enska var kennd í tvær klukkustundir á viku. Íslenska og stærðfræði voru með 3,5 fasta klukkutíma í töflu. Upplýsingatækni var kennd á móti lífsleikni og í samþættingu við þema, íslensku og stærðfræði. Í tölvu- og upplýsingamennt var lögð áhersla á almenna tölvukunnáttu og nemendum var kennt á Google umhverfið –Classroom, Docs, Forms.

Mikil áhersla var lögð á heimalestur nemenda og einkunn gefin fyrir heimalestur. Nemendur fengu áætlunarblað í byrjun hverrar viku um skipulag kennslu þeirrar viku og á áætlunarblaðið áttu foreldrar að kvitta fyrir heimalestur.

Allar [kennsluáætlanir](#) 5. bekkjar má finna á heimasíðu Sjálandskóla.

#### Námsmat

Í íslensku, stærðfræði og ensku var símat allan veturinn og var námsmat birt jafnóðum á Námfús. Í þeim var mismunandi námsmat, ýmist voru þemamöppur metnar, jafningja- og sjálfsmat var lagt fyrir sem og próf. Samkvæmt nýrri lestrarstefnu voru lestrarpróf lögð fyrir í september, janúar og maí.

#### Útikennsla

Útikennsla var föst á stundaskrá í þrjár stundir á þriðjudögum. Viðfangsefni voru tengd þeim, íslensku, stærðfræði og lífsleikni. Nemendur tóku þátt í Lionshlaupinu og fóru í hjólaferðir, á kajak svo eitthvað sé nefnt. Farið var í fáar vettvangsferðir vegna aðstæðna í hópnum.

#### Lífsleikni/ bekkjarfundir

Lífsleikni var kennd eina stund í viku á föstudögum þar sem nemendahópnum var ýmist skipt í tvennt eða allur hópurinn saman. Unnið var með Leiðtogafærni verkefni frá Vöndu Sigurgeirsdóttur og einnig með verkefni sem vinnur með samskipti, vináttu og bekkjaranda. Haldnir voru bekkjarfundir eins og þurfti og einnig heimaþing með skólastjórnendum.

#### Skemmtanir og félagslíf

Félagsmiðstöðin Klakinn hóf félagsstarf fyrir nemendur á miðstigi í október og var það vel sótt af nemendum. Mikil ánægja með starfið hjá bæði nemendum og foreldrum. Fyrst um sinn voru 5. og 6. bekkur saman í Klakanum en því var breytt vegna fjölda nemenda. Því miður var ekki hægt að fara í árlegu skíðaferðina í Bláfjöll með skólanum vegna takmarkanna á skólahaldi vegna COVID- 19. Eins og hefð er fyrir setti 5. bekkur upp helgileikinn fyrir jólin og héldu nemendur sýningar fyrir alla nemendur skólans auk þess sem þeir sýndu fyrir foreldra sína.

#### Foreldrasamstarf

Gott samstarf var á milli foreldra og umsjónarkennara. Kennarar sendu fréttabréf á föstudögum með upplýsingum um starfið og áætlun komandi viku. Foreldrar höfðu nokkur samskipti við umsjónarkennara í gegnum tölvupóst í tengslum við nám, samskipti og líðan nemenda og ýmis önnur mál. Nemendur kláruðu áætlun heima ef þeir náðu því ekki í skólanum, misvel gekk þó að halda nemendum á áætlun og var eitthvað um að henni væri hliðrað. Foreldrafulltrúar stóðu fyrir hrekkjavökuballi fyrir jól.

#### Mat á starfi vetrarins

Þessi vetur gekk nokkuð vel. Í vetur lögðum við mikla áherslu á lestur, ritun, efla tölvufærni og félagsleg samskipti. Það gekk vel að ná upp góðum bekkjaranda þó sú vinna sé enn í gangi. Nokkrir nemendur fengu sérkennslu eða sérúrræði í sínu námi. Í vetur var unnið að því að kortleggja getu nemenda og koma til móts við þá nemendur sem eru með almennan og sértækan námsvanda. Nemendur fengu kennslu í að notfæra sér tækni í námi svo sem talgreinir og talgervil. Sú vinna er enn í gangi. Heimalestur gekk heilt yfir vel.

Í samgöngubanni var bekknum skipt í tvo hópa og gekk sá tími vel. Stundaskráin var einfölduð en á meðan þessum tíma stóð dattu út hefðbundnir lista og íþróttatímar. Rétt fyrir samkomubann voru nemendur búnir að setja mikla vinnu í að undirbúa leiksýningu á Bláa hnettinum. Á vordögum var leiksýningin tekin upp sem kvikmynd.

Ástundun nemenda: Í 5. bekk voru 289 veikindadagar skráðir, 167 leyfis dagar, 74 stundir í fjarvist og 715 stundir í seinkomur.

### Skýrsla umsjónarkennara í 6. bekk

Í 6. bekk voru 42 nemendur, 21 stúlkur og 21 drengir. Umsjónarkennarar voru: Geirprúður Guðmundsdóttir og Sigurbjörg Ósk H. Sigurðardóttir

Aðrir kennarar voru Guðrún Gyða Franklín sem kenndi nýsköpun, Fríða Agnarsdóttir smíði, Davíð Örvar Ólafsson kenndi íþróttir, Geirprúður Guðmundsdóttir sá um sundkennslu. Silja Kristjánsdóttir kenndi textílmenn, Guðrún Dóra Jónsdóttir kenndi myndmennt og Ólafur Schram sá um tónmenntakennslu. Særún Sigurjónsdóttir þroskajálfari, Hildur Björg Jónsdóttir sérkennari og stuðningsfulltrúarnir Oddur Friðriksson, Raket Hanna Guðjónsdóttir og Thelma Lind Jónsdóttir sinntu hluta nemenda og aðstoðuðu kennara með ýmis nemendamál bæði námsleg og hegðunarleg. Önnur fög en talin hafa verið upp hér að ofan var í höndum umsjónarkennara. Rósa Siemsen námsráðgjafi ræddi við nemendur eftir óskum og ábendingum umsjónarkennara, foreldra eða að óskum nemendanna sjálfra.

### Skipulag kennslu

Námsgreinar voru íslenska, stærðfræði, útikennsla, enska, saga, líffræði, náttúrufræði, eðlisfræði, samfélagsfræði, landafræði og heimilisfræði. Fjöldi kennslustunda í hverri námsgrein var mismikill eftir því hvaða viðfangsefni var um að ræða hverju sinni. Náttúrufræði- og samfélagsfræðigreinar voru allar kenndar í þeim. Hvert þema stóð yfir í 4 til 6 vikur í senn. Listir voru fastar í stundatöflu, þrjár og hálf klukkustund á viku og kennt í lotum, tónmennt var ein 60 mínútna kennslustund á viku, íþróttir voru tvær 40 mínútur kennslustundir á viku og sund einu sinni í viku 40 mínútur í senn. Enska var kennd í tvær og hálf kennslustund á viku. Íslenska og stærðfræði voru með 3,5 fasta klukkutíma í töflu. Upplýsingatækni var kennd á móti sundi og í samþættingu við þema, íslensku og stærðfræði. Í tölvu- og upplýsingamennt var lögð áhersla á almenna tölvukunnáttu, mikilvægi lykilorða og nemendum var kennt á tölvupóst, Námfús og verkefni unnin í Word og Excel og í Chrome tölvum var notast við forritin Docs, Sheets og Slides. Farið var í grunntækni forritunar með kóðunarmöguleikum með Sphero kúlum sem eru frábærar til að auka áhuga nemenda á forritun og nýttum við þær einnig í þema um himingeiminn þar sem nemendur hönnuðu geimskip á Sphero kúlurnar og létu þær ferðast milli sólkerfa. Strax í byrjun haustannar var farið ítarlega yfir netöryggi og reglur varðandi tækjanotkun á skólatíma.

Mikil áhersla var lögð á heimalestur nemenda og námsmat gefið fyrir heimalestur. Nemendur fengu áætlunarblað í byrjun hverrar viku um skipulag kennslu þeirrar viku og á áætlunarblaðið áttu foreldrar að kvitta fyrir heimalestur.

Allar [kennsluáætlanir](#) 6. bekkjar má finna á heimasíðu Sjálandsskóla.

### Námsmat

Í íslensku, stærðfræði og ensku var símat allan veturinn og var námsmat birt jafnóðum á Námfús. Í þeim var mismunandi námsmat, ýmist voru þemamöppur metnar, jafningja- og sjálfsmat var lagt

fyrir sem og próf. Samkvæmt lestrarstefnu skólans voru lesfimiþróf lögð fyrir í september, janúar og maí. Með áherslu á leiðbeinandi kennsluhætti sáu kennarar góð og metnaðarfull vinnubrögð hjá nemendum. Greinilegt er að mörgum nemendum finnst gott að nýta sér leiðbeinandi kennsluhætti, hjálpar þeim í náminu, gefur þeim skýrari ramma og þau eru betur meðvituð um hvað til hvers er ætlast af þeim í hverju verkefni fyrir sig.

#### Útikennsla/ vettvangsferðir

Útikennsla var föst á stundaskrá í þrjár stundir á miðvikudögum. Viðfangsefni voru tengd þemum, íslensku og stærðfræði. Sem dæmi um vettvangsferðir var farið í Hellisgerði, í berjamó, Vífilsstaðavatn í hjólaferð og fræðslu, útiildun, dansnámskeið, Bíóparadís, Norrænahúsið og á kajak svo eitthvað sé nefnt.

#### Lífsleikni/ bekkjarfundir

Lífsleikni var kennd eina stund í viku á mánudögum þar sem nemendahópnum var ýmist skipt í tvennt eða allur hópurinn saman. Unnið var með Leiðtogafærni verkefni frá Vöndu Sigurgeirsdóttur og einnig með verkefni sem vinnur að samskiptum, vináttu og bekkjaranda. Í lífsleikni kom Rósa námsráðgjafi líka í heimsókn til okkar og fór yfir námstækni, vináttu og sjálfstraust í framhaldi af því að hún lagði fyrir könnun meðal nemenda um líðan og félagatengsl. Haldnir voru bekkjarfundir eins og þurfti og einnig heimaping með skólastjórnendum.

#### Skemmtanir og félagslíf

Félagsmiðstöðin Klakinn hóf félagsstarf fyrir nemendur á miðstigi í október og var það vel sótt af nemendum. Mikil ánægja með starfið hjá bæði nemendum og foreldrum. Því miður var ekki hægt að fara í árlegu skíðaferðina í Bláfjöll með skólanum vegna Covid. Foreldrum var boðið á heimasvæði nemenda þegar þeir kynntu einstaklingsverkefni sín í febrúar.

#### Foreldrasamstarf

Gott samstarf var á milli foreldra og umsjónarkennara. Kennarar sendu fréttabréf á föstudögum með upplýsingum um starfið og áætlun komandi viku. Foreldrar höfðu nokkur samskipti við umsjónarkennara í gegnum tölvupóst í tengslum við vinnulotur, samskipti og líðan nemenda og ýmis önnur mál. Nemendur kláruðu áætlun heima ef þeir náðu því ekki í skólanum, misvel gekk þó að halda nemendum á áætlun og var eitthvað um að henni væri hliðrað. Foreldrafulltrúar stóðu fyrir hrekkjavökuball í október sem var mjög vel heppnað og vel sótt. Því miður náðist ekki að halda annað bekkjarkvöld eftir áramót vegna Covid.

#### Mat á starfi vetrarins

Heilt yfir gekk veturinn vel þrátt fyrir að nokkrir nemendur hafi verið krefjandi og þurft töluverða sérkennslu og einstaklingsþjálfun en með góðu samstarfi teymisins kennara og stuðningsulltrúa, námsráðgjafa og þroskaþjálfara gekk vel að finna lausnir á flestum málum og að ná tökum á hegðun nemenda. Miklar og misjafnar námslegar sérþarfir gera hópinn mjög krefjandi í kennslu.

Miklar breytingar urðu í mars þegar sett var á samkomubann og takmarkanir urðu á skólahaldi vegna COVID-19 eftir tilmæli frá landlækni og heilbrigðisráðherra. Frá 17.mars varð bekkurinn að flytja heimasvæði sitt niður í matsal skólans og vera tvískiptur allan tímann. Byrjað var að kenna 4 klst á dag og var svo styttnið í 2,5 klst, þar sem lögð var áhersla á að halda áætlun í grunnfögum. Notast var við Google Classroom til að koma til móts við nemendur sem lærðu heima fyrir og einnig voru ýmis verkefni lögð þar fyrir. Kennslan gekk vel og voru nemendur vinnusamir og sýndu mikla aðlögunarhæfni á þessum fordæmalausu tímum. Hefðbundið skólahald hófst að nýju samkvæmt stundatöflu mánudaginn 4.maí og gekk vel að koma kennslunni og nemendum aftur í rútínu.

Ástundun nemenda: Í 6. bekk voru 285 veikindadagar og 107 stundir skráðar, 222 leyfis dagar og 164 stundir, 82 stundir í fjarvist og 513 stundir í seinkomur.

## Skýrsla umsjónarkennara í 7. bekk

Í 7. bekk voru 39 nemendur, 23 stúlkur og 16 drengir. Umsjónarkennarar voru Erna Oddný Gísladóttir og Ósk Auðunsdóttir. Særún Sigurjónsdóttir þroskaþjálfari ásamt Hildi Björgu sérkennara og stuðningsfulltrúunum Þórdísi Dóru Jakobsdóttur, Rebekku Lind Hjaltadóttur, Agnari Smára Jónssyni og Gunnari Dan Hlynssyni sinntu hluta nemenda til skiptis og aðstoðuðu kennara með ýmis nemendamál bæði námsleg og hegðunarleg. Rósa Siemsen námsráðgjafi ræddi við nemendur eftir óskum og ábendingum umsjónarkennara, foreldra eða að óskum nemendanna sjálfra. Rebekka Ólafsdóttir sá um dönskukennslu. Guðrún Sigríður Pálsdóttir sem sá um íþróttakennslu og Hrafnhildur Sævarsdóttir sá um sundkennslu. Silja Kristjánsdóttir kenndi textílmennt, Guðrún Dóra Jónsdóttir kenndi myndmennt, Fríða Agnarsdóttir kenndi smíði til áramóta ásamt Guðrúnu Gyðu Franklín sem kenndi einnig nýsköpun. Ólafur Schram sá um tónmenntakennslu. Önnur fög en talin hafa verið upp hér að ofan var í höndum umsjónarkennara.

### Skipulag kennslu

Nemendur fengu 14,6 kennslustundir (miðað við 60 mínútna kennslustundir) með umsjónarkennurum á viku að meðaltali yfir veturinn.

Námsgreinar voru íslenska, stærðfræði, útikennsla, enska, danska, þema, lífsleikni og upplýsingatækni. Fjöldi kennslustunda í hverri námsgrein var mismikill eftir því hvaða viðfangsefni var um að ræða hverju sinni.

Náttúrufræði- og samfélagsfræðigreinar voru allar kenndar í þemum. Hvert þema stóð yfir í 4 til 6 vikur í senn.

Listgreinakennsla var föst í stundatöflu, þrjár og hálf klukkustund á viku, tónmennt og íþróttir voru ein klukkustund á viku og sund einu sinni í viku 40 mínútur í senn.

Enska var kennd tvisvar í viku í 60 mínútur í senn og danska var kennd í klukkustund á viku.

Íslenska og stærðfræði voru með fjóra fasta klukkutíma í töflu.

Upplýsingatækni var kennd í samþættingu við þema, íslensku og tungumál. Í tölvu- og upplýsingamennt var lögð áhersla á almenna tölvukunnáttu, mikilvægi lykilorða og nemendum var kennt á tölvupóst og verkefni unnin í Chrome tölvum. Notast við forritin Docs, Sheets og Slides. Strax í byrjun haustannar var farið ítarlega yfir netöryggi og reglur varðandi tækjanotkun á skólatíma. Forritun var kennd með Sphero kúlum.

Lífsleikni var kennd einu sinni í viku í 60 mínútur í senn.

Mikil áhersla var lögð á heimalestur nemenda og einkunn gefin fyrir heimalestur í lok hvers mánaðar. Nemendur fengu áætlunarblað í byrjun hverrar viku um skipulag kennslu og náms þeirrar viku og á áætlunarblaðið áttu foreldrar að kvitta fyrir heimalestur alla daga vikunnar.

<http://sjalandsskoli.is/namid/kennsluaetlanir/7.bekkur/>

### Námsmat

Í íslensku, ensku, dönsku og stærðfræði var símat allan veturinn og var námsmat birt jafnóðum á Námfús. Í þemum var mismunandi námsmat, ýmist voru próf, heimaverkefni og hópaverkefni lögð fyrir ásamt sjálfsmati og jafningjamati. Samkvæmt lestrarstefnu voru allir nemendur 7.bekkar lestrarprófaðir fjórum sinnum voru lögð fyrir í ágúst, september, janúar og maí.

### Útikennsla/ vettvangsferðir

Útikennsla var föst á stundaskrá í tvær stundir á fimmtudögum. Viðfangsefni voru tengd þemum, tungumálum, íslensku og stærðfræði. Sem dæmi um vettvangsferðir voru: tónleikar í Hörpu, fræðsla á náttúrusafni Perlunnar og heimsókn í Volcano House í tengslum við eldfjallabema. Í útikennslu var farið í hjólaferðir, strætóferðir, gönguferðir, siglt á kajak, farið í námsleiki og unnið námsefnið á stöðvum á skólalóð.

### Lífsleikni/ bekkjarfundir

Lífsleikni var kennd eina stund í viku á föstudögum þar sem nemendur tók þátt í að búa til góðan bekkjaranda og ræddar voru leiðir til að takast á við samskiptavanda (efni notað frá KVAN).

Rósa námsráðgjafi kom með fræðslu í nokkur skipti og fór m.a. yfir námstækni, vináttu og sjálfstraust. Haldnir voru bekkjarfundir eins og þurfti, stundum allur bekkurinn saman og stundum kynjaskipt.

Á vordögum fengu strákarnir í bekknum sérstaka fræðslu frá KVAN þar markmiðið var að efla samskipti þeirra á milli. Áframhaldandi vinna fer fram haustið 2020.

### Skemmtanir og félagslíf

Nemendur 7. bekkjar fóru í vikuféð að Reykjum í Hrótafirði í febrúar 2020. Þar var mikið fjör og gekk ferðin vel. Félagsmiðstöðin Klakinn var með félagsstarf fyrir nemendur og var það ágætlega sótt.

### Foreldrasamstarf

Gott samstarf var á milli foreldra og umsjónarkennara. Kennarar sendu fréttabréf á föstudögum með upplýsingum um starfið og áætlun vikunnar. Foreldrar höfðu nokkur samskipti við umsjónarkennara í gegnum tölvupóst í tengslum við vinnulotur, samskipti, líðan nemenda og ýmis önnur mál.

### Mat á starfi vetrarins

Heilt yfir gekk veturinn vel þrátt fyrir að nemendahópurinn hafi verið krefjandi og þurft töluverða sérkennslu og sérúrræði. Með góðu samstarfi kennarateymisins ásamt samstarfi við stoðteymi skólans, og foreldra fundust lausnir á flestum málum.

Mikil áhersla var á að ná góðum anda, efla samvinnu og ná góðum vinnufrið í byrjun vetrar og skilaði það sér í góðu starfi hjá nemendum. Heimalesturinn gekk ágætlega.

Í mars 2020 urðu takmarkanir á skólalaldi vegna COVID-19 eftir tilmæli frá landlækni og heilbrigðisráðherra. Frá 17. mars 2020 fór skólalald 7. bekkjar fram í tvískiptum hópum, 2,5 klst á dag í tónmenntastofu þar sem lögð var áhersla á að halda áætlun í grunnfögum. Notast var við Google Classroom til að koma til móts við nemendur sem lærðu heima fyrir og voru ýmis verkefni lögð þar fyrir. Kennslan gekk vel og voru nemendur vinnusamir og sýndu mikla aðlögunarhæfni á þessum fordæmalausu tímum. Hefðbundið skólalald hófst að nýju samkvæmt stundatöflu mánudaginn 4. maí og gekk vel að koma kennslunni og nemendum aftur í rútinu.

Ástundun nemenda 2019-2020: Í 7. bekk voru 293 veikindadagar skráðir og 84 stundir, 222 leyfis dagar og 283 stundir, 254 stundir í fjarvist og 318 stundir í seinkomur.

### Skýrsla umsjónarkennara í 8. bekk

Í 8. bekk voru 22 nemendur, 7 stúlkur og 15 drengir. Umjónarkennari var Sigríður G. Guðmundsdóttir.

### Skipulag kennslu

Bekkjarkennsla var í árganginum. Allar [kennsluáætlanir](#) árgangsins er hægt að finna á vef Sjálandsskóla. Töluverð breyting varð á kennslu á seinni mánuðum skólaársins sökum Covid19. Nemendur mættu tvo tíma á dag, frá kl. 8:30 – 10:30. Það voru Sigríður G. Guðmundsdóttir og Elfa Hrönn Friðriksdóttir sem

sáu alfarið um kennslu í öllum fögum þennan tíma. Skiljanlega þurfti að aðlaga kennsluáætlanir en nemendur þurftu að bæta upp tímaleysið í skólanum með vinnu heima fyrir. Það gekk í flestum tilvikum mjög vel.

#### Námsmat

Námsmat var birt jafnóðum í umsjónarkerfi Námfús jafnt og þétt yfir allt skólaárið.

#### Helstu áherslur hvefrrar námsgreinar

Stærðfræði var kennd í 4 – 5 vikna lotum. Í upphafi hvefrrar lotu fengu nemendur kennsluáætlun þar sem þeir gátu séð hæfniviðmiðin sem lögð voru til hliðsjónar í lokamati lotunnar, ásamt kennslufyrirkomulagi, verkefnaskilum og könnunum. Öllum námsmarkmiðum vetrarins var náð. Það sem betur mátti fara var að auka þátt verklegra æfinga í kennslu. Ákveðið viðfangsefni var tekið fyrir og unnið að verkefnum tengt því. Skilaverkefni og tímaverkefni voru lögð fyrir nemendur. Nemendur tóku próf í lok hvefrrar lotu. Allar áætlanir má sjá á heimasíðu skólans.

Íslenska var kennd í 4 lotum í vetur. Við upphaf nýrrar lotu fengu nemendur í hendur kennsluáætlanir sem einnig voru birtar inni á vef Sjálandsskóla. Kennslan gekk að mestu samkvæmt áætlun. Nemendur skiluðu þremur kjörbókarritgerðum yfir skólaárið, þau verkefni voru keimlík og reyndu á svipaða kunnáttu. Næsta vetur væri vert að gefa nemendum tækifæri á að spreyta sig á fjölbreyttari ritunarverkefnum. Einnig er sóknarfæri í að þróa verkefni sem þjálfar lesskilning og framsögn betur. Nemendur lásu Gauragang og fluttu framsagnarverkefni, næsta vetur væri uppbyggilegt að skipta þeirri bók út fyrir bókmenntaverk sem talar betur til reynsluheims unglinganna.

Í upplýsinga- og tæknimennt var lögð áhersla á að auka hæfni nemenda í réttri fingrasetningu á lykklaborði og var stuðst við námsefnið á Netinu [www.sense-lang.org](http://www.sense-lang.org). Einnig lærðu nemendur á hin ýmsu tölvuforrit tengd Google, svo sem Google docs, slides og sheets. Reynt var að tengja upplýsingamennt við námsþætti í öðrum námsgreinum hverju sinni, sérstaklega í stærðfræði þar sem valin tölfraeðiverkefni í kennslubókinni voru leyst í upplýsinga- og tæknimenntartímum. Einnig voru unnin verkefni af heimasíðu SAFT.

Enskukennslan gekk nokkuð vel. Kennt var í tveimur samliggjandi kennslustundum einu sinni í viku og síðan tvo staka 40 mín tíma og reyndist það skipulag vel. Stuðst var við kennslubókina Spotlight 8 en einnig bókina A long walk to water og voru lotur brotnar upp með frammistöðuverkefnum. Námsmat var í formi kannana, kynninga, veggspjalda o.fl. Á tímum Covid gekk ágætlega að halda áætlun sem gerð hafði verið fyrir lotu 4.

Danska var kennd 2 tíma í viku í 4 lotum yfir veturinn. Kennsluáætlanir hvefrrar lotu vistaðar á heimasíðu skólans. Kennsla vetrarins í dönsku var byggð á áherslum Aðalnámskrár grunnskóla og markvisst var unnið með lesskilning, ritun, hlustun, menningarläsi, námshæfni, frásögn og samtali. Lögð var áhersla á að hverjum og einum nemanda gæfist færi á að þroska og efla hæfni sína í hinum ýmsu færniþáttum erlendra tungumála sem tilgreindir eru í Aðalnámskrá. Unnið var með kennslubókina Tænk og meðfylgjandi vinnubækur. Í byrjun nóvember var nemendum kynnt SMART markmiðasetning og þau hvött til að setja sér skýr, mælanleg, raunhæf og tímasett markmið í námi. Nemendum voru kynnt ýmis gagnleg forrit, vefsíður og öpp til að nýta í námi sínu og er helst þar að nefna glósuforritið quizlet sem og vefsíðuna wetransfer.com sem nemendur notuðu til að skila vídeóverkefnum. Nemendur unnu að auki ýmis málfræðiverkefni og ritunarverkefni sem útbúin voru af kennara. Lesin var ein frjálislestrarbók og nemendur unnu ritunarverkefni tengt henni. Nemendur voru markvisst þjálfaðir í framsögn og samtali með vídeóverkefnum, samtalsæfingum og verkefnum þar sem nemendur undirbjuggu og fluttu kynningu á dönsku. Í 4. lotu unnu nemendur stórt verkefni um Danmörk og kynntu í verkefni sín. Nokkuð vel gekk að tengja kennslu og námsmat hæfniviðmiðum. Þó mikilvægt að þróa áfram þá vinnu og setja nánar upp hvernig best er að haga kennslu og námsmati þannig að markmið Aðalnámskrár náist sem best. Hvert verkefni og próf var tengt tilgreindu hæfniviðmiði í kennslu erlendra tungumála. Lögð var áhersla á að námsmat endurspeglaði sem best þau hæfniviðmið sem sett eru fram í Aðalnámskrá. Nemendur tóku próf og gerðu verkefni sem reyndu á lesskilning og ritun. Hlustunarpróf

voru tekin auk þess sem nemendur tóku munnlegt próf í lok lotu 4 þar sem reyndi á samskipti/samtal og blaðlausa frásögn á dönsku.

Lífsleiknikennslan í ár var í höndum Rósu, náms- og starfsráðgjafa. Kennt var einu sinni í viku. Markmið tímanna var að láta nemendur vinna verkefni sem snýr að þeirra eigin sjálfsþekkingu. Auk þess var einblínt á námstækni, samskipti, staðalímyndir, fyrirmyndir og forvarnir. Nemendur unnu einnig verkefni tengd störfum og atvinnulífi. Unnin voru bæði einstaklings- og hópaverkefni og var áhersla lögð á sjálfstæði í vinnubrögðum. Nemendur fóru í starfskynningu í heilan dag eða hluta úr degi í janúararmánuði og fór dágóður tími af lífsleiknitímum eftir áramót að vinna í kynningu og að kynna fyrir samnemendum þau fjölbreyttu störf sem heimsótt voru.

*Eftirtalin þemu voru kennd í 8. bekk á skólaárinu.*

#### *Upp um fjöll og firnindi*

Í þemavinnunni kynntust nemendur ýmsum þáttum sem tengjast útiveru og útivist. Nemendur lærðu m.a. á áttavita í snjalltækjum sínum og kortalestur. Nemendur horfðu á þætti tengt veðurfari og áhrif loftslagsbreytinga á jörðina. Samhliða kennslu í þessari námsgrein voru unnin verkefni í upplýsinga- og tæknimennt í forritinu Google Earth. Nemendur unnu einstaklingsverkefni og hópverkefni sem þau skiluðu eða fluttu fyrir bekkinn. Það sem hefði mátt gera betur er að vinna verkefni tengt búsetu í heimabyggð nemenda, Garðabæ.

#### *Jón Sigurðsson*

Markmið þemans var m.a. að nemendur fengu innsýn yfir þær aðstæður sem landsmenn bjuggu við í upphafi 20. aldar sem og að kynna sér ævi Jóns Sigurðssonar mjög vel. Nemendur fóru í vettvangsferð í Þjóðminjasafnið og unnu verkefni út frá þeirri sýningu. Einnig var farin fer í miðbæ Reykjavíkur þar sem nemendur fóru í ratleik um Jón Sigurðsson. Nemendur skrifuðu ritgerð um Jón Sigurðsson og var þá farið ítarlega í kennslu um heimildarskrif og notkun heimilda og gerð heimildaskráa. Samhliða þessu þema var kennt í upplýsinga- og tæknimennt ritun í Google Docs og gerð hugarkorta í Keynote í Ipad. Þetta þema gekk ágætlega en það má enn frekar skerpa á kennslu um heimildarritun.

#### *Heimilsfræðivika*

Nemendur unnu þetta þema nær eingöngu heima hjá sér en fengu tvo tíma í skólanum til að baka. Þeir fundu uppskrift, keyptu inn í matinn, elduðu fyrir fjölskylduna og gengu frá eftir matinn. Þau skiluðu síðan sjálfsmati og einnig mati frá foreldrum um hvernig gekk. Einnig áttu nemendur að sjá um þvott heima hjá sér. Þeir áttu að flokka þvott, setja í vel, ganga frá þvotti til þerris og einnig að brjóta hann saman og ganga frá í skáp. Nemendur skiluðu sjálfsmati og einnig mati frá foreldrum hvernig til tókst. Það var almenn mikil ánægja hjá foreldrum varðandi þetta verkefni og nemendum fannst þetta einnig í flestum tilvikum áhugavert.

#### *Mannslíkaminn*

Nemendur fræddust um líkamann sinn með áherslu á kynfræðslu. Umræður var stór hluti af fræðslunni. Nemendur lásu og unnu verkefni úr bókinni Mannslíkaminn. Nemendur fengu innlögn í hverjum kafla með sýningu á kennslumyndböndum sem gaf góða raun. Nemendur fengu fyrirlestur frá Samtökum '78 og einnig flutti Ása hjúkrunarfræðingur skólans erindi. Þemað gekk mjög vel.

#### *Lífheimurinn*

Nemendur lásu og unnu verkefni úr bókinni Lífheimurinn. Nemendur fengu innlögn í hverjum kafla með sýningu á kennslumyndböndum sem gaf góða raun. Töluvert var um hópverkefni og til að mynda bjuggu þau til veggmynd af þróunartré, fóru út og náðu í lífverur úr fjörunni og skoðuðu í smásjám. Þegar kom að kafla um plöntur, þá sáðu nemendur fræjum og hugsuðu um plönturnar og tóku hana síðan heim við útskrift. Þetta þema gekk mjög vel.

#### *Ferðir og útikennsla*

Ekki voru sérstakir útikennsludagar í 8. bekk en farnar nokkrar vettvangsferðir. Bekkurinn fór í haustferð sem hluta af hópefli í Vindáshlíð. Nemendur tóku þátt í íþróttadegi skólans sem haldnir voru á haustdögum. Farið var á sýningu um Jón Sigurðsson á Þjóminjasafninu í tengslum við þemað um Jón Sigurðsson. Einnig fóru nemendur í ferð niður í miðbæ þar sem þau tóku þátt í ratleik um Jón Sigurðsson. Kyrrðarstund var haldin í Vífilsstaðakirkju og þeir nemendur sem vildu ekki fara í kirkju var boðið að fara á bókasafn Garðabæjar. Í febrúar fór unglingadeildin á tónleika með Sinfóníuhljómsveitinni í Hörpu. Einnig fór hópurinn í skíðaferð til Dalvíkur með unglingadeildinni. Nemendur tóku þátt á vordögum í hreinsunarátaki Sjálandsskóla. Sökum Covid19 var vorferð felld niður.

#### Fyrirlestrar/ heimsóknir

Árlegt heimaving var haldið í september með stjórnendum skólans. Starfamesa....

Jón Jónsson kom með rafrettufræðslu og Barnaheill kom með fræðslu um kynferðisofbeldi gagnvart börnum, kynjaskipt og það var einnig boðið upp á fræðslu fyrir foreldra.

#### Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf var töluvert mikið og skýrist það af samsetningu hópsins. Það var töluvert um fundi með einstökum foreldrum og einnig í formi tölvusamskipta.

#### Mat á starfi vetrarins

Skólaárið gekk í heildina mjög vel.

#### Skýrsla umsjónarkennara í 9. bekk

Í 9. bekk hófu 23 nemendur nám, 7 stúlkur og 17 drengir. 6 stúlkur og 16 drengir voru í bekknum við skólaslit. Umsjónarkennarar var Rebekka Árnadóttir.

#### Skipulag kennslu

Bekkjarkennsla var í árganginum.

[Kennsluáætlanir](#) bekkjarins má finna á heimasíðu skóla í öllum námsgreinum.

**Enskukennslan** gekk vel og gekk áætlun nokkuð vel eftir. Nokkrir nemendur voru með einstaklingsnámskrá í ensku og gekk betur en áður að halda utan um námsefni og námsmat fyrir þann hóp en áður. Byggt var á kennslubókinni Spotlight 9 en einnig var bókin Number the stars lesin auk þess sem unnið var að ýmsum frammistöðuverkefnum svo sem kynningum, veggspjöldum, dagbók, bókaskýrslum o.fl.

**Lífsleiknikennslan** í ár var í höndum Rósu, náms- og starfsráðgjafa. Kennt var einu sinni í viku. Markmið tímanna var að láta nemendur vinna verkefni sem snýr að þeirra eigin sjálfsþekkingu. Auk þess var einblínt á námstækni, samskipti, staðalmyndir, fyrirmyndir og forvarnir. Nemendur unnu einnig verkefni tengd störfum og atvinnulífi. Unnin voru bæði einstaklings- og hópaverkefni og var áhersla lögð á sjálfstæði í vinnubrögðum. Nemendur fóru í starfskynningu í heilan dag eða hluta úr degi í janúarmánuði og fór dágóður tími af lífsleiknitímum eftir áramót að vinna í kynningu og að kynna fyrir samnemendum þau fjölbreyttu störf sem heimsótt voru. Byrjað var að vinna með efnið *Örugg saman* sem snýr að ofbeldi í nánnum samböndum og mikilvægi þess að þekkja og setja mörk. Því miður gafst þó ekki tími til að fara í gegnum allt efnið. Tímarnir voru einnig nýttir til að fá utanaðkomandi fræðslu, allt frá fræðslu um skiptinám erlendis upp í fræðslu um kynheilbrigði og sjálfsmynd.

**Íslenska** var kennd í 4 lotum yfir veturinn. Kennsluáætlun var afhent við upphaf hvernar lotu og henni fylgt að jafnaði eftir. Vinnuálag var meira framan af vetri og nemendur unnu vel fram að samræmdum prófum. Nemendur fóru í ljóðasmiðju og spreyttu sig á skapandi skrifum. Nemendur lásu Laxdælu og höfðu almennt mikla ánægju af. Næsta vetur er mikilvægt að efla lestraráhuga nemenda, halda áfram að leggja fyrir þá fjölbreytt ritunar og framsagnarverkefni.



**Danska** var kennd 3 tíma í viku í 4 lotum yfir veturinn. Kennsla vetrarins var byggð á áherslum Aðalnámsskrár grunnskóla og lögð var áhersla á að hverjum og einum nemanda gæfist færi á að þroska og efla hæfni sína í hinum ýmsu færniþáttum. 2 nemendur voru með aðlagað námsefni, og unnu þeir mikið með léttlestrarefnið frá „Café serien“. Fyrir áramót unnum við með kennsluefnið „Smil“, en tókum hana úr umferð eftir áramót vegna mikillar neikvæðni í garð dönskunámsins. Við fórum þá markvisst að vinna með viðhorf nemenda til fagsins, og studdumst þar mikið við hugmyndir á bak við kenningar um jákvæða sálfræði og vaxandi hugarfar. Síðan unnum við með efnið „Grammatik“ sem er á vef námsgagnastofnunnar ásamt ýmsum öðrum viðfangsefnum sem gætu vakið áhuga og bætt viðhorf. Má þar nefna snapchat, myndasögur, tímarit og forritin lingohut, quizlet, duolingo og patlet. Nemendur voru markvisst þjálfaðir í framsögn og samtali með vídeóverkefnum og samtalsæfingum. Vel gekk að tengja kennslu og námsmat hæfniviðmiðum. Aðlaga þurfti þó nokkur hæfniviðmið, þar sem að hæfniviðmið Aðalnámsskrár eru að miklu leiti óraunhæf fyrir þann tímaramma sem gefin er og þann reynsluheim sem nemendur koma úr (sbr.ensku).

**Þema** gekk vel og var hópurinn áhugasamur um þau verkefni sem lögð voru fyrir hann. Fjölbreytt verkefni voru lögð fyrir hópinn, jafnt einstaklingslega og hópverkefni. Fjölbreyttar bækur og verkefni voru unnin þennan vetur. Kennsluáætlanir fyrir [þema](#) eru á heimasíðu Sjálandsskóla.

**Stærðfræði** var kennd í 4 lotum yfir veturinn. Kennsluáætlun var afhent við upphaf hvernar lotu og henni fylgt að jafnaði eftir. Vinnuálag var mikið framan af vetri og nemendur unnu vel fram að samræmdum prófum. Mikilvægt var fyrir nemendur að fylgja áætlun og vinna vel heima.

**Jafnrétti** var kennt í tvennu lagi yfir veturinn. Drengjunum var kennt fyrir áramót og stúlkum eftir áramót. Nemendur kynntust staðalímyndum kynjanna, ræddu um gildi góðra fyrirmynda og þau skilaboð sem ungmenni fá frá auglýsingum og samfélagsmiðlum. Einnig ræddum við um hina ýmsu hópa sem eru jaðarsettir í samfélaginu og lærðu hvers vegna það er mikilvægt að vinna markvisst að því að stuðla að og auka jafnrétti.

#### Námsmat

Námsmat var birt í Námfús jafnóðum yfir árið. Unnið var með leiðsagnar og símat í öllum fögum. Hvert verkefni og próf var tengt tilgreindu hæfniviðmiði. Lögð var áhersla á að námsmat endurspegladi sem best þau hæfniviðmið sem sett eru fram í Aðalnámsskrá.

#### Ferðir og útikennsla

9. bekkur fóru að Úlflijótsvatni dagana 19. – 20. september. Skíðaferð á Dalvík dagana 18.-22.mars. Vorferð bekkjarins var farin 4.- 5.júní í félagsheimilið Dreng- Kjós.

#### Fyrirlestrar/ heimsóknir

Forvarnarfundur var haldinn á sal í október. Þann 7. nóvember flutti Vanda Sigurgeirsdóttir fyrirlestur um vináttu og einelti. Samtökin 78 komu með kynningu um kynvitund og kynhneigð. Í tengslum við lokaverkefni nemenda héldu Logi Bergmann og Ragnhildur Steinunn fyrirlestra um markmiðasetningu m.a. í mars.

#### Nýbreytni/ þróunarstarf

Hugmyndin um vaxandi hugarfar í námi var innleitt í alla bekki og tókst mjög vel til, þá sérstaklega í tengslum við dönskunámið. Leiðsagnarmat var enn í brennidepli frá því í fyrra vetur og gekk mjög vel þó enn sé ekki öll vinnan unnin.

#### Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf gekk vel í vetur og var þó nokkuð um samskipti og fundi vegna ákveðinna nemenda.

#### Mat á starfi vetrarins

Starfið gekk vel fyrir sig og við erum komin vel á veg að vinna með nýtt námsmat. Samstarf innan teymis á unglingsstigi var mjög gott og starfsandi eins og best verður á kosið.

## Skýrsla umsjónarkennara í 10. bekk

Í 10. bekk voru 32 nemendur, 14 stúlkur og 18 drengir. Umsjónarkennarar voru Erna Sif Auðunsdóttir og Rebekka Ólafsdóttir. Aðrir kennarar sem kenndu bekknum voru þeir sömu og kenndu 8. og 9. bekk.

Helstu áherslur hveftrar námsgreinar

Ýmsir kennarar komu að kennslu árgangans þar sem skipt var eftir faggreinum. Umsjónarkennarar 10. bekkjar kenndu einnig öðrum árgöngum á unglingastiginu.

Kennsla og skipulag í stærðfræði gekk vel en mikið vinnuálag var á nemendum jafnt og þétt yfir allan veturinn. Þó má segja að mun meira álag hafi verið á vorönn en haustönn. Í hópnum voru einnig nemendur sem unnu eftir einstaklingsnámskrá. Kennsluáætlanir í stærðfræði má finna á vef Sjálandsskóla undir námið - kennsluáætlanir.

Íslenska var kennd í 4 lotum í vetur. Við upphaf nýrrar lotu fengu nemendur í hendur kennsluáætlanir sem einnig voru birtar inni á vef Sjálandsskóla. Kennslan gekk að mestu samkvæmt áætlun. Nemendur skiluðu þremur kjörbókarritgerðum yfir skólaárið, þau verkefni voru keimlík og reyndu á svipaða kunnáttu. Næsta vetur væri vert að gefa nemendum tækifæri á að spreyta sig á fjölbreyttari ritunarverkefnum. Einnig er sóknarfæri í að þróa verkefni sem þjálfa lesskilning og framsögn betur.

Danska var kennd 3 tíma í viku í 4 lotum yfir veturinn. Kennsluáætlanir hveftrar lotu vistaðar á heimasíðu skólans. Kennsla vetrarins í dönsku var byggð á áherslum Aðalnámskrár grunnskóla og markvisst var unnið með lesskilning, ritun, hlustun, menningarlæsi, námshæfni, frásögn og samtali. Lögð var áhersla á að hverjum og einum nemanda gæfist færi á að þroska og efla hæfni sína í hinum ýmsu færniþáttum erlendra tungumála sem tilgreindir eru í Aðalnámskrá. Unnið var með kennslubækurnar Smil, Ekko og meðfylgjandi vinnubækur. Í byrjun nóvember var nemendum kynnt SMART markmiðasetning og þau hvött til að setja sér skýr, mælanleg, raunhæf og tímasett markmið í námi. Nemendum voru kynnt ýmis gagnleg forrit, vefsíður og öpp til að nýta í námi sínu og er helst þar að nefna glósuforritið quizlet sem og vefsíðuna wetransfer.com sem nemendur notuðu til að skila vídeóverkefnum. Nemendur unnu að auki ýmis málfræðiverkefni og ritunarverkefni sem útbúin voru af kennara. Lesin var ein frjálislestrarbók og nemendur unnu ritunarverkefni tengt henni. Nemendur voru markvisst þjálfaðir í framsögn og samtali með vídeóverkefnum, samtalsæfingum og verkefnum þar sem nemendur undirbjuggu og fluttu kynningu á dönsku. Í 4. lotu unnu nemendur stórt verkefni um Danmörk og kynntu í verkefni sín.

Nokkuð vel gekk að tengja kennslu og námsmat hæfniviðmiðum. Þó mikilvægt að þróa áfram þá vinnu og setja nánar upp hvernig best er að haga kennslu og námsmati þannig að markmið Aðalnámskrár náist sem best.

Kennsla í ensku gekk vel í heildina. Þó nokkuð margir mjög sterkir nemendur voru í hópnum og var áhersla á framsögn mikil þar sem sú hæfni vefst fyrir flestum. Notað var Google Classroom fyrir skil á verkefnumsem auðveldaði leiðsagnarmat á ritunarverkefnum og voru nokkur slík verkefni á dagskrá í vetur. Lagt er upp með að bjóða nemendum upp á mun meira val á viðfangsefnum næsta vetur og er þá vonast til að hægt sé að nýta rafrænar ferilmöppur til utanumhalds, námsmats, leiðsagnarmats, ígründunar og auka þannig sjálfstæði og ábyrgð nemenda.

Kennsla í þema gekk vel og áætlun stóðst fyrir utan þær vikur þar sem nemendur voru með skertan skóladag sökum Covid19. Faggreinakennari kenndi þeim ekki í skólanum en var með fjarkennslu á Google Classroom. Þar setti hann inn skilaverkefni og önnur verkefni ásamt myndböndum og kennsluleiðbeiningum sem nemendur gátu nýtt sér við námið. Þeir nemendur sem mættu ekki í skólann, tóku kannanir á Google Classroom. Þetta fyrirkomulag tókst mjög vel. Kennsluáætlanir í þema eru á heimasíðu skólans ásamt kennsluáætlunum 10. bekkjar undir möppunni þema.

Náms- og starfsráðgjafi kenndi þemað *Stefnan sett* í náms- og starfsfræðslutímum í 10. bekk í vetur. Námsfnið fjallar um náms- og starfsval og styrkir nemendur í að taka ákvörðun byggða á sjálfsþekkingu og sjálfstæði. Nemendur unnu fjölbreytt verkefni sem fólu í sér sjálfsskoðun og ýmsar hugleiðingar varðandi nám og störf. Nemendur fengu kynningu á þeim skólum sem bjóða upp á nám á

framhaldsskólastigi ásamt því námi sem þar er í boði. Námsráðgjafi kynnti fyrir nemendum inntöuskilyrði og umsóknarferli í framhaldsskólana. Tímarnir voru nýttir til að fara með nemendur í starfsheimsóknir í GERT fyrirtæki. Í heimsóknunum fengu nemendur kynningu á fyrirtækjunum og þeim fjölbreyttu störfum sem þar eru unnin auk þeirrar menntunar sem liggur að baki störfunum.

#### Námsmat

Námsmat var birt í Námfús. Hvert verkefni og próf var tengt tilgreindu hæfniviðmiði í kennslu erlendra tungumála. Lögð var áhersla á að námsmatið endurspegladi sem best þau hæfniviðmið sem sett eru fram í Aðalnámskrá. Í dönsku tóku nemendur próf og gerðu verkefni sem reyndu á lesskilning og ritun. Hlustunarpróf voru tekin auk þess sem nemendur tóku munnlegt próf í lok lotu 4 þar sem reyndi á samskipti/samtal og blaðlausa frásögn á dönsku. Lokanámsmat í 10.bekk var unnið samkvæmt fyrirmælum Menntamálaráðuneytis. Hvert verkefni í Námfúsi var tengt viðeigandi matsviðmiði fyrir erlend tungumál og í lokin gefin ein lokaeinkunn í faginu.

#### Lífsleikni/ bekkjarfundir

Umsjónartímar voru mjög oft notaðir fyrir bekkjarfundi. Nemendur voru áhugasamir og tóku virkan þátt í umræðum. Einnig voru haldin svokölluð heimaþing með skólastjórnendum eitt á hvorri önn.

#### Ferðir og útikennsla

9. - 10. september fórum við til Vestmannaeyja. Sú ferð heppnaðist mjög vel þrátt fyrir mikla rigningu og ekkert sérstaklega gott veður. Við fórum m.a. í Eldheima og gönguferð um svæðið. Skemmtileg ferð í alla staði. Engin skíðaferð var farin þetta árið til Dalvíkur sökum Covid 19. Farið var í Þórsmörk dagana 3.- 5. júní. Sú ferð gekk í alla staði mjög vel.

#### Fyrirlestrar/ heimsóknir

Þorgrímur Þráinsson kom í heimsókn í október og ræddi við nemendur um að vera „Ástfanginn af lífinu“. Fyrirlesturinn „Eitt like í viðbót“ var haldinn í nóvember, fyrirlesturinn Bólufreðinn var í einnig í nóvember, og skáld í skólum var þar að auki líka í nóvember. Í janúar komu fulltrúar frá AFS skiptinemasamtökunum Nemendur fengu svo fyrirlestur í mars frá Fjármálaviti sem heppnaðist mjög vel og tengdist námsefni í stærðfræði mjög vel. Þennan sama mánuð hlustuðu þau á fyrirlesturinn „Sjúk ást“ og fyrirlestur um rafrettur.

#### Nýbreytni/ þróunarstarf

Haldið var áfram í með þróun leiðsagnarmats í flestum fögum. Í ár var fenginn þróunarstyrkur „Atvinnutengt nám“ sem tvö ungmenni í 10. bekk tóku þátt í. Þeir fengu atvinnu sem þeir stunduðu einu sinni í viku, tvo tíma í senn. Þetta samstarf tókst mjög vel.

#### Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf gekk vel.

#### Mat á starfi vetrarins

10. bekkurinn gekk vel í heildina. Hópurinn var almennt vinnusamur og duglegur.

17.mars var skólanum lokað og öllum hópum skipt niður í minni einingar sökum Covid 19. 10. Bekknum var skipt í umsjónarhópana sína og mættu í skólann í 2 klst í senn alla virka daga. Sú vinna gekk ótrúlega vel þrátt fyrir skrítið ástand í þjóðfélaginu. Nemendur mættu almennt vel í þessar kennslustundir en nokkrir unnu heima og skiluðu þá verkefnum á Goggle Classroom og þreyttu rafræn próf í gegnum netið. Skólastarf byrjaði svo aftur á eðlilegan hátt 4.maí.

#### Skýrsla kennara í þróttum

Almenn markmið með íþróttakennslunni í 1.-4. bekk í Sjálálandsskóla er fyrst og fremst að nemendur fái fjölbreytta hreyfingu í gegnum fjölbreyttar æfingar og leiki. Einnig að allir fái eitthvað við sitt hæfi, að íþróttakennslan sé fjölbreytt, að nemendur fái stundum að velja hvað þeir gera í tímum og að stundum sé frjáls hreyfing. Einnig er markmiðið á að kynna ýmsa tegund hreyfingar fyrir nemendum hvort sem um er að ræða íþróttagrein eða almenna hreyfingu. Rík áhersla er lögð á að nemendur geti verið

sjálfstæðir við eigin íþróttaiðkun óháð því hvað hópurinn gerir eða hvað honum finnst. Að síðustu er mikil áhersla lögð á samvinnu og að aðstoða og hvetja félagasína áfram.

#### Tími og tölulegar upplýsingar

Nemendur í 1. bekk fengu tvo tíma á viku, tveir hópar, 2x35 mín. Nemendur í 2. bekk, einn hópur, fengu tvo 35 mín tíma á viku í íþróttakennslu. 3. bekkur var tvískiptur í íþróttum, fengu báðir hóparnir tvo tíma á viku, 40 mín og 60 mín. 4. bekkur var tvískiptur og fengu þau einn tíma í íþróttum í viku, 60 mín. Frá ágúst fram til loka september og frá maí fram í júní var nær eingöngu um útikennslu að ræða. Annars voru nemendur inni í íþróttasal yfir háveturinn. Í 1. bekk voru 27 nemendur. Í 2. bekk voru 22 nemendur. 3. bekk var tvískipt í tvo hópa, strákar og stelpur. Í 4. bekk voru 37 nemendur.

#### Viðfangsefni

Með tilliti til nemendahópsins og aðstæðna til íþróttakennslu var lögð áhersla á eftirfarandi þætti í íþróttum í vetur: Þolþjálfun var mikið í gegnum hlaup, leiki og aðrar íþróttagreinar. Styrktarþjálfun var m.a. í gegnum stöðvapjálfun. Liðleikþjálfun í gegnum teygjur. Boltaíþróttir, dans, litlir boltaleikir eins og ýmis afbrigði af skotbolta, brennibolti og kyló. Frjálsariþróttir, spretthlaup, kúla, spjót, þrístökk og langstökk. Ratleikir, frjálsir tímar og hinn sívinsæli Tarzanleikur. Inn í stöðvapjálfun voru íslensku og stærðfræði þrautir. Nemendur fengu stundum að velja hvaða leiki var farið í eða hvað var gert í tímum, annars vegar var um frjálst val að ræða eða stýrt val t.d. boccia, krikket, kóngaleikur. Viðfangsefni í íþróttum eru fjölbreytt og það sem við gerðum í vetur er ekki allt upptalið hér að framan. Heimsókn er einu sinni á ári, að þessu sinni á vorönn, frá elsta hópi á leikskólanum Sjálandi og í þeim tímum (leikskólahópnum skipt í þrennt vegna fjölda) var þrautabraut og stöðvar.

#### Kennslu og vinnuaðferðir

Við undirbúning námsskipulags var farið eftir námsmarkmiðum aðalnámskrár í íþróttum líkams- og heilsurækt og var þeim náð að mestu leyti. Þær kennsluáðferðir sem aðallega voru notaðar voru samvirkt nám, ýmiskonar stöðvapjálfun og svo voru þrautabrautir. Í byrjun hveðrar annar er útbúin kennsluáætlun m.t.t. aðalnámskrá grunnskóla. Gerð er gróf áætlun þar sem kennari merkir hjá sér hvaða þætti hann mun taka fyrir hverju sinni. Þar næst gerir hann annaráætlun og að lokum tímaseðla. Eftir fyrri önn þ.e. um jólin endurskoðaði íþróttakennari svo áætlunina með tilliti til getu og áhugasviðs hópsins, hvað hann tók fyrir í tímum, hvað virkaði vel og hvað hann á eftir að fara betur í. Íþróttakennari vann eftir þessu grófskipulagi en vék frá þessu skipulagi allt eftir dagsformi kennara og nemenda. Íslenska og stærðfræði var samþætt við íþróttir í gegnum ratleiki og svipaða leiki. Einnig tengdust íþróttir sameiginlegum viðburðum eins og íþróttadögum og gróðursetningardegi.

Í 4. bekk voru þær kennsluáðferðir sem aðallega voru notaðar voru samvirkt nám og ýmiskonar stöðvapjálfun og einnig voru notuð aukalega þau rými sem húsnæðið býður uppá, pallinn fyrir framan íþróttasalinn og einnig danssalinn uppi. Í byrjun hveðrar annar rýnir íþróttakennari í aðalnámskrá grunnskóla og rifja upp hvaða þætti er gott að hafa í huga þegar kennsluáætlun er útbúin. Grunnurinn er ávallt sá sami á tímaseðlum þ.e. upphitun, aðalþáttur og lok. Eftir fyrri önn þ.e. um jólin endurskoðaði hann svo áætlunina með tilliti til getu og áhugasviðs hópsins, hvað hann tók fyrir í tímum, hvað virkaði vel og hvað ég á eftir að fara betur í.

#### Námsgögn og efni

Þær bækur sem eru til og þau áhöld sem eru í íþróttageymslunni. Tónlist var stundum spiluð í íþróttum, en það sárvantar græjur sem hægt væri að nálgast í hverjum tíma.

#### Námsmat

Engin eiginleg próf voru lögð fyrir í 1. og 2. bekk. Þess í stað er virkni, áhugi og samvinna metin. Mældur var árangur í 6 mín hlaupi, einnig var hreyfifærni mæld og skoðuð í langstökki án atrennu og boltakasti og er það aðallega gert til að sjá hvernig hreyfifærni hjá nemendum stendur. Í 3. og 4. bekk eru lögð fyrir próf. Íþróttapróf voru haldin í nóvember og mars. Krakkarnir tóku hlaupapróf, 6 mín hlaup í íþróttasalnum, þar sem þau hlaupa í kringum kassa sem er 15x27m í salnum, eins margar hringi og þau

geta. Svo er stöðvaþjálfunarhringur og þátttaka og virkni í tímum metið til einkunnar. Krakkarnir fá svo einkunn úr þessum þáttum.

#### Covid-19

16.mars – 30.apríl féllu íþróttir niður hjá öllum árgöngum skólans vegna Covid. Þær æfingar sem lagt var upp með á skólaárinu riðluðust vegna þessa og nemendur fengu mun minna tímamagn í greininni en venjulega hefði orðið.

#### Kennslu og vinnuaðferðir

Við undirbúning námsskipulags var farið eftir námsmarkmiðum aðalnámskrár í íþróttum líkams- og heilsurækt og var þeim náð að mestu leyti. Þær kennsluaðferðir sem aðallega voru notaðar voru samvirkt nám, ýmiskonar stöðvaþjálfun og svo voru þrautabrautir. Í byrjun hveggar annar er útbúin kennsluáætlun m.t.t. aðalnámskrá grunnskóla. Gerð er gróf áætlun þar sem kennari merkir hjá sér hvaða þætti hann mun taka fyrir hverju sinni. Þar næst gerir hann annaráætlun og að lokum tímaseðla. Íslenska og stærðfræði var samþætt við íþróttir í gegnum ratleiki og svipaða leiki.

Í 3. og 4. bekk voru þær kennsluaðferðir sem aðallega voru notaðar voru samvirkt nám og ýmiskonar stöðvaþjálfun og einnig voru notuð aukalega þau rými sem húsnæðið býður uppá, pallinn fyrir framan íþróttasalinn og einnig danssalinn uppi. Í byrjun hveggar annar rýnir íþróttakennari í aðalnámskrá grunnskóla og rifja upp hvaða þætti er gott að hafa í huga þegar kennsluáætlun er útbúin. Grunnurinn er ávallt sá sami á tímaseðlum þ.e. upphitun, aðalþáttur og lok. Eftir fyrri önn þ.e. um jólin endurskoðaði hann svo áætlunina með tilliti til getu og áhugasvið hópsins, hvað hann tók fyrir í tímum, hvað virkaði vel og hvað ég á eftir að fara betur í.

#### Námsgögn og efni

Þær bækur sem eru til og þau áhöld sem eru í íþróttageymslunni. Tónlist var stundum spiluð í íþróttum.

#### Námsmat

Íþróttapróf voru haldin í nóvember og maí. Krakkarnir tóku 1 km útihlaupapróf, hlaupapróf inni 6 mín hlaup í íþróttasalnum, þar sem þau hlaupa í kringum kassa sem er 15x27m í salnum, eins margar hringi og þau geta. Fimleikapróf var tekið í ár, þar sem þau voru búin að æfa sig í nokkrar vikur. Þrekpróf og þátttaka og virkni í tímum metin. Börnin eru metin úr þessum þáttum sem birt er í námfús eftir hverja önn.

#### Mat á því hvernig til tókst og úrbætur

Kennslan gekk vel í vetur. Kennari hafði mikið fyrir því að láta nemendur mæta í viðeigandi íþróttafatnaði í tímuna. Reglulega var sendur tölvupóstur heim til að minna á íþróttafatnað sem skilaði að lokum árangri.

Almennt gekk kennslan vel í vetur og nemendahópurinn var orkumikill og fjölbreyttur. Við fengum til okkar íþróttakennara nema í fjórar vikur sem tókst gekk mjög vel. Það er gott að vera með tímuna í samfellu til að hægt sé að nýta uppsett áhöld. Það tekur 20 mín að stilla upp góðri þrautabraut og örlítið styttri tíma að taka hana niður með aðstoð nemenda. Heilt yfir fannst íþróttakennara kennslan takast vel í vetur og hafði hann mjög gaman af að kenna þessum kappsfulla, fjölbreytta og skemmtilega nemendahópi. Í maí var nánast eingöngu kennt úti. Ánægja var með hópaskiptingu í 3. og 4. bekk og þótti hún takast vel. Góður fjöldi og hægt að sinna öllum vel.

#### 5.-7. bekkur

##### Helstu markmið

Markmið með íþróttakennslu í 5.-7. bekk er að nemendur fái fjölbreytta hreyfingu í íþróttatímum, kynnast fjölmörgum íþróttagreinum í gegnum æfingar og leiki. Einnig að undirbúa og kenna nemendum að hugsa vel um líkama sinn og leiðbeina þeim að æfa sig í að gera æfingar og hreyfingar á réttan hátt. Íþróttakennslan er einnig undirbúningur og kynning á íþróttagreinum sem nemendur geta svo stundað sjálfir, annað hvort í hóp- eða einstaklingsíþróttum. Einnig er lagt áhersla á að nemendur vinni saman og hjálpi hvor öðrum í kennslunni, aðstoða og hvetja. Annaðhvort er að um að ræða fyrirfram ákveðna

Íþróttatíma en einnig er svokallaðir frjálsir tímar þar sem nemendur geta valið hvað þeir gera sjálfir en ávallt skal einhverskonar hreyfing eða áreynsla vera skylda í þessum frjálsum tímum.

#### Tími og tölulegar upplýsingar

Nemendur í 5.bekk fengu einn tíma á viku, 60 mín í íþróttakennslu. 6.bekkur fékk tvo íþróttatíma í hverri viku, 80 mín samtals. 7.bekkur fékk einn tíma, í 60 mín. Frá ágúst fram í lok september og frá maí til skólaloka í júní var mikið um útikennslu en einnig vorum við inni þegar veður var leiðinlegt. Að öðru leyti vorum við með kennslu í íþróttahúsinu í Sjálálandsskóla. Um var að ræða tvo námshópa í 5.bekk, ca 16-17 í hóp. Í 6.bekk einnig tvískiptur, 17-18 í hóp. Í 7.bekk voru tveir hópar líka, 18 í hóp.

#### Viðfangsefni

Viðfangsefni vetrarins voru margvísleg, boltaleikir, útihlaup, leikir, ratleikir, stöðvaþjálfun, frjálsar íþróttir, badminton, blak og golf svo eitthvað sé nefnt. Áhersla var lögð á að kynna fyrir nemendum þolþjálfun og var útihlaup og stöðvaþjálfun notað til þess. Umhverfið í kringum skólann er stundum erfitt á veturnar, snjókast og að renna sér í brekkunum er einnig partur af íþróttakennslunni. Upphitunarleikir s.s stórfiskaleikir, stórt skip lítið skip, 12345 dimmalimm og fleiri leikir eru vinsælir, einnig brennó og skotbolti. Kýló og sparkó eru líka leikir sem leyndu á sér, krakkarnir gleyma oft hversu mikið þau hlaupa í svona leikjum og finnst það skemmtilegra en að hlaupa ákveðna vegalengd en oft er mikið kapp í slíkum leikjum. Boltaleikir ýmiss konar voru helstu viðfangsefni vetrarins og einnig var mikil áhersla lögð á að hita vel upp og bæta úthald og þol nemenda.

#### Kennsluaðferðir

Íþróttakennarinn gerir grófa ársáætlun fyrir báðar annir og reynir að fara eftir henni eins og kostur er. En oft þurfti að fara útaf henni bæði vegna veðurs og stundum þarf að spila þetta eftir eyranu eftir því hvaða hópur er í tímanum. Samvinnuleikir eins og reipitog, boðhlaup og ratleikir eru notaðir til að láta hópana vinna saman og hjálpast að. Þessir leikir eru oft mjög hvetjandi og kennir krökkunum að vinna sem ein heild. Ávallt er farið eftir aðalnámskrá grunnskóla í íþróttum.

#### Námsgögn og áhöld

Íþróttakennari notar bækur um íþróttakennslu sem til eru í skólanum og eru gefnar útaf námsgagnastofnun, áhöldin eru í geymslunni okkar og fleira í íþróttarými.

#### Vettvangsferðir

Þessir hópar voru meira í útihlaupum heldur en þeir yngri en það var samt minna um útikennslu í haust en áður sökum veðurs. Við fórum út þegar voraði og í maí vorum við svo nánast úti allan tímann en slepptum útihlaupunum en vorum þess í stað meira í leikjum.

#### Matsaðferðir

Íþróttapróf voru haldin í nóvember og mars. Krakkarnir tóku hlaupapróf, 6 mín hlaup í íþróttasalnum, þar sem þau hlaupa í kringum kassa sem er 15x27m í salnum, eins margar hringi og þau geta. Svo er stöðvaþjálfunarhringur og þátttaka og virkni í tímum metið til einkunnar. Krakkarnir fá svo einkunn úr þessum þáttum og virkni í tímum. Eins og gengur leggja sumir sig alltaf fram í hverjum tíma en aðrir hafa minni áhuga á íþróttum og hreyfingu. Það getur reynst erfitt að finna íþróttagreinar og leiki sem henta öllum. Farið var í flestar íþróttagreinar í vetur, bæði bolta- og aðrar íþróttagreinar.

#### 8.-10. bekkur

##### Helstu markmið

Markmið með íþróttakennslu í 8.-10. bekk er að nemendur fái fjölbreytta hreyfingu í íþróttatímum, kynnast fjölmörgum íþróttagreinum í gegnum æfingar og leiki. Einnig að undirbúa og kenna nemendum að hugsa vel um líkama sinn og leiðbeina þeim að æfa sig í að gera æfingar og hreyfingar á réttan hátt. Íþróttakennslan er einnig undirbúningur og kynning á íþróttagreinum sem nemendur geta svo stundað sjálfir, annað hvort í hóp- eða einstaklingsíþróttum. Einnig er lagt áhersla á að nemendur vinni saman og hjálpi hvor öðrum í kennslunni, aðstoða og hvetja. Annaðhvort er að um að ræða fyrirfram ákveðna

Íþróttatíma en einnig er svokallaðir frjálsir tímar þar sem nemendur geta valið hvað þeir gera sjálfir en ávallt skal einhverskonar hreyfing eða áreynsla vera skylda í þessum frjálsu tímum.

#### Tími og tölulegar upplýsingar

Þessir árgangar fá 40 mín á viku í íþróttum. Nemendum var skipt upp í 4 hópa, í 8.bekk var einn hópur 16 strákar og 7 stelpur í 9.bekk var einn hópur, tæplega 20 krakkar, strákar og stelpur. Strákarnir eru töluvert fleiri en stelpurnar. 10.bekkur var tvískiptur, 14-15 manna blandaður hópur og svo 10-12 strákar saman. Hópaskiptingin heppnaðist vel. Hefði kannski mátt skipta 8.bekk í tvo hópa, var svolítið þungur hópur.

#### Viðfangsefni

Viðfangsefni vetrarins voru margvísleg, boltaleikir, útihlaup, leikir, ratleikir, stöðvaþjálfun, frjálsar íþróttir, badminton, blak og golf svo eitthvað sé nefnt. Áhersla var lögð á að kynna fyrir nemendum þolþjálfun og var útihlaup og stöðvaþjálfun notað til þess. Upphitunarleikir s.s stórfiskaleikur, stórt skip lítið skip, og fleiri leikir eru vinsælir, einnig brennó og skotbolti. Kýló og sparkó eru líka leikir sem leyndu á sér, krakkarnir gleyma oft hversu mikið þau hlaupa í svona leikjum og finnst það skemmtilegra en að hlaupa ákveðna vegalengd en oft er mikið kapp í slíkum leikjum. Boltaleikir ýmiss konar voru helstu viðfangsefni vetrarins og einnig var mikil áhersla lögð á að hita vel upp og bæta úthald og þol nemenda.

#### Kennsluaðferðir

Íþróttakennarinn gerir grófa ársáætlun fyrir báðar annir og reynt er að fara eftir henni eins og kostur er. Nokkrum sinnum þurfti að fara útaf henni bæði vegna veðurs og stundum þurfti að spila þetta eftir eyranu eftir því hvaða hópur er í tímanum. Samvinnuleikir eins og reipitog, boðhlaup og ratleikir eru notaðir til að láta hópana vinna saman og hjálpast að. Þessir leikir eru oft mjög hvetjandi og kennir krökkunum að vinna sem ein heild.

#### Matsaðferðir

Íþróttapróf voru haldin í nóvember og mars. Krakkarnir tóku hlaupapróf, 6mín hlaup í íþróttasalnum, þar sem þau hlaupa í kringum kassa sem er 15x27m í salnum, eins margar hringi og þau geta. Einnig er útihlaup á tíma metið til einkunnar. Svo er stöðvaþjálfunarhringur og þátttaka og virkni í tímum metið til einkunnar. Krakkarnir fá svo einkunn úr þessum þáttum. Farið var í flestar íþróttagreinar í vetur, bæði bolta- og síðan aðrar íþróttagreinar.

#### Covid-19

16.mars – 30.apríl féllu íþróttir niður hjá öllum árgöngum skólans vegna Covid. Þær æfingar sem lagt var upp með á skólaárinu riðluðust vegna þessa og nemendur fengu mun minna tímamagn í greininni en venjulega hefði orðið.

#### Skýrsla kennara í myndmennt

##### Helstu markmið

Í myndmennt í er unnið eftir markmiðum Aðalnámsskrár grunnskóla. Áhersla er lögð á að nemendur vinni fjölbreytt og skapandi verkefni sem henta áhuga og þroska hvers og eins.

##### Uppbygging kennslu

Námið byggist á verklegum verkefnum nemenda, tilraunum og æfingum. Lögð er áhersla á að nemendur bæti við þekkingu og getu, og vinni hver og einn á sínum hraða og með sinni getu.

##### Kennsluaðferðir

Þær kennsluaðferðir sem helst eru notaðar eru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, umræðu og spurnaraðferðir ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

##### Námsefni

Námsgögn eru áhöld og efniviður sem henta nemendum hverju sinni og eru til staðar í myndmenntastofunni. Stuðst er við hugmyndir af netinu og efni frá kennara haft til hliðsjónar.

Námsmat er birt í Námfús eftir hverja lotu gefið er í A, B+, B, C+, C og D, auk þess fá nemendur leiðsagnamat þegar við á. Metið er eftir hæfniviðmiðum Aðalnámsskrár.

#### Aðstaða

Myndmenntastofa skólans er stór og góð og einnig vel búin tækjum og tólum. Ef stórir hópar eru þá er svæði fyrir framan listgreinastofurnar einnig notað.

#### Covid-19

16.mars – 30.apríl féll myndmennt niður hjá öllum árgöngum skólans vegna Covid. Þau verkefni sem lagt var upp með á skólaárinu riðluðust vegna þessa og nemendur fengu mun minna tímamagn í greininni en venjulega hefði orðið. Kensluáætlanir voru uppfærðar með tilliti til þessa.

#### Verkefni vetrarins

##### 1.bekkur

- Safnmappa
- Teikning, sjálfsmynd
- Lita- og formfræði, fiðrildi
- Litafræði, grunnlitirnir
- Mótun, tröll
- Teiknin, olúpastel

#### Mat á starfi vetrarins

Starfið með 1.bekk gekk vel í vetur. Nemendunum var skipt í tvo hópa með 12 og 15 nemendum í hóp. Þessi stærð af hóp var ekki góð, alltof margir nemendur og erfitt að mæta þörfum þeirra með góðu móti. Í janúar fóru allir nemendur í 1. og 2. bekk í fjöggra vikna þemavinnu þar sem allar listgreinar unnu saman við uppsetningu á Dýrunum í Hálsaskógi. Nemendur bjuggu til búninga, gerðu leikmynd og leikmuni í list- og verkgreinum.

##### 2.bekkur

- Safnmappa
- Teikning, fjölskyldan mín
- Litafræði tilraunir og litahringurinn
- Mótun, sjálfsmynd
- Formfræði, dýr

#### Mat á starfi vetrarins

Starfið með 2.bekk gekk vel í vetur. Nemendunum var skipt í tvo hópa með 9 og 10 nemendum í hóp. Í janúar fóru allir nemendur í 1. og 2. bekk í fjöggra vikna þemavinnu þar sem allar listgreinar unnu saman við uppsetningu á Dýrunum í Hálsaskógi. Nemendur bjuggu til búninga, gerðu leikmynd og leikmuni í list- og verkgreinum.

##### 3. bekkur

- Safnmappa
- Teikning, myndbygging
- Litafræði, heitir og kaldir litir
- Formfræði, vélmenni
- Teikning, uppstilling
- Línur, bókamerki



#### Mat á starfi vetrarins

Starfið með 3.bekk gekk vel í vetur. Nemendum var skipt upp í 2 hópa með 11-12 nemendum í hóp. Í október fóru allir nemendur í 3. bekk í fjögura vikna þemavinnu þar sem allar listgreinar unnu saman við uppsetningu á sögum eftir Astrid Lindgren. Nemendur bjuggu til leikbrúður úr pappamassa, búninga, gerðu leikmynd og leikmuni í list- og verkgreinum.

#### 4.bekkur

- Safnmappa
- Teikning, listamaður
- Grafík, frauðþrykk
- Mótun, fingrapottar
- Málun, listamaður
- Litafræði
- Teikning, sjónarhorn

#### Mat á starfi vetrarins

Starfið með 4.bekk gekk vel í vetur. Nemendum var skipt upp í 3 hópa með 12-13 nemendum í hóp og var það mjög góð stærð af hópum. Í janúar settu nemendur upp leikriti um Bakkabræður. Þau unnu leikmynd í listgreinum.

#### 5. bekkur

- Safnmappa
- Teikning, 1.p fjarvídd
- Teikning, speglun
- Mótun, fingrapottar
- Teikning og mótun fuglar

#### Mat á starfi vetrarins

Nemendum var skipt upp í 3 hópa með 13-14 nemendum í hóp. Hópastærðin var ekki hentur þar sem samsetningin var krefjandi og með þessum fjöld var erfitt að koma til móts við og aðstoða nemendur. Byrjað var á að vinna leikmynd fyrir Bláa hnöttinn, en vegna Covid þá var leikritið ekki sýnt og leikmyndin því ekki kláruð.

#### 6.bekkur

- Safnmappa
- Málun, Louisa Matthíasdóttir
- Mótun, box
- Klippimynd, andlit og áhugamál
- Teikning Jón Baldur Hlíðberg

#### Mat á starfi vetrarins

Nemendum var skipt upp í 3 hópa með 14 nemendum í hóp en það voru mjög stórir hópar. Starfið gekk vel og nemendur áhugasamir og duglegir í vinnu sinni. Á dagskrá var að vinna leikmynd við Benjámín dúfu en vegna Covid sú vinna ekki unnin.

#### 7. bekkur

- Safnmappa
- Teikning, 2.p fjarvídd
- Mótun, listamaður

- Litafræði, litatónar
- Málun, listamaður- Ópið
- Teikning, listamaður – Mona Lisa

#### Mat á starfi vetrarins

Nemendum var skipt í 3 hópa með 13 nemendum. Nemendur unnu stórt verkefni í listgreinum í þemanu um líkamann. Þau unnu 2-3 saman og fengu eitt líffæri eða líkamspart til að þæfa í svamp í þrívídd. Verkefnið tók mun lengri tíma en áætlað var en útkoman var mjög falleg.

#### 8. - 10.bekkur

- Mótun
- Vatnslitun
- Skrautskrift og leturgerð
- Tvívítt, þrívítt með pappír
- Myndmennt 1
- Myndmennt 2
- Myndmennt 3
- Myndmennt 4

#### Mat á starfi vetrarins

Listgreinar á unglíngastigi voru kenndar í vali. Upplýsingar um val og kennsluáætlanir má finna á vef Sjálandsskóla.

#### Skýrsla kennara í smíði og hönnun

##### Helstu markmið

Í smíði er unnið eftir markmiðum Aðalnámsskrár grunnskóla. Áhersla er lögð á að nemendur vinni fjölbreytt og skapandi verkefni sem henta áhuga og þroska hvers og eins.

##### Uppbygging kennslu

Námið byggist á verklegum verkefnum nemenda, tilraunum og æfingum. Lögð er áhersla á að nemendur bæti við þekkingu og getu, og vinni hver og einn á sínum hraða og með sinni getu.

##### Kennsluáðferðir

Þær kennsluáðferðir sem helst eru notaðar eru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, umræðu og spurnaraðferðir ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

##### Námsefni

Námsgögn eru áhöld og efniviður sem henta nemendum hverju sinni og eru til staðar í smíðastofunni. Stuðst er við hugmyndir af netinu og efni frá kennara haft til hliðsjónar. Námsmat er birt í Námfús eftir hverja lotu gefið er í A, B+, B, C+, C og D, auk þess fá nemendur leiðsagnamat þegar við á. Metið er eftir hæfniviðmiðum Aðalnámsskrár.

##### Aðstaða

Smíðastofa skólans er stór og góð og einnig vel búin tækjum og tólum. En smíðastofan er ekki gerð fyrir fleiri en 14 nemendum og helst ekki fleiri en 12 nemendum. Margir hópar voru of stórir í vetur.

##### Covid-19

16.mars – 30.apríl féll smíði og hönnun niður hjá öllum árgöngum skólans vegna Covid. Þau verkefni sem lagt var upp með á skólaárinu riðluðust vegna þessa og nemendur fengu mun minna tímamagn í greininni en venjulega hefði orðið. Kensluáætlanir voru uppfærðar með tilliti til þessa.

#### Verkefni vetrarins

##### 1.bekkur

- Blómapottaskraut; sagað, pússað og málað/litað.
- Fugl; sagað, pússað og málað.
- Bátur; teiknað, sagað, pússað, neglt og límt .
- Leikmynd; Dýrin í Hálsaskógi

#### Mat á starfi vetrarins

Starfið með 1.bekk gekk vel í vetur. Nemendunum var skipt í tvo hópa með 12 og 15 nemendum í hóp. Þessi stærð af hóp var ekki góð, alltof margir nemendur og erfitt að mæta þörfum þeirra með góðu móti. Í janúar fóru allir nemendur í 1. og 2. bekk í fjöggra vikna þemavinnu þar sem allar listgreinar unnu saman við uppsetningu á Dýrunum í Hálsaskógi. Nemendur bjuggu til búninga, gerðu leikmynd og leikmuni í list- og verkgreinum.

##### 2.bekkur

- Blómapottaskraut; sagað, pússað og málað/litað.
- Fugl; sagað, pússað og málað.
- Bátur; teiknað, sagað, pússað, neglt og límt .
- Leikmynd; Dýrin í Hálsaskógi

#### Mat á starfi vetrarins

KStarfið með 2.bekk gekk vel í vetur. Nemendunum var skipt í tvo hópa með 9 og 10 nemendum í hóp. Í janúar fóru allir nemendur í 1. og 2. bekk í fjöggra vikna þemavinnu þar sem allar listgreinar unnu saman við uppsetningu á Dýrunum í Hálsaskógi. Nemendur bjuggu til búninga, gerðu leikmynd og leikmuni í list- og verkgreinum.

##### 3.bekkur

- Lyklahús; hannað, teiknað, sagað, pússað, málað og sett saman.
- Fiskur; teiknað, sagað, pússað, málað og sett saman.
- Leikmynd; brúðuleikhús Emil í kattholti

#### Mat á starfi vetrarins

Starfið með 3.bekk gekk vel í vetur. Nemendum var skipt upp í 2 hópa með 11-12 nemendum í hóp. Í október fóru allir nemendur í 3. bekk í fjöggra vikna þemavinnu þar sem allar listgreinar unnu saman við uppsetningu á sögum eftir Astrid Lindgren. Nemendur bjuggu til leikbrúður úr pappamassa, búninga, gerðu leikmynd og leikmuni í list- og verkgreinum.

##### 4.bekkur

- Lyklahankar eða snagar
- Smjörhnífur
- Módel af kennslusvæði

#### Mat á starfi vetrarins

Starfið með 4.bekk gekk vel í vetur. Nemendum var skipt upp í 3 hópa með 12-13 nemendum í hóp og var það mjög góð stærð af hópum. Í janúar settu nemendur upp leikriti um Bakkabræður. Þau unnu leikmynd í listgreinum.

#### 5. bekkur

- Nýsköpun; gagnvirkt plakat og stuttar æfingar í skapandi hugsun
- Nýsköpun; spil fyrir samnemanda
- Smíði; skurðarbretti
- Smíði; smjörhnífur eða steikingarspaði

#### Mat á starfi vetrarins

Nemendum var skipt upp í 3 hópa með 13-14 nemendum í hóp. Hópastærðin var ekki hentug þar sem samsetningin var krefjandi og með þessum fjölda var erfitt að koma til móts við og aðstoða nemendur. Byrjað var á að vinna leikmynd fyrir Bláa hnöttinn, en vegna Covid þá var leikritið ekki sýnt og leikmyndin því ekki kláruð.

#### 6.bekkur

- Nýsköpun; gagnvirkt plakat og stuttar æfingar í skapandi hugsun
- Smíði; smjörhnífur eða steikingarspaði
- Smíði; lyklakippa úr plexigleri
- Smíði; kubbadagatal (náðu ekki allir að gera vegna Covid'19)

#### Mat á starfi vetrarins

Nemendum var skipt upp í 3 hópa með 14 nemendum í hóp en það voru mjög stórir hópar. Starfið gekk samt sem áður vel og nemendur áhugasamir og duglegir í vinnu sinni. Á dagskrá var að vinna leikmynd við Benjamín dúfu en vegna Covid sú vinna ekki unnin.

#### 7.bekkur

- Nýsköpun; gagnvirkt plakat og stuttar æfingar í skapandi hugsun
- Smíði; smjörhnífur eða steikingarspaði
- Smíði; lyklakippa/hálsmen úr málmi
- Smíði; kubbadagatal (náðu ekki allir að gera vegna Covid'19)

#### Mat á starfi vetrarins

Nemendum var skipt í 3 hópa með 13 nemendum. Nemendur unnu stórt verkefni í listgreinum í þemanu um líkamann. Þau unnu 2-3 saman og fengu eitt líffæri eða líkamspart til að þæfa í svamp í þrívídd. Verkefnið tók mun lengri tíma en áætlað var en útkoman var mjög falleg.

#### Valgreinar í 8. - 10.bekk

- Nýsköpun x2
- Lego forritun og hönnun
- Smíði og hönnun
- Raftækni
- Málmsmíði
- Smíðastofuval
- Tálgun og útskurður

## Skýrsla kennara í sundi

Markmið sundkennslunnar er að nemendur hafi gaman af því að vera í vatni, séu óhrædd, hreyfi sig og geti hugsanlega notað sér sund sem holla og góða hreyfingu í framtíðinni. Allir nemendur fara einu sinni í viku í sund í 40 mín en misjafnt er hvort tímarnir eru kynjaskiptir eða ekki.

### Uppbygging kennslu

1. bekkur – Að nemendum líði vel í vatni og öðlist öryggi í því í gegnum æfingar og leiki. Eins að nemendur læri og tileinki sér þær reglur sem gilda fyrir, eftir og í sundtímanum.
2. bekkur - Að nemendur fari eftir þeim öryggis-, skipulags- og umgengnisreglum sem gilda á sundstað.
3. bekkur – Að nemendur fái frekari kennslu í sundaðferðunum fimm: bringu-, skólabak-, skrið-, bak- og flugsundi.
4. bekkur – Að nemendur læri að vinna saman, beri virðingu fyrir getu hvers annars, geti farið eftir reglum í leikjum og tekist á við sigra og töp.
5. bekkur – Að nemendur átti sig á mikilvægi hreinlætis tengt sundiðkun og geri sér grein fyrir mikilvægi öryggis- og umgengnisreglna.
6. bekkur – Að nemendur efli leikni, styrk og þol.
7. bekkur – Að nemendur þjálfist frekar í sundaðferðunum (bringu-, bak-, skrið-, björgunar-, flug- og skólabaksund), geti nýtt sér sund sem eina tegund þolþjálfunar og geti bjargað jafningja á sundi stutta sundleið.
8. bekkur - Að nemendur geti sett sér skammtíma- og langtímamarkmið í sundi og gert og framkvæmt eigin þjálfunaráætlun á grundvelli niðurstaðna prófa.
9. bekkur - Að nemendur skilji mikilvægi virðingar og góðrar framkomu til að efla liðsandann og skilji mikilvægi góðrar ástundunar, sjálfsaga, sjálfstæðra vinnubragða, samvinnu og tillitssemi í tengslum við góðan árangur í sundi.
10. bekkur - Að nemendur geti tekið ákvarðanir á grundvelli öryggis- og umgengnisreglna, brugðist við óvæntum aðstæðum og bjargað sér í vatni og öðrum.

### Kennsluaðferðir

Ýmsar kennsluaðferðir eru hafðar að leiðarljósi í sundkennslunni til að auka fjölbreytnina eins og samvirkt nám, paravinna, einstaklingsmiðað nám, uppgötvunarnám, leikir, verklegar æfingar, sýnikennsla, útlitunarkennsla svo eitthvað sé nefnt.

### Námsmat

Námsmat er birt í Námfús. Nemendur taka ákveðin próf í hverjum árgangi sem miðast að því hvað er kennt á hverju aldurstigi. Þetta kemur fram í kennsluáætlunum.

### Aðstaða

Kennt er í 12,5m innisundlaug í Sjálandsskóla.

### Annað

Finna má [kennsluáætlanir](#) í sundi inni á heimasíðu Sjálandsskóla.

### Mat á starfi vetrarins

Sundtímarnir gengu heilt yfir mjög vel í vetur. Hópastærðin gekk upp í öllum árgöngum þ.e ekki of margir í hverjum tíma, þéttir tímar í 8. og 9. bekk pilta en það gekk upp með góðu skipulagi. Í unglingadeild var boðið upp á að klára 25 tíma og öll sundpróf og eftir það þyrftu nemendur ekki að mæta í sund. Þeir sem mæta mættu en hinir ekki, munum halda þessu áfram næsta vetur.

Síðustu tvö ár hafa sundtímarnir í 1. og 2. bekk verið á þriðjudögum en fyrir það alltaf á miðvikudögum. Það er betra að kenna yngstu nemendunum á miðvikudögum því þá er hægt að hita laugina þar sem

ekki eru unglingar í sundi eftir hádegi þann dag. Mikilvægt að hafa laug heitari þar sem kennari er ofan í, í 3-5 tíma samfelld. Eftir svona langan tími ofan í laug er kennari soðin og því var gott á árum áður að vera ekki að kenna eftir hádegi.

Það þarf að skoða betur tímasetningar fyrir sérkennslu og auka tímann þar sem langan tíma tekur að koma nemendum ofan í laug.

Covid-19 það var enginn sundkennsla í samkomubanninu.

## Skýrsla kennara í textílmennt

Helstu markmið

Í textílmennt er unnið eftir markmiðum Aðalnámsskrár grunnskóla. Áhersla er lögð á að nemendur vinni fjölbreytt og skapandi verkefni sem henta áhuga og þroska hvers og eins.

Uppbygging kennslu

Námið byggist á verklegum æfingum, tilraunum og skapandi verkefnum nemenda. Lögð er áhersla á að nemendur bæti við þekkingu sína og getu. Hver og einn vinnur á sínum hraða, með þeim verkfærum sem hæfa getu og áhuga nemenda.

Kennsluaðferðir

Þær kennsluaðferðir sem helst eru notaðar eru innlagnir, sýnikennsla og verklegar æfingar. Með leiðbeinandi kennsluháttum eru nemendur sérstaklega hvattir til sjálfstæðra vinnubragða.

Námsefni

Námsgögn eru áhöld og efniviður sem henta nemendum hverju sinni og eru til staðar í textílmenntastofunni. Stuðst er við hugmyndir af netinu og efni frá kennara haft til hliðsjónar. Námsmat er birt í Námfús eftir hverja lotu gefið er í A, B+, B, C+, C og D. Metið er eftir hæfniviðmiðum Aðalnámsskrár. Leiðbeinandi kennsluhættir leiða það af sér að nemendur fá stöðugt leiðsagnarmat sem varðar leið þeirra að settu marki.

Aðstaða

Textílmenntastofa skólans er búin góðum tækjum og tólum og nóg er af efnivið bæði aðkeyptum og ekki síst af fatnaði og öðrum efnum sem auðvelt er að endurnýta. Mikið af efni kemur beint frá nemendum og aðstandendum þeirra.

Textílmenntastofan rúmar að hámarki 12 nemendur, en auk þess er hægt að nýta svæðið fyrir framan listgreinastofunnar þegar unnið er að plássfrekum verkefnum.

Aðeins er pláss fyrir 9 saumavélar í stofunni og því þurfa nemendur mikið að skiptast á.

Covid-19

16. mars – 30. apríl féll kennsla textílmennt niður hjá öllum árgöngum skólans vegna Covid. Þau verkefni sem lagt var upp með á skólaárinu riðluðust vegna þessa og nemendur fengu mun minna tímamagn í greininni en venjulega hefði orðið. Kennsluáætlanir voru uppfærðar með tilliti til þessa.

Öllum árgöngum var boðið upp á garn og annað efni til að vinna með í samkomubanninu og kennarar hvattir til að gera dúska með nemendum og hengja í tré í nágrenni skólans.

Verkefni vetrarins

1. bekkur

- Fuglar – ofnir
- Vinabönd -snúrur
- Dúskar
- Hveitibatik púðar
- Þræðispors dúkar

#### Mat á starfi vetrarins

Starfið með 1.bekk gekk ágætlega í vetur. Nemendunum var skipt í tvo hópa með 12 og 15 nemendum í hóp. Þetta voru of fjölmennir hópar sem gerði það að verkum að erfitt var að mæta þörfum nemenda með góðu móti. Einfalda þurfti verkefni og ekki var hægt að láta alla nemendur gera öll verkefni.

Í janúar fóru allir nemendur í 1. og 2. bekk í fjögura vikna þemavinnu þar sem allar listgreinar unnu saman við uppsetningu á Dýrunum í Hálsaskógi. Nemendur bjuggu til búninga, gerðu leikmynd og leikmuni í list- og verkgreinum.

#### 2. bekkur

- Draumafangari
- Púðar – hnýttir
- Puttaprjón
- Músabangsar - handsaumaðir

#### Mat á starfi vetrarins

Starfið með 2.bekk gekk vel í vetur. Nemendunum var skipt í tvo hópa með 9 og 10 nemendum í hverjum hóp. Í janúar fóru nemendur 2. bekk í fjögura vikna þemavinnu þar sem allar listgreinar unnu saman við uppsetningu á Dýrunum í Hálsaskógi. Nemendur bjuggu til búninga, gerðu leikmynd og leikmuni í list- og verkgreinum.

#### 3. bekkur

- Mylla og stafur
- Blómapottur
- Húllamotta
- Frjálst val – handsaumaður bangsi, puttaprjón, vefnaður

#### Mat á starfi vetrarins

Nemendum var skipt upp í 2 hópa með 11-12 nemendum í hóp. Í október fóru nemendur í 3. bekk í fjögura vikna þemavinnu þar sem allar listgreinar unnu saman við uppsetningu sögum eftir Astrid Lindgren. Nemendur bjuggu til leikbrúður úr pappamassa og og efni, búninga og gerðu leikmynd og leikmuni í list- og verkgreinum.

#### 4. bekkur

- Mylla og stafur
- Húllamotta
- Krosssaumspúði

#### Mat á starfi vetrarins

Nemendum var skipt upp í 3 hópa með 12-13 nemendum í hóp. Starfið og vinnan gekk vel í vetur. Í janúar settu nemendur upp leikrit um Bakkabræður og gerðu leikmyndina í listgreinum.

#### 5. bekkur

- Prjón – uppfit og garðaprjón
- Skrímslapennaveski – saumavél og handsaumur
- Frjálts verkefni

#### Mat á starfi vetrarins

Nemendum var skipt upp í 3 hópa með 13-14 nemendum í hóp. Hóparnir voru stórir og samsetning nemenda krefjandi þannig að erfitt var að koma til móts við og sinna öllum nemendum. Byrjað var að vinna leikmynd og búninga fyrir Bláa hnöttinn, en vegna Covid þá var leikritið ekki sýnt en gerð var bíómynd þar sem leikmyndin og búningarnir voru nýttir.

## 6. bekkur

- Mylla og stafur
- Saumavélapróf
- Kollar
- Skrímslabangsar – hönnun, útsaumur, vélsaumur
- Þæfðir boltar

### Mat á starfi vetrarins

Nemendum var skipt upp í 3 hópa með 14 nemendum í hóp, en það voru mjög stórir hópar. Starfið gekk samt ágætlega og voru nemendur áhugasamir og duglegir í vinnu sinni. Til stóð að vinna þemavinnu í tengslum við Benjamín dúfu en vegna Covid féll sú vinna niður.

## 7. bekkur

- Mylla og stafur
- Saumavélapróf
- Kollar
- Krosssaumur
- Bútaumur

### Mat á starfi vetrarins

Nemendur var skipt í 3 hópa með 13 nemendum. Starfið gekk vel og nemendur áhugasamir og duglegir í vinnu sinni. Nemendur unnu stórt verkefni í listgreinum í þema um líkamann. 2-3 saman þæfðu saman stórt líffæri sem valið var fyrir þá. Verkefnið tók mun lengri tíma en áætlað var en útkoman er mjög góð.

## 8. - 10. bekkur

- Þrykk
- Íþróttir sem byrja á B
- Þrjón og hekl
- Stíll
- Textílmennt 1
- Textílmennt 2
- Textílmennt 3
- Textílmennt 4

### Mat á starfi vetrarins

Listgreinar á unglíngastigi voru kenndar í vali. Upplýsingar um val og [kennsluáætlanir](#) má finna á vef Sjálandsskóla.

### Skýrsla kennara í tónmennt

Í tónmennt er uppbygging kennslustunda ólík á milli árganga.

#### 1. bekkur

##### Helstu markmið

Áhersla var lögð á að nemendur lærðu að syngja fjölbreytt lög og vinna með tónlist og frumpætti hennar á fjölbreyttan hátt. Helstu markmið voru að nemendur geti:

- sungið í hópi með skýrum framburði
- leikið á skólahljóðfæri í takt við tónlist
- notað grafíska nótnaskrift við skráningu og flutning tónlistar
- þekkt útlit og hljóð nokkurra hljóðfæra
- tekið þátt í samspili samnemenda með skólahljóðfæri



- helstu styrkleikamerkin í tónlist

### Uppbygging kennslu

Kennslustundir fyrsta bekkjar voru gjarnan brotnar upp í 15 - 25 mínútuna einingar. Tvö til þrjú viðfangsefni voru því gjarnan undir í hverri fjórtíu mínútna kennslustund. Kennslustundirnar hófust í flestum tilfellum á fjöldasöng eða öðru sem krefst þátttöku alls hópsins. Í kjölfarið fylgdi megin viðfangsefni tímans og í lok kennslustundar var gjarnan farið í hreyfileik eða tekist á við annað viðfangsefni sem krefst annarskonar einbeitingar en megin viðfangsefni tímans.

### Kennsluaðferðir

Tónmenntakennsla í fyrsta bekk byggir á að nemendur séu virkir þátttakendur í tímum, hvort sem um söng, hreyfingu, hljóðfæraleik eða sköpun er að ræða. Einnig var unnið töluvert með hlustun þar sem nemendur voru þjálfaðir í að hlusta á einstök hljóð, hljóðfæri, laglínur og lögun þeirra. Samþætting námsgreina er eitt af einkennum Sjálandskóla og er tónmennt tengd þeim námshópa þegar það á við. Þau þemu fyrsta bekkjar sem tónmennt var fléttuð inn í veturinn 2019 - 2020 voru:

- Skólinn og ég
- Veður
- Vinavika
- Jólþema (leikrit)
- Dýrin í Hálsaskógi
- Tröll

### Námsefni

Námsefni var að mestu útbúið af tónmenntakennara en auk þess var unnið með námsefnið:

- Tónlist og umhverfið
- Tónlist og líkaminn
- Það var lagið
- Tónmennt 1
- Music express Year 1 (þýtt og staðfært af tónmenntakennara)

Unnið var með tónlistaröppin:

- Music4Kids
- Musyc
- Tunetrain
- Dot drummer
- Loopimal

### Námsmat

Námsmat var birt í Námfús. Matsskalinn A, B+, B, C+, C og D var notaður og voru eftirfarandi þættir metnir að nemandi geti:

- Leikið á skólahljóðfæri í takt við undirleik
- Þekkir valin hljóðfæri sífóníuhljómsveitar í sjón og heyrn
- Tekið þátt í fjöldasöng

## 2. bekkur

### Helstu markmið

Áhersla var lögð á að nemendur lærðu að syngja fjölbreytt lög og vinna með tónlist og frumpætti hennar á fjölbreyttan hátt. Helstu markmið voru að nemendur geti:

- beitt rödd sinni á viðeigandi hátt í samsöng og fyrir áheyrendur

- sungið í hóp með skýrum framburði
- leikið á skólahljóðfæri í takt við tónlist
- notað grafíska nótnaskrift við skráningu og flutning tónlistar
- leikið einfalt stef eða takt á skólahljóðfæri í samspili með öðrum nemendum
- þekkt helstu styrkleikamerki og leikið og sungið eftir þeim
- þekkt helstu lengdargildi nótna og leikið á skólahljóðfæri eftir þeim
- samið í hóp einfalt hljóð- eða tónverk
- leikið þrástef á skólahljóðfæri

### Uppbygging kennslu

Kennslustundir annars bekkjar voru gjarnan brotnar upp í 15 - 30 mínútuna einingar. Tvö til fjögur viðfangsefni voru því gjarnan undir í hverri sextíu mínútna kennslustund. Kennslustundirnar hófust í flestum tilfellum á fjöldasöng eða öðru sem krefst þátttöku alls hópsins. Í kjölfarið fylgdi megin viðfangsefni tímans og í lok kennslustundar var gjarnan farið í hreyfileik eða tekist á við annað viðfangsefni sem krefst annarskonar einbeitingar en megin viðfangsefni tímans.

### Kennsluaðferðir

Tónmenntakennsla í öðrum bekk byggir á að nemendur séu virkir þátttakendur í tímum, hvort sem um söng, hreyfingu, hljóðfæraleik eða sköpun er að ræða. Einnig var unnið töluvert með hlustun þar sem nemendur voru þjálfaðir í að hlusta á einstök hljóð, hljóðfæri, laglínur og lögun þeirra. Samþætting námsgreina er eitt af einkennum Sjálandsskóla og er tónmennt tengd þeimur námshópa þegar það á við. Þau þemu annars bekkjar sem tónmennt var fléttuð inn í veturinn 2019 - 2020 voru:

- Skólinn og umhverfið
- Veður
- Jólaleikrit
- Dýrin í Hálsaskógi
- Líkaminn

### Námsefni

Námsefni var að mestu útbúið af tónmenntakennara. Auk þess var unnið með námsefnið:

- Tónlist og líkaminn
- Tónlist og umhverfið
- Það var lagið
- Tónmennt 1
- Tónmennt 2
- Music express Year 2 (þýtt og staðfært af tónmenntakennara)

Unnið var með tónlistaröppin:

- Music4Kids
- Musyc
- LoopsequeKids
- Drummer

### Námsmat

Námsmat var birt í Námfús. Matsskalinn A, B+, B, C+, C og D var notaður og voru eftirfarandi þættir metnir:

- Getur leikið á skólahljóðfæri í takt við undirleik
- Þekkir valin hljóðfæri eftir heyrn
- Getur sungið í hóp með skýrum framburði
- Þekkir nokkur styrkleikamerki
- Getur raðað hljóðbútum saman í stutt hljóðverk í spjaldtölvu

- Getur búið til grafíska nótnaskrift og leikið eftir henni einfalt hljóðverk

### 3. bekkur

#### Helstu markmið

Áhersla var lögð á að nemendur lærðu að syngja fjölbreytt lög og vinna með tónlist og frumpætti hennar á fjölbreyttan hátt. Helstu markmið voru að nemendur geti:

- Beitt rödd sinni á viðeigandi hátt í samsöng og fyrir áheyrendur
- Leikið einfalda útsetningu á skólahljóðfæri
- Leikið á skólahljóðfæri í takt við undirleik
- Skráð nótnaheiti einfaldrar laglínu eftir heyrn
- Þekkt helstu styrkleikamerki og leikið og sungið eftir þeim
- Þekkt útlit og hljóð helstu hljóðfæra stengja- málmblásturs- og tréblásturshljóðfæra
- Skapað og flutt eigin tónsmíð í hóp
- Spunnið einfaldan spuna í takt við undirspil
- Þekkt og sungið nokkur íslensk þjóðlög

#### Uppbygging kennslu

Uppbygging kennslu í þriðja og fjórða bekk fer mikið eftir þeim efnispáttum sem unnið er með. Mörg verkefni hópsins í vetur voru verkefni sem náðu yfir fleiri en eina kennslustund. Oft á tíðum voru þetta verkefni sem tengdust þeim þemum sem nemendur voru í hverju sinni. Kennslustundirnar voru engu að síðar skipulagðar sem einingar með skýru upphafi þar sem nemendur voru virkjaðir í söng eða leik til að fanga athygli þeirra og gera alla sem virkasta áður en ráist var í megin viðfangsefni tímans.

#### Kennsluaðferðir

Tónmenntakennsla í þriðja bekk byggir á að nemendur séu virkir þátttakendur í tímum, hvort sem um söng, hreyfingu, hljóðfæraleik eða sköpun er að ræða. Einnig var unnið nokkuð með spaldtölvur í nemendahópnum. Samþætting námsgreina er eitt af einkennum Sjálands skóla og er tónmennt tengd þemum námshópa þegar það á við. Þau þemu þriðja bekkjar sem tónmennt var fléttuð inn í veturinn 2019 - 2020 voru:

- Náttúran og tíminn
- Astrid Lindgren
- Jólin
- Ísland
- Afríka
- Húsdýr

#### Námsefni

Námsefni var að mestu útbúið af tónmenntakennara. Auk þess var unnið með námsefnið:

- Tónlist og Afríka
- Það var lagið
- Music express Year 3 og 4 (þýtt og staðfært af tónmenntakennara)

Unnið var með tónlistaröppin:

- Musyc
- Drummer
- Figure

#### Námsmat

Námsmat var birt í Námfús. Matsskalinn A, B+, B, C+, C og D var notaður og voru eftirfarandi þættir metnir. Nemandi getur...

- Leikið einfalt undirspil sönglags á skólahljóðfæri

- Beitt rödd sinni á viðeigandi hátt í samsöng
- Leikið og skráð stutta laglínu eftir heyrn

#### 4. bekkur

##### Helstu markmið

Áhersla var lögð á að nemendur lærðu að syngja fjölbreytt lög og vinna með tónlist og frumþætti hennar á fjölbreyttan hátt. Helstu markmið voru að nemendur geti:

- Beitt rödd sinni sem hljóðfæri í samsöng og spuna
- Tekið þátt í tónsköpun við eigin texta
- Leikið eigin tónsmíð á skólahljóðfæri
- Leikið einfalt þrástef
- Leikið á skólahljóðfæri í takt við undirleik
- Leikið einfalda útsetningu á skólahljóðfæri
- Skráð nótnaheiti einfaldrar laglínu eftir heyrn
- Þekkt helstu styrkleikamerki og leikið og sungið eftir þeim
- Þekkt útlit og hljóð helstu hljóðfæra stengja- málmblásturs- og tréblásturshljóðfæra
- Spunnið einfaldan spuna í takt við undirspil
- Þekkt og sungið nokkur íslensk þjóðlög

##### Uppbygging kennslu

Uppbygging kennslu í fjórða bekk fer mikið eftir þeim efnisþáttum sem unnið er með. Mörg verkefni hópsins í vetur voru verkefni sem náðu yfir fleiri en eina kennslustund. Oft á tíðum voru þetta verkefni sem tengdust þeim þemum sem nemendur voru í hverju sinni. Kennslustundirnar voru engu að síðar skipulagðar sem einingar með skýru upphafi þar sem nemendur voru virkjaðir í söng eða leik til að fanga athygli þeirra og gera alla sem virkasta áður en ráist var í megin viðfangsefni tímans.

##### Kennsluaðferðir

Tónmenntakennsla í fjórða bekk byggir á að nemendur séu virkir þátttakendur í tímum, hvort sem um söng, hreyfingu, hljóðfæraleik eða sköpun er að ræða. Einnig var unnið nokkuð með spjalddölvur í nemendahópnum. Samþætting námsgreina er eitt af einkennum Sjálands skóla og er tónmennt tengd þemum námshópa þegar það á við. Þau þemu fjórða bekkjar sem tónmennt var flétuð inn í veturinn 2019 - 2020 voru:

- Garðabær
- Saga mannkyns
- Ísland áður fyrr
- Íslenskir rithöfundar

##### Námsefni

Námsefni var að mestu útbúið af tónmenntakennara. Auk þess var unnið með námsefnið:

- Það var lagið
- Music express Year 3 og 4 (þýtt og staðfært af tónmenntakennara)

Unnið var með tónlistaröppin:

- Musyc
- Keezy
- Drummer
- Figure

##### Námsmat

Námsmat var birt í Námfús. Matsskalinn A, B+, B, C+, C og D var notaður og voru eftirfarandi þættir metnir. Nemandi getur...

- Í hóp leikið einfalda útsetningu lags á skólahljóðfæri
- Leikið einfalda útsetningu lags á hljóðfæri að eigin vali
- Beitt rödd sinni á viðeigandi hátt í samsöng

## 5. bekkur

### Helstu markmið

Áhersla var lögð á að nemendur lærðu að syngja fjölbreytt lög og vinna með tónlist og frumþætti hennar á fjölbreyttan hátt og nýta tölvutækni við tónsköpun og upptökur. Helstu markmið voru að nemendur geti:

- Beitt eigin rödd á viðeigandi hátt í ólíkum raddverkum og söng, bæði í eigin verkum og annarra
- Tekið virkan þátt í tónsköpun
- notað einföld tæki og forrit til að taka upp, skrásetja og setja saman eigið hljóð- eða tónverk
- leikið undirleik fyrir söng á hljóðfæri
- Samið stutt verk í spjaldtölvu
- Notað einföld tæki og forrit til að taka upp, skrásetja og setja saman eigið hljóð- eða tónverk

### Uppbygging kennslu

Uppbygging kennslu í fimmta bekk fer mikið eftir þeim efnisþáttum sem unnið er með. Mörg verkefni hópsins í vetur voru verkefni sem náðu yfir fleiri en eina kennslustund. Oft á tíðum voru þetta verkefni sem tengdust þeim þemum sem nemendur voru í hverju sinni. Kennslustundirnar voru engu að síðar skipulagðar sem einingar með skýru upphafi þar sem nemendur voru virkjaðir í söng eða leik til að fanga athygli þeirra og gera alla sem virkasta áður en ráist var í megin viðfangsefni tímans.

### Kennsluaðferðir

Tónmenntakennsla í fimmta bekk byggir á að nemendur séu virkir þátttakendur í tímum, hvort sem um söng, hreyfingu, hljóðfæraleik eða sköpun er að ræða. Nokkuð var unnið með spjaldtölvur og borðtölvur í nemendajópnum. Samþætting námsgreina er eitt af einkennum Sjálandskóla og er tónmennt tengd þemum námshópa þegar það á við. Þau þemu fimmta bekkjar sem tónmennt var fléttuð inn í veturinn 2019 - 2020 voru:

- Rafmagn
- Helgileikur
- Miðaldir
- Blái hnötturinn

### Námsefni

Námsefni var að mestu útbúið af tónmenntakennara. Auk þess var unnið með námsefnið:

- Music express Year 5 og 6 (þýtt og staðfært af tónmenntakennara)
- Í borðtölvum var unnið með Garageband tónlistarforritið.

Í spjaldtölvum var unnið var með tónlistaröppin:

- Garageband
- Drummer
- Keezy
- Figure
- Take
- Loopseque

### Námsmat

Námsmat var birt í Námfús. Matsskalinn A, B+, B, C+, C og D var notaður og voru eftirfarandi þættir metnir. Markmiðið var að nemandi geti...

- Beitt rödd sinni á viðeigandi hátt í söng/rappi og spuna
- Búið til stutt stef sem túlkar ákveðna persónu í tónlistarforriti
- Með hjálp tónlistarforrits samið stutt verk sem túlkar valda tilfinningu
- Samið stutt raftónlistarverk í spjaldtölvu

Sjálfamat og jafningjamat var auk þess notað í sambandi við tónsköpunarvinnu nemenda.

## 6. bekkur

### Helstu markmið

Áhersla var lögð á að nemendur lærðu að syngja fjölbreytt lög og vinna með tónlist og frumþætti hennar á fjölbreyttan hátt og nýta tölvutækni við tónsköpun og upptökur. Helstu markmið voru að nemendur geti:

- Beitt eigin rödd á viðeigandi hátt í ólíkum raddverkum og söng, bæði í eigin verkum og annarra
- Tekið virkan þátt í tónsköpun
- Leikið eigin tónsmíð á skólahljóðfæri
- leikið undirleik fyrir söng á hljóðfæri
- Samið stutt verk í spjaldtölvu
- Notað einföld tæki og forrit til að taka upp, skrásetja og setja saman eigið hljóð- eða tónverk

### Uppbygging kennslu

Uppbygging kennslu í sjötta bekk fer mikið eftir þeim efnisþáttum sem unnið er með. Mörg verkefni hópsins í vetur voru verkefni sem náðu yfir fleiri en eina kennslustund. Oft á tíðum voru þetta verkefni sem tengdust þeim þemum sem nemendur voru í hverju sinni. Kennslustundirnar voru engu að síðar skipulagðar sem einingar með skýru upphafi þar sem nemendur voru virkjaðir í söng eða leik til að fanga athygli þeirra og gera alla sem virkasta áður en ráist var í megin viðfangsefni tímans.

### Kennsluáðferðir

Tónmenntakennsla í sjötta bekk byggir á að nemendur séu virkir þátttakendur í tímum, hvort sem um söng, hreyfingu, hljóðfæraleik eða sköpun er að ræða. Nokkuð var unnið með spjaldtölvur og borðtölvur í nemendajópnum. Samþætting námsgreina er eitt af einkennum Sjálandskóla og er tónmennt tengd þemum námshópa þegar það á við. Þau þemu sjötta bekkjar sem tónmennt var fléttuð inn í veturinn 2019 - 2020 voru:

- Himingeimurinn
- Benjamín dúfa
- Norðurlöndin

### Námsefni

Námsefni var að mestu útbúið af tónmenntakennara. Auk þess var unnið með námsefnið:

- Music express Year 5 og 6 (þýtt og staðfært af tónmenntakennara)
- Í borðtölvum var unnið með Garageband tónlistarforritið.

Í spjaldtölvum var unnið var með tónlistaröppin:

- Garageband
- Drummer
- Keezy
- Figure
- Take

### Námsmat

Námsmat var birt í Námfús. Matsskalinn A, B+, B, C+, C og D var notaður og voru eftirfarandi þættir metnir. Markmiðið var að nemandi geti...

- Leikið á hljóðfæri einfalda útsetningu undir stjórn kennara
- Beitt rödd sinni á viðeigandi hátt í söng/rappi eða spuna
- Búið til rapptexta og/eða rappað og sungið eigin texta
- Búið til stutt stef í tónlistarforriti sem túlkar ákveðna tilfinningu eða persónu
- Í hóp túlkað ákveðið fyrirbæri eða atburðarrás í tónsköpun og leikið á hljóðfæri

Sjálffamat og jafningjamat var auk þess notað í sambandi við tónsköpunarvinnu nemenda.

## 7. bekkur

Helstu markmið

Áhersla var lögð á að nemendur lærðu að syngja fjölbreytt lög og vinna með tónlist og frumbætti hennar á fjölbreyttan hátt og nýta tölvutækni við tónsköpun og upptökur. Sérstök áhersla var á tónsköpun í sjöunda bekk og að nemendur þjálfuðust í að túlka afmarkaða þætti eins og tiltekna tilfinningu eða persónueinkenni í tónum. Helstu markmið voru að nemendur geti:

- tekið þátt í samspili með hljóðfæri eða söng
- Beitt eigin rödd á viðeigandi hátt í ólíkum raddverkum og söng, bæði í eigin verkum og annarra
- Notað einföld tæki og forrit til að taka upp, skrásetja og setja saman eigið hljóð- eða tónverk
- Samið hringitón eftir ákveðnum leiðbeiningum
- Samið kvikmyndatónlist við stuttmynd sem túlkar það sem er að gerast í myndinni
- greint einstaka þætti tónlistar eins og hljóðfæri, hraða, styrk og blæ og notað við eigin sköpun og flutning
- greint og að einhverju marki metið og endurskoðað eigin sköpunarverk og skólasystkina sinna í tónlist af sanngirni

Uppbygging kennslu

Tónsköpun var rauði þráðurinn í kennslu sjöunda bekkjar. Kennsla vetursins miðaði að því að kynna bæði aðferðir og tæki við tónsköpun sem henta hverju sinni. Þegar leið á veturinn snerist þessi vinna fyrst og fremst um kvikmyndatónlist og fengu nemendur innlagnir þar sem þeim voru kynntar aðferðir við tónsköpun fyrir kvikmyndir. Einnig voru valin kvikmyndatónskáld kynnt og verk þeirra. Vinna vetursins miðaðist að stórum hluta að því að gera nemendur hæfa til að takast á við lokaverkefni vor annarinnar sem var að semja kvikmyndatónlist við stuttmynd. Markvisst var unnið með tölvur, bæði borðtölvur og spjaldtölvur og tónlistarforrit við tónsköpunina og upptökur henni tengdri.

Kennsluaðferðir

Tónmenntakennsla í sjöunda bekk byggir á að nemendur séu virkir þátttakendur í tímum. Nokkuð var unnið með tölvur í tónsköpunar vinnunni en einnig með hefðbundin skóla- og rafmagnshljóðfæri. Í vetur var tónmennt samþætt í einu þema hjá sjöunda bekk og var það í þemanu *ástir og átök*. Í því sömdu nemendur tónlist við leikrit sem unnið var upp úr námsefni þemans og völdu auk þess nokkur lög sem nýr texti var saminn við sem féll að söguþræði og persónum leikritsins.

Námsefni

Námsefni var að mestu útbúið af tónmenntakennara. Auk þess var unnið með námsefnið:

- það er gaman að hlusta á kvikmyndatónlist

Í borðtölvum var unnið með Garageband tónlistarforritið og soundtrap forritið.

Í spjaldtölvum var unnið með tónlistaröppin:

- Garageband

- Gadget 2
- Figure
- Take

#### Námsmat

Námsmat var birt í Námfús. Matsskalinn A, B+, B, C+, C og D var notaður og voru eftirfarandi þættir metnir. Nemandi getur...

- Búið til texta og undirspil fyrir eigin söng/rapp í spjaldtölvu
- Sett saman og samið einfalda tónlist við stuttmynd sem túlkar ákveðnar tilfinningar

Sjálfamt og jafningamat var auk þess notað í sambandi við tónsköpunarvinnu nemenda.

#### 8. bekkur

##### Helstu markmið

Í tónmenntarkennslu áttunda bekkjar var megin áhersla á að kynna nemendum valda tónlistarstíla sem hafa skýr einkenni og henta vinnu með nemendahópum. Þessir tónlistarstílar voru: Þöglumynda tónlist, samba, blús, swing og hip hop.

Helstu markmið voru að nemendur geti:

- Í hóp samið og tekið upp blús lag og texta í spjaldtölvu
- Þekkt helstu einkenni blústónlistar
- Notað tölvu, hljóðfæri, eigin rödd o.fl. til að semja tónlist við þögla mynd
- Notað tölvu/spjaldtölvu til að skapa eigin tónsmíð eða hljóðverk þar sem unnið er með tónstiga, hljóma og laglínu
- Tekið þátt í tónsköpun og valið viðeigandi hljóðfæri og hljóðbúta til að túlka atburðarrás eða tilfinningu
- Tekið þátt í tónsköpun af einhverju tagi, sjálfum sér og öðrum til ánægju
- Þekkt helstu einkenni blús tónlistar
- Leikið einfaldan blús undirleik
- Þekki helstu einkenni samba tónlistar
- leikið samba rytma í samspili
- Leikið í samspili lag í swing takti

##### Uppbygging kennslu

Kennslustundi áttunda bekkjar voru 60 mínútur á viku. Kennsla áttunda bekkjar var byggð í kringum viðfangsefni sem flest tóku meira en eina kennslustund. Í flestum tilfellum hófst nýtt viðfangsefni á innlögn þar sem tiltekin tónlist eða aðferð var kynnt og að því loknu tókust nemendur á við verkefni sem í flestum tilfellum fólu í sér einhverskonar tónsköpun eða samspil.

##### Kennsluaðferðir

Tónmenntakennsla í áttunda bekk byggir á að nemendur séu virkir þátttakendur í tímum og að læra með því að skapa, hlusta og leika saman á hljóðfæri. Nokkuð var unnið með tölvur í tónsköpunar vinnunni en einnig með hefðbundin skóla- og rafmagnshljóðfæri.

##### Námsefni

Námsefni vetrarins var útbúið af tónmenntakennara.

Í borðtölvum var unnið með Garageband tónlistarforritið og soundtrap forritið.

Í spjaldtölvum var unnið með öppin:

- Garageband



- Gadget 2

### Námsmat

Námsmat var birt í Námfús. Matsskalinn A, B+, B, C+, C og D var notaður og voru eftirfarandi þættir metnir. Nemandi getur...

- Búið til blús texta og lag og útsett það í tónlistarforriti í spjaldtölvu
- Notað algeng tæki, hljóðfæri, rödd og forrit til að skapa eigin tónsmíð og/eða hljóðverk.
- Í stuttri tónnsköpun túlkað atburðarrás og tilfinningar með einföldum hætti og lifanti flutningi
- Leikið einfalda samba takta eða hljóma í undirspili lags eða beitt rödd sinni á viðeigandi hátt í samba söng

Sjálfsamt og jafningamat var auk þess notað í sambandi við tónsköpunarvinnu nemenda.

### 9. bekkur

#### Helstu markmið

Yfirskrift tónmenntar hjá níunda bekk í vetur var tuttugasta öldin og tónlist. Var þetta jafnframt heiti eins af þeimum bekkjarins. Tilgangur tónlistarhluta þemans var einkum að kynna nemendum sögu rytmískrar tónlistar og þau áhrif sem hún hefur haft á vestræna tónlist og ekki síst þá tónlist sem nemendur líta á sem sína tónlist. Helstu markmið voru að nemendur geti:

- Greint og ýtskýrt ólík tónlistarstílbrigði, hljóðfæri og hljóðgjafa og sett í persónulegt, sögulegt og menningarlegt samhengi
- Þekkt helstu tónlistarstíla rytmískrar tónlistar og sögulegt og menningarlegt samhengi þeirra
- Leikið einfaldan undirleik eða rytma á hljóðfæri í hljómsveit
- Skapa eigin tónsmíð og notað við það algeng tæki, hljóðfæri, rödd og forrit

#### Uppbygging kennslu

Kennslustundi níunda bekkjar voru 60 mínútur á viku. Kennsla vetrarins miðaðist við að kynna nemendum sögu rytmískrar tónlistar og þróun hennar í Bandaríkjunum á stærstum hluta síðustu aldar. Nemendur fengu innlagnir í námsefninu þar sem stuðst var við bókina Hljóðspor. Stærstan hluta vetrar var önnur hver kennslustund bókleg þar sem farið var í efni eins af köflum bókarinnar í formi innlagnar, hlustunar, umræðna og áhorfs á myndbúta. Kennslustundin á móti var svo verkleg þar sem nemendur fengu að spreita sig á að syngja og spila þann tónlistarstíl sem fjallað hafði verið um í tímanum á undan. Í sumum tilfellum prófuðu nemendur að semja og spinna í viðkomandi tónlistarstíl. Undir vorið stóð til að nemendur veldu sér svo ákveðin tónlistarstíl sem fjallað hafði verið um fyrr um veturinn, kynntu sér hann sérstaklega og sömdu, æfðu og tækju upp lag í þeim stíl. Af þessu varð þó ekki þar sem tónmenntakennsla féll niður stóran hluta vorannar vegna covid 19 ráðstafanna.

#### Kennsluaðferðir

Tónmenntakennsla í níunda bekk snerist um að skýra þróun og tilurð vestrænnar dægurtónlistar allt frá rótum hennar í Vestur Afríku til upphafs áttunda áratugarins. Framan af vetri voru innlagnir með tón- og mynddæmum fyrirferðamiklar. Þegar það átti við tóku nemendur þátt með söng og hljóðfæraleik og jafnvel spuna.

#### Námsefni

Námsefnið Hljóðspor var megin efni vetrarins en einnig námsefni útbúið af kennara.

#### Námsmat

Námsmat var birt í Námfús. Matsskalinn A, B+, B, C+, C og D var notaður og voru eftirfarandi þættir metnir: Nemandi getur...

- Þekkt helstu tónlistarstíla rytmískrar tónlistar og sögulegt og menningarlegt samhengi þeirra
- Leikið einfaldan undirleik eða rytma á hljóðfæri í hljómsveit

## 10. bekkur

### Helstu markmið

Tónmennt í tíunda bekk í vetur snerist að mestu um að skoða tónlist sem hluta af samfélaginu og víxlverkandi áhrif þessara tveggja þátta. Tónmenntakennsla vetrarins var lauslega tengd tveimur þemum í vetur. Þ.e. Þjóðfélagsfræði og stríðsára þema. Helstu markmið voru að nemendur geti:

- Tekið þátt í að skapa og flytja eigin verk og annarra, gagnrýnt og rökstutt út frá eigin smekk, stíltegund tónlistar og fagurfræði
- Útskýrt hvernig tónlist á borð við hip-hop og pönk hefur mótað og orðið fyrir áhrifum þess samfélags sem hún varð til í
- Notað trommuheila til að búa til takta sem virka sem undirspil fyrir eigið rapp
- Þekkt einkenni vissra tímabila tónlistarsögunnar, nokkur tónskál og verk þeirra
- Leikið eða sungið frumsamið eða cover lag í vissum tónlistarstíl
- Kynnt og gert grein fyrir vissum tónlistarstíl, einkennum hans og völdum listamönnum
- Samið tónlist sem túlkar atburð úr seinni heimsstyrjöldinni
- Samið lag í anda tónlistar stríðsáranna
- Gert útlagsþátt þar sem tónlist stríðsáranna er kynnt ásamt flytjendum hennar

### Uppbygging kennslu og kennsluaðferðir

Kennslustundi tíunda bekkjar voru 60 mínútur á viku. Kennsla vetrarins miðaðist við að kynna nemendum tiltekna tónlistarstíla, skoða þá í sögulegu samhengi og hvaða hlutverki þeir gegna í mótun þess samfélags og tíðaranda sem þeir urðu til í. Nemendur kynntust m.a. hip-hop og pönk tónlist. Þegar innlögn kennara lauk spreyttu nemendur sig á tónsköpun með viðeigandi hljóðfærum og tækjum. Þegar nemendur kynntust völdum meistaraverkum sígildrar tónlistar fór kennslan fyrst og fremst fram í fyrirlestrarformi. Í tengslum við stríðsára þema nemendahópsins tónlist seinni heimsstyrjaldarinnar kynnt fyrir nemendum og hvernig tónlistarfólk og tónskáld takast á við atburði og hörmungar stríðsáranna í list sinni. Í kjölfarið sköpuðu nemendur eigin tónlist sem átti að túlka á einhvern hátt anda eða atburði stríðsáranna.

### Námsefni

Námsefnið var unnið af kennara.

Í tölvum var unnið með tónlistarforritin Garageband og soundtrap.

Unnið var með tónlistaröppin:

- Garageband
- iMachine2
- Boom 808

### Námsmat

Námsmat var birt í Námfús. Matsskalinn A, B+, B, C+, C og D var notaður og voru eftirfarandi þættir metnir. Nemandi getur...

- Notað algeng tæki, hljóðfæri, rödd og forrit til að skapa eigin tónsmíð og/eða hljóðverk
- Þekki nokkur af lykil tónverkum sígildrar evrópskrar tónlistar, einkenni og höfunda þeirra
- Samið eigið lag og texta í pönkstíl og tekið upp eða flutt fyrir nemendahópin
- Útsett lag að eigin vali í pönkstíl og tekið upp eða flutt fyrir nemendahópin
- Fjallað um og kynnt pönk hljómsveit eða listamann/konu og tónlist viðkomandi fyrir hópnun.

## Valfög á unglingsstigi Söngval

### Helstu markmið

Námskeiðið var átta vikna námskeið þar sem nemendur lærðu raddbeitingu og fengu leiðsögn bæði í einsöng og samsöng. Helstu markmið námskeiðsins voru að nemendur geti:

- Beitt rödd sinni á viðeigandi hátt í verkum sem þeir velja sjálfir og sem kennari velur
- Tekið þátt í fjölradda söng
- Sungið einfalda röddun við laglínu
- Rætt og rökstutt skoðun sína á eigin söng og annarra

### Uppbygging kennslu

Tímarnir hófust á upphitun þar sem einkum var horft til líkama, öndunar og raddar. Að öðru leiti voru tímarnir mismunandi þar sem stundum voru þeir kennarastýrðir og hópurnir æfði saman lög sem kennari hafði valið og útsett fyrir hópinn. Þar var einkum horft til þess að nemendur kynntust fjölbreyttum söngstílum og mismunandi raddbeitingu. Hinsvegar unnu nemendur í einstaklingsverkefnum þar sem þeir völdu sér lög til að æfa og flytja fyrir hópinn. Nemendur fluttu svo lögin. Að því loknu voru umræður um lagaval og frammistöðu nemenda á uppbyggilegum nótum. Undir lok námskeiðsins voru nokkur af þeim lögum sem æfð höfðu verið á vikunum átta, tekin upp í upptökuveri skólans.

### Námsmat

Námsmat var birt í Námfús. Matsskalinn A, B+, B, C+, C og D var notaður og fengu nemendur lokaeinkunn í áfanganum þar sem horft var til hæfniviðmiða námskeiðsins.

## Hljómsveitaval - söngleikur

### Helstu markmið

Námskeiðið náði yfir eina önn. Fyrstu átta vikurnar hittist hópurnir einu sinni í viku en seinni átta vikurnar hittist hann tvisvar í viku og oftar þegar líða tók nær frumsýningu. Helstu markmið námskeiðsins voru að nemendur geti:

- Leikið á hljóðfæri í hljómsveit í söngleik
- Tekið þátt í að útsetja tónlist fyrir sitt hljóðfæri

### Uppbygging kennslu

Námskeiðið snérist um að nemendur í námskeiðinu ynnu saman að því að setja upp söngleikinn Mamma mía. Lögin voru útsett og æfð undir stjórn tónmenntakennara og þegar líða tók á námskeiðið fóru söngvarar úr leiklistarvali að koma á æfingar hljómsveitarinnar til að æfa með henni.

### Námsmat

Námsmat var birt í Námfús. Matsskalinn A, B+, B, C+, C og D var notaður og fengu nemendur lokaeinkunn í áfanganum þar sem horft var til hæfniviðmiða námskeiðsins.

## Tónlist og myndbönd

### Helstu markmið

Námskeiðið átti upphaflega að stand yfir heila önn en vegna takmarkana á kennslu og viðveru nemenda vegna covid19 styttist það töluvert og ekki náðist að vinna allt sem til stóð. Helstu markmið námskeiðsins voru að nemendur geti:

- Semji eigið verk eða geri eigin „cover“ útgáfu af útgefnu lagi og geri tónlistarmyndband við lagið.
- Kynnist fjölbreyttum aðferðum tónlistarmyndbandagerðum
- Tekið upp eigin flutning eða unnið tónlist í tónlistarforriti
- Rætt á gagnrýnin hátt eigin verk og annarra

### Uppbygging kennslu

Í upphafi námskeiðsins var aðal áherslan á að nemendur ynnu í tónlistarhluta námskeiðsins. Það fól í sér að ákveða hvort gera skyldi frumsamið lag eða eigin útgáfu af lagi annars. Nemendur réðu einnig hvort þeir ynnu einir eða í hópum. Samhliða tónsköpun og æfingum sýndi kennari nemendum valin tónlistarmyndbönd þar sem horft var til mismunandi þátta tónlistarmyndbandagerðar. Um það leiti sem nemendur áttu að hefja vinnu við myndbönd sín skall corona veiru faraldurinn á og kom í veg fyrir að nemendur gætu gert myndböndin. Þegar skólastarf hófst aftur einbeittu nemendur sér því að því að klára lög sín og upptökur á þeim. Í lokin var hlustunarpátý þar sem hlustað var á verkin og þau rædd.

### Námsmat

Námsmat var birt í Námfús. Matsskalinn A, B+, B, C+, C og D var notaður og fengu nemendur lokaeinkunn í áfanganum þar sem horft var til hæfniviðmiða námskeiðsins.

## Tónlist og tölvur

### Helstu markmið

Námskeiðið átti upphaflega að stand yfir heila önn en vegna takmarkana á kennslu og viðveru nemenda vegna covid19 styttist það töluvert og ekki náðist að vinna allt sem til stóð. Helstu markmið námskeiðsins voru að nemendur geti:

- Þekkt og útskýrt helst tæki og hugtök raftónlistar
- Notað Ableton live tónlistarforritið til tónsköpunar
- Skapað sitt eigið verk í tónlistarforriti
- Rætt á gagnrýninn hátt eigin tónsköpun og annarra

### Uppbygging kennslu

Í upphafi námskeiðsins var aðal áherslan á að kynna nemendum sögu og þróun raftónlistar. Samhliða því fengu nemendur kynningu á Ableton live forritinu og einstaka þáttum þess. Að lokum unnu nemendur svo lokaverk sín þar sem þeir áttu að gera eigin tónsmíð og vinna hana í Ableton live forritinu. Í lokin var hlustunarpátý þar sem hlustað var á verkin og þau rædd.

### Námsmat

Námsmat var birt í Námfús. Matsskalinn A, B+, B, C+, C og D var notaður og fengu nemendur lokaeinkunn í áfanganum þar sem horft var til hæfniviðmiða námskeiðsins.

## Morgunsöngur

Helstu markmið eru að nemendur geti:

- Sungið í hópi með skýrum framburði fjölbreytt sönglög og þulur
- Sungið eða leikið á skólahljóðfæri í hóp tónlistaratriði fyrir samnemendur
- Kynnist fjölbreyttum sönglögum, t.d. íslenskum og erlendum þjóðlögum, rímum, sönglögum frá ýmsum löndum og dægurlögum, bæði gömlum og nýjum.
- Þekkt og kynnst fjölbreyttum hljóðfærum en einkum þeim sem nemendum stendur til boða að læra á í tónlistarskólum bæjarins.

## Uppbygging morgunsöng

Morgunsöngur var haldinn á hverjum morgni. Allir nemendur í fyrsta til sjöunda bekk sóttu morgunsöng framan af vetri en eftir áramót eingöngu fyrsti til sjötti bekkur. Venjulega voru tvö lög sungi og þá gjarnan horft til þess að annað lagið höfðaði meira til eldri nemenda og hitt til yngri. Einnig var áhersla á fjölbreytileika og að nemendur kynntust bæði gamalli og nýrri tónlist frá ólíkum löndum allt frá íslenskum þulum til nýrra dægurlaga. Af og til komu gestir í morgunsöng og sungu og spiluðu fyrir nemendur en auk þess komu rithöfundar nokkrum sinnum og lásu upp úr bókum sínum.

## Aðstaða

Aðstaða til tónmenntakennslu er mjög góð við skólann. Tónmenntastofan er rúmgóð og vel búin hljóðfærum, bæði skólahljóðfærum og rafmagnshljóðfærum. Auk þess er tónmenntastofan búin nokkrum borðtölvum og spjaldtölvum sem einkum eru nýttar til tónsköpunar. Sambyggt tónmenntastofunni er upptökuaðstaða og samspilsherbergi sem eru mikið nýtt af nemendum á skólatíma en einnig utan.

## Skýrsla sérkennara

Í vetur voru fjórir kennarar starfandi við sérkennslu og nýbúakennslu. Á yngsta stigi var Ingunn Þóra Hallsdóttir sérkennari umsjónarmaður sérkennslu í 100% starfi. Á miðstigi í 5. -7. bekk var Hildur Björg Jónsdóttir í 100% starfshlutfalli sem umsjónarmaður sérkennslu. Á unglíngastigi hafði Elfa Hrönn Friðriksdóttir umsjón með sérkennslu frá 8. -10. bekk í 100% hlutfalli. Á unglíngastigi voru Sigríður G. Guðmundsdóttir með sérkennslutíma í stærðfræði og Rebekka Ólafsdóttir með sérkennslutíma í íslensku sem nýttust nemendum í 8.-10. bekk skólans. Erna Sif Auðunsdóttir var einnig með sérkennslutíma í stærðfræði.

## Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráð starfar samkvæmt lögum. Nemendaverndarráðsfundir voru haldnir aðra hverja viku allan veturinn. Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, náms- og starfsráðgjafi, skólahjúkrunarfræðingur, fulltrúi fjölskyldusviðs og félagsráðgjafi Heilsugæslunnar í Garðabæ sátu fundina. Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri tóku ákvarðanir um mál sem voru rædd að höfðu samráði við starfsfólk skólans.

## Samráðsfundir

Fundir með lausnarteymi voru haldnir jafnt og þétt yfir veturinn í fyrstu. Fundirnir voru hugsaðir sem samráðsfundir skólastiga. Markvissara þótti að beina athyglinni á eitt skólastig í einu og fá þannig betri heildarsýn. Á lausnateymisfundum sátu aðstoðarskólastjóri, umsjónarmaður sérkennslu á hverju stigi, námsráðgjafi, þroskaþjálfari og á fundum með unglíngastigi sat einnig forstöðumaður félagssmiðstöðvarinnar. Á miðju skólaári var ákveðið að boða ekki á lausnarteymisfundi nema að

sérstök ástæða þætti til. Vikulegir fundir sérkennara og þroskaþjálfar með teyllum umsjónarkennara þóttu taka á þeim þáttum sem upp komu hverju sinni.

### Lestrarpróf

Á yngsta stigi voru allir nemendur lestrarprófaðir fjórum sinnum á þessu skólaári. Í lok ágúst voru allir nemendur yngsta stigs prófaðir af sérkennara til að kanna stöðuna að loknu sumarleyfi. Í september, janúar og maí voru allir bekkir prófaðir með lesfimiþrófum frá Menntamálastofnun og niðurstöður voru skráðar í Skólagáttina. Niðurstöður úr lesfimiþrófunum voru einnig skráðar á Námfús þar sem nemendur og foreldrar gátu fylgst með framvindunni. Á miðstigi voru allir nemendur lestrarprófaðir þrisvar sinnum á þessu skólaári. Í október, janúar og maí voru allir bekkir prófaðir með lesfimiþrófum frá Menntamálastofnun og niðurstöður voru skráðar í Skólagáttina. Niðurstöður úr lesfimiþrófunum voru einnig skráðar á Námfús þar sem nemendur og foreldrar gátu fylgst með framvindunni. Á unglíngastigi voru nemendur prófaðir þrisvar sinnum á þessu skólaári í september, janúar og maí. Notast var við lesfimiþrófin frá MMS og niðurstöður skráðar í Skólagáttina og á Námfús.

### Einstaklingsnámskrár

Á yngsta stigi voru tveir nemendur í 2. bekk með einstaklingsnámskrá og einn í þriðja bekk og þrjú nemendur í 4. bekk. Í 4. bekk var einn nemandi með aðalagað námsefni í íslensku, móðurmál annað en íslenska. Á yngsta stigi eru einstaklingsnámskrárnar útbúnar að vori í samráði við foreldra. Foreldrar og kennarar skrifa undir þær í boðuðu viðtali að hausti, þær eru endurmetnar og uppfærðar yfir veturinn eftir þörfum.

Á miðstigi voru fjórir nemendur í 5. bekk með einstaklingsnámskrá. Þeir fylgdu einstaklingsnámskrá í íslensku og voru með aðalagað námsefni í stærðfræði, þemu og ensku þar sem efni unnið að hæfniviðmiðum var minnkað. Í 6. bekk voru fjórir nemendur sem fylgdu einstaklingsnámskrá í öllum bóklegum námsgreinum og einn nemandi með aðalagað námsefni vegna tungumáls, nemandi er með annað móðurmál en íslensku. Í 7. bekk var einn nemandi sem fylgdi einstaklingsnámskrá í öllum bóklegum fögum nema ensku og dönsku. Þrjú nemendur sem voru með allt námsefni aðalagað til að vinna að hæfniviðmiðum 7. Bekkjar.

Á miðstigi eru einstaklingsnámskrárnar útbúnar að hausti fyrir allt skólaárið. Foreldrar og kennarar skrifa undir þær í boðuðum viðtölum að hausti, þær eru endurmetnar og uppfærðar yfir veturinn eftir þörfum.

Á unglíngastigi, í 10. bekk voru átta nemendur með einstaklingsnámskrá í íslensku og 11 nemendur sem voru með einstaklingsnámskrá í stærðfræði. Sjö nemendur fengu aðalagað námsefni í öðrum bóklegum greinum. Í 9. bekk voru þrjú nemendur með einstaklingsnámskrá í öllum námsgreinum. Í 8. bekk voru 3 nemendur með einstaklingsnámskrá. Tveir nemendur einungis í íslensku og stærðfræði og einn í öllum námsgreinum. Á unglíngastigi er einstaklingsnámskráin útbúin að hausti fyrir allan veturinn og skrifað undir hana í foreldraviðtali í október.

### Yfirlit yfir starf með hverjum árgangi

#### 1. bekkur

Í 1. bekk var áhersla lögð á lestrarkennslu og fór sérkennslan fram í minni hópum inni á svæði. Nemendur voru í nokkrar vikur í senn í inngripi og var skipt reglulega um nemendur í þessum hópum til þess að sem flestir fengu aðstoð.

#### 2. bekkur

Í 2. bekk var unnið með sérkennslu í formi lesfimiþjálfunar og sú vinna unnin inni á svæði og utan heimasvæðis. Þeir nemendur sem voru í íslensku II fengu kennslu fjóra daga vikunnar aðra hverja viku í 20 mín í senn fram að jólum.

### 3. bekkur

Þeir nemendur í 3. bekk sem komu í sérkennslu var skipt upp í hópa sem unnið var með í 4 – 6 vikur í senn í lestrarkennslu. Hóparnir voru teknir af umsjónarsvæði bekkjanna í þessa vinnu. Þeir nemendur sem voru í íslensku II fengu kennslu fjóra daga vikunnar aðra hverja viku í 20 mín í senn fram að jólum. Í 3. bekk voru allir nemendur LOGOS skimaðir og í framhaldi unnið markviss með þá nemendur sem fengu slaka niðurstöðu í þeim þáttum sem lagðir voru fyrir.

### 4. bekkur

Nemendur 4. bekkjar var skipt upp í hópa sem var unnið með í 4 – 6 vikur í senn. Um var að ræða íslensku og stærðfræði. Þeir nemendur sem voru í íslensku II fengu kennslu fjóra daga vikunnar aðra hverja viku í 20 mín í senn fram að jólum.

### 5.-7. bekkur

Í íslensku og stærðfræði fór sérkennslan á miðstigi ýmist fram í minni hópum, einstaklingslega eða inn í bekk. Í flestum tilfellum voru hóparnir teknir af svæði og kennt eftir einstaklingsnámskrá í Fálkahelli. Sérkennsla í íslensku og stærðfræði fór einnig fram inn í bekk. Starfandi sérkennari miðstigs sá um kennsluna.

Í öðrum greinum fólst sérkennsla og stuðningur við nemendur í að létta námsefni og aðlaga það nemendum. Kennslan fór svo ýmist fram á heimasvæðum nemenda eða inni í sérkennslurýmum.

Að auki voru fjórir nemendur í íslensku sem annað tungumál með aðlagað námsefni.

Alls voru þrjú nemendur með undanþágu í dönsku í 7. bekk, einnig var einn nemandi í norsku og einn í sænsku vegna fyrri búsetu þeirra þar í landi. Nemendur á undanþágu fengu auka íslensku eða aðra verklega sérkennslu á meðan. Þeir nemendur sem voru undir lestrarviðmiðum MMS að hausti fóru í LOGOS skimun. Ef í ljós kom grunur um lestrarerfiðleika hjá ákveðnum nemendum, fóru þeir í nánari LOGOS greiningu hjá Ingunni Þóru, sérkennara yngsta stigs.

Nemendur sem voru með einhverja veikleika í lestri fengu þjálfun hjá sérkennara á miðstigi en ekki var framkvæmt endurmat á LOGOS skimun líkt og áður vegna aðstæðna í samfélaginu (COVID 19).

### Íslenska II á vormánuðum

Á vormánuðum var íslenska II kennd í samstarfi milli yngsta- og miðstigs þar sem nemendurnir fengu 60 mín á viku í kennslu í íslensku. Eftir að skólastarf hófst aftur með eðlilegum hætti eftir COVID-19 fengu nemendur 20 mín á dag fjóra daga vikunnar. Starfið gekk vel og voru nemendur duglegir að æfa sig í að tala íslensku þar sem þau höfðu styrk af hvort öðru. Þau hafa verið mislengi á Íslandi og eru á misjöfnum stað í tungumálinu en sögðu öll að þau myndu styrk í því að hittast og tala hvort við annað.

### 8. – 10. bekkur

Í íslensku fór sérkennslan fram í minni hópum. Í öllum tilfellum voru hóparnir teknir af svæði og kennt samkvæmt einstaklingsnámskrá. Kennsla í íslensku II fór alltaf fram í minni hóp.

Í stærðfræði var sérkennslan í 8. -10. bekk útfærð þannig að nemendur voru teknir út og kennt samkvæmt einstaklingsnámskrá.

Í öðrum greinum fólst sérkennsla og stuðningur við nemendur í að létta námsefni og aðlaga það nemendum. Það var alltaf gert inn á svæði.

Sautján nemendur voru með undanþágu í dönsku og fengu þeir auka íslenskukennslu eða tíma til að sinna öðru Norðurlandamáli, þ.e. sænsku/norsku.

Nemendur í 8. bekk voru prófaðir 2x í Orðarún sem er lesskilningspróf.

Covid-19 skólastarf sérkennara

Á þeim tíma sem takmarkanir voru settar á skólastarfið í samkomubanni sinntu sérkennarar almennri bekkjarkennslu í einum hópi. Kennarar fóru ekki á milli hópa og fór því engin sérkennsla fram frá sérkennurum en taka ber fram að hópar voru fámennir með tvo kennara og fengu því nemendur gott aðhald.

### Skýrsla þroskaþjálfar

Skólaárið 2019-2020 voru þrír þroskaþjálfar starfandi við Sjálands skóla.

Særún Sigurjónsdóttir sá um þroskaþjálfun í 4. – 7. bekk 100% stöðu, Auður Ögmundardóttir sá um þroskaþjálfun á unglíngastigi í 100% stöðu og Sigrún Lilja Traustadóttir sá um þroskaþjálfun í 1.-3. bekk. 17 stuðningsfulltrúar störfuðu með okkur í vetur á öllum skólastigum. Stuðningsfulltrúarnir fylgdu einum nemanda, voru inn í bekk eða voru með minni hópa af nemendum undir leiðsögn þroskaþjálfar, umsjónarkennara og/eða sérkennara. Einn þroskaþjálfari hefur verið í langtímaveikindum í vetur og var fenginn kennari til að ganga í hennar starf að hluta til.

Þroskaþjálfar skólans hafa það ætíð að leiðarljósi að stuðla að jákvæðu viðhorfi gagnvart öllum nemendum en sérstaklega þeim nemendum sem eru með sérþarfir.

Yfirlit yfir starf á hverju skólastigi

#### *Yngsta stig 1-4 bekkur.*

Þroskaþjálfari vinnur í teymi með umsjónarkennurum og sérkennara stigsins. Einnig hefur verið náið samstarf milli þroskaþjálfar og atferlisráðgjafa vegna einstakra nemanda. Þroskaþjálfari veitir ráðgjöf og leiðsögn til starfsfólks skólans hvað nemendur með fötlun og hegðunarvanda varðar og ber að upplýsa og fræða kennara, almennt starfsfólk og stuðningsfulltrúa. Þroskaþjálfari fylgir nemendum í kennslustundir ef þar ber undir annars hefur þroskaþjálfari yfirumsjón með stuðningsfulltrúum sem fylgja nemendum sem þarfnast fulls stuðnings. Notast er við fjölbreyttar kennsluaðferðir og ýmis umbunar- og hvatningarkerfi sem henta hverjum og einum nemanda. Auk námslegra þátta vinnur þroskaþjálfari með m.a. atferlismótun í þeirri vinnu eru notuð ýmiss konar verkfæri t.d. myndrænt skipulag og hvatningarkerfi.

Þroskaþjálfari er einnig í reglubundnum samskiptum við foreldra þeirra barna sem hann kemur að málum.

Í vinnu þroskaþjálfar á heimasvæði nemenda sinnir þroskaþjálfari einnig öðrum nemendum. Hann er til staðar fyrir alla sem leita eftir aðstoð hverju sinni þó áhersla sé lögð á ákveðna nemendur og þarfir þeirra. Þroskaþjálfari situr reglulega stoðteymisfundum og tekur þátt í kennarafundum. Þroskaþjálfari situr einnig einu sinni í viku fund með umsjónarkennurum og sérkennara. Haldnir hafa verið fastir teymisfundir með foreldrum í vetur frá 6 vikna fresti til þrisvar sinnum á önn.

Þegar samkomubannið stóð yfir var þroskaþjálfari inni í 1. bekk. Þar sinnti hann almennri kennslu ásamt öðrum kennara. Einnig kom hann að málum nemanda í bekknum sem er með sérþarfir sem og annarra mála. Regluleg samskipti voru við foreldra barna á yngsta stigi sem eru með sérþarfir og stuðning inn í bekk í 1-3. bekk. Einnig hafði hann samskipti við aðra kennara til að fá upplýsingar um stöðu og gengi.

#### *Miðstig 5-7 bekkur.*

Þroskaþjálfari hefur í vetur haft yfirumsjón með stuðningsfulltrúum sem vinna á miðstigi, séð um að hvatningarkerfum og sjónrænu skipulagi sé fylgt eftir inn í bekkjum sem hefur verið unnið í samráði við atferlisfræðing. Þroskaþjálfari hefur unnið náið með umsjónarkennurum í agamálum nemanda og samstarf við foreldra vegna þessa. Einnig hafa verið sett upp hvatningakerfi fyrir einstaka nemendur.



Þroskaþjálfi hefur setið teymisfundir með umsjónakennurum og sérkennara einu sinni í viku og svo eftir þörfum þess á milli ásamt því að sitja kennarafundi. Einnig hafa verið haldnir á miðstig fastir teymisfundir með foreldrum í vetur frá 6 vikna fresti til þrisvar á önn.

Í samkomubanni vegna COVID-19 var þroskaþjálfinn staðsettur í einum af tveimur hópum 5.bekkjara. Hlutverk hans var að halda utan um nemendur sem annars fengu sérkennslu eða voru í minni hópum í námi auk almennrar kennslu. Þegar að kennslu lauk var verkefnið að heyra í umsjónakennurum annara hópa (4.-7.bekkjara) og ráðgefa í gegnum fjarfundabúnað. Nokkrir nemendur með sérþarfir treystu sér ekki til að mæta vegna breyttra aðstæðna og kom það í hlutverk þroskaþjálfara að vera í reglulegu sambandi við foreldra nemendanna til að veita ráðgjöf með daglegt skipulag og nám.

### *Unglingadeild*

Þroskaþjálfi vinnur í teymi með umsjóna- faggreina og sérkennurum stigsins. Þroskaþjálfi hefur umsjón með nemendum sem eru með sérþarfir og sinnir ráðgjöf og leiðsögn fyrir annað starfsfólk s.s. stuðningsfulltrúa. Þroskaþjálfi hefur það markmið að skapa nemendum umhverfi og aðstæður þannig að hver og einn njóti sín í skólanum og ráði við námsefni og þær kröfur sem settar eru hverju sinni. Margvíslegar aðferðir eru notaðar til þess, má þar nefna dagskipulag, uppbrot, umbunar og hvatningakerfi og hreyfingu. Þroskaþjálfi fylgir nemendum í bekk eða fylgir þeim í námsver eftir því hvað hentar hverju sinni. Þroskaþjálfi tekur þátt í því að finna viðeigandi námsefni og býr til próf úr því efni ef svo ber undir. Þroskaþjálfi hefur yfirumsjón með stuðningsfulltrúum og gætir þess að þeir fylgi eftir dagskipulagi og hvatningarkerfum. Þroskaþjálfi sér einnig um félagsfærni nemenda sem fer ýmist fram í hóp eða einslega eftir því sem við á. Á þessu skólaári hefur þroskaþjálfi á unglingastigi verið í samstarfi við atferlisfræðing, listmeðferðafræðing, sálfræðing og öðru fagfólki.

Í vinnu þroskaþjálfara á heimasvæði nemenda sinnir þroskaþjálfi einnig öðrum nemendum og er hann því til staðar fyrir alla nemendur sem leita aðstoðar á heimasvæði nemenda hverju sinni. Þó er ávallt lögð áhersla á ákveðna nemendur og þarfir þeirra. Þroskaþjálfi situr einu sinni í viku teymisfund með umsjónakennurum og sérkennara. Þroskaþjálfi situr einnig fundi með foreldrum og umsjónakennurum eftir þörfum.

### *Verklegir aukatímar.*

Þroskaþjálfi á miðstigi hélt utan um verklega aukatíma ( einnig kallaðir sérkennslutímar).

Um var að ræða tíma í smíðum, skák og hreyfingu. Nemendur á miðstigi sem nýttu sér þessi úrræði voru smíðar: 11 nem. Skák: 8 nem. og hreyfing: 7 nem. Nemendur sem sóttu þessa tíma voru með uppbrot í töflu annað hvort til að létta á bóklegum greinum eða sem umbun.

### *Skýrsla náms- og starfsráðgjafa*

Skólaárið 2019-2020 var Rósa Siemsen í 100% starfshlutfalli náms- og starfsráðgjafa við Sjálandsskóla. Meginhlutverk námsráðgjafa er að vinna með nemendum, forráðamönnum, kennurum, skólastjórnendum, starfsmönnum skólans, starfsfólki á fræðslu- og menningarsviði og félags- og heilbrigðissviði Garðabæjar að þáttum sem snúa að námi, líðan og framtíðaráformum nemenda. Ástæður tilvísana eða þess að nemendur leituðu til námsráðgjafa voru ýmiskonar s.s. félagslegur vandi, samskiptavandi, kvíði, námsvandi, tilfinningavandi, vandi með sjálfsmynd, hegðunarvandi, prófkvíði, einelti og aðstoð við upplýsingaöflun um áframhaldandi nám að loknum grunnskóla. Nemendur, forráðamenn, umsjónarkennari, stjórnendur eða aðrir starfsmenn óskuðu eftir aðstoð námsráðgjafa á tilteknu eyðublaði eða með öðrum skriflegum hætti svo sem tölvupósti. Góð samvinna var við forráðamenn, kennara, þroskaþjálfara, stjórnendur og aðra starfsmenn.

### *Verkefni námsráðgjafa*

Einstaklingsviðtöl voru þó nokkur í starfinu. Nemendur komu helst vegna vanda sem tengdist líðan, námi og samskiptaerfiðleikum. Einstaklingsmiðaða ráðgjöf má flokka í þrjá flokka:

### 1. Ráðgjöf við náms- og starfsval

Náms- og starfsráðgjöf miðar að því að nemendur efla og þroski þekkingu á sjálfum sér s.s. viðhorfum, áhuga, hæfileikum, getu og væntingum, námsleiðum, störfum og atvinnulífi til að auðvelda þeim ákvörðun um nám eða starf að loknum grunnskóla.

### 2. Persónuleg ráðgjöf og stuðningur

Persónuleg ráðgjöf og stuðningur er veitt nemendum, forráðamönnum og kennurum. Ráðgjöfin snýst aðallega um: Persónuleg og einstaklingsbundin mál s.s. félags- og tilfinningalegan vanda, veikindi, sjálfstraust og sjálfsmýnd.

Samskiptavanda s.s. vináttu, ágreining og einelti.

Námstengdan vanda s.s. sértæka námserfiðleika, prófkviða og námsleiða.

### 3. Ráðgjöf um vinnubrögð

Markmið fræðslu og ráðgjafar í námstækni er að nemendur kynnist hugsun, viðhorfum, námsaðferðum og námsvenjum sem rannsóknir og reynsla hafa sýnt að eru árangursríkar.

## Eineltismál

Í skólanum er starfandi eineltisteymi, sem í sitja námsráðgjafi og aðstoðarskólalastjóri. Ef eineltismál koma upp hefur umsjónarkennari samband við aðila úr eineltisteyminu og unnið er eftir eineltisáætlun skólans. Námsráðgjafi hefur verið virkur í þessu vinnuferli og fylgt eftir þeim nemendum sem hafa orðið fyrir einelti. Tilkynningar um einelti skulu vera skriflegar á þar til gerðu eyðublaði sem hægt er að nálgast á vef skólans. Öll mál sem koma upp eru þar af leiðandi skráð og rannsökuð. Ef um eineltismál er að ræða er málið sett í ákveðið vinnuferli. Eineltisteymið tekur þátt í verkefninu *Gegn einelti í Garðabæ*, en það er samstarfsverkefni grunnskóla í Garðabæ. Þar mætast eineltisteymi úr Sjálandsskóla, Flataskóla, Hofstaðaskóla, Álftanesskóla og Garðaskóla. Einnig hefur aðili frá Íþróttafélagi Stjörnunnar komið að verkefninu. Hópurinn hittist nokkrum sinnum á skólaárinu. Helstu verkefni snúa að því að koma á samræmdum vinnubrögðum til að fyrirbyggja og bregðast við einelti, bæta líðan og öryggi nemenda og skólabraginn í heild.

Þegar grunur um eineltismál kemur upp fer markviss vinna í gang og er lögð áhersla á að vinna málin fagmannlega og að samráð sé meðal starfsmanna skólans um viðbrögð og aðgerðir. Mikilvægt er að allir starfsmenn skólans séu upplýstir um þegar upp koma eineltismál svo allir geti fylgst náið með þeim nemendum sem um ræðir, hvort sem það sé vegna gruns um að þeir hafi orðið fyrir einelti eða hvort að þeir séu grunaðir um að vera gerendur í eineltismáli. Á skólaárinu 2018-2019 barst skólanum þrjár eineltistilkynningar auk þess sem unnið var áfram með eineltismál frá síðasta skólaári. Öll málin voru unnin eftir ofangreindu ferli. Eitt málanna var strax úrskurðað sem samskiptavandi og fór strax af stað vinna í bekknum sem námsráðgjafi kom að með umsjónarkennara bekkjarins. Áframhald verður á þeirri vinnu á næsta skólaári í því skyni að bæta bekkjarbraginn enn betur. Málið frá síðasta skólaári er komið í hendur fagaðila hjá KVAN sem vinna náið með ákveðnum hóp bekkjarins í því skyni að uppræta þann vanda sem þar er til staðar. Þriðja málið er einnig túlkað sem samskiptavandi en erfitt hefur reynst að vinna í því máli þar sem að meintur þolandi hefur ekki mætt í skólann í talsverðan tíma. Fjórða málið sem barst skólanum nú upp undir skólalok var einnig úrskurðað sem samskiptavandi og hafa umsjónarkennarar þeirra einstaklinga verið með þá í talsverðri vinnu í allan vetur í samskiptum og framkomu. Mikilvægt er að unnið sé áfram með samskiptin í hópnum á næsta skólaári.

Oft á tíðum er hægt að koma í veg fyrir einelti með ýmsum úrræðum. Þar má t.d. nefna fræðslu og þjálfun í samskiptum, félagsfærnihöpa, reglulega bekkjarfundi með nemendum og umsjónarkennurum, vinahópa og fundi með námsráðgjafa og nemendum. Samskipti foreldra skiptir einnig lykilmáli en það að foreldrar vinni saman hjálpar oftast en ekki að vinna bug á samskiptavanda barna þeirra. Með þessum úrræðum er oft hægt að taka á samskiptavanda nemenda áður en þau verða

að eineltismálum. Auknar forvarnir, regluleg fræðsla og foreldrasamstarf er því nauðsynleg sem liður í að sporna við eineltismálum. Kennarar og starfsfólk Sjáländsskóla héldu áfram vinnu sinni með verkfærakistu KVAN sem gengur út á að auka hæfni þeirra í bekkjarstjórnun og leiðtogaþjálfun barna. Sú vinna hefur sýnt fram á jákvæðan bekkjaranda og skólabrag og er orðinn órjúfanlegur hluti af starfi Sjáländsskóla sem við getum verið stolt af.

#### Forvarnir

Námsráðgjafi og forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar Klakans vinna saman að forvarnaráætlun skólans og félagsmiðstöðvarinnar. Félagsmiðstöðin Klakinn bauð upp á forvarnarfræðslu fyrir nemendur á unglíngastigi, bæði á skólatíma sem og í félagsmiðstöðinni og er hægt er að sjá samantekt í skýrslu Klakans (sjá fylgiskjal). Námsráðgjafi kom að eftirfarandi forvarnafræðslu fyrir nemendur skólans:

- 1. bekkur** Námsráðgjafi tók þátt í fræðslu með hjúkrunarfræðingi skólans um líkamann, einkastaðina og mikilvægi þess að segja frá ef einhver brýtur regluna um að snerta þá. Fræðslan er hluti af forvarnarfræðslu gegn kynferðisofbeldi gegn börnum.
- 2. bekkur** Nemendur sáu brúðuleikhúsið *Krakkarnir í hverfinu*. Fjallað var um forvarnir gegn líkamlegu- og kynferðislegu ofbeldi gegn börnum.
- 5.-6. bekkur** Til stóð að nemendur í 5. og 6. bekk fengju fræðslu á vegum SAFT um jákvæða netnotkun og örugg samskipti á netinu. Vegna Covid19 faraldurisins varð því miður ekkert úr fræðslunni þetta árið og verður bæting þar á vonandi strax í upphafi nýs skólaárs.
- 7. bekkur** Nemendur fengu fræðslu um kynlíf og samskipti frá Siggu Dögg.
- 8. bekkur** Nemendur sáu stuttmyndina *Myndin af mér* sem hefur það markmið að vekja athygli á svokölluðu stafrænu kynferðisofbeldi, skýra mörkin milli kynlífs og ofbeldis ásamt því að leggja áherslu á samþykki og ábyrgð í öllum nánnum samskiptum, hvort sem þau gerast í netheimum eða raunheimum.
- 8. bekkur** Nemendur fengu fræðslu frá Jóni Jónssyni sem í samstarfi við Krabbameinsfélagið fræðir ungmenni um hættuna á rafrettunotkun.
- 8. bekkur** Nemendur fengu fræðslu frá Barnaheillum um kynferðisofbeldi gegn börnum og unglíngum. Fræðslan var kynjaskipt og boðið var upp á fræðslu fyrir foreldra í kjölfarið.
- 9. bekkur** Nemendur fengu fræðsluerindi um sjálfsmynd og kynheilbrigði. Fjallað var um brenglaðar staðalímyndir og þrýsting frá jafnöldrum þegar kemur að ákvarðanatöku og kynlífi.
- 10. bekkur** Nemendur fengu fræðslu frá Ástráði, kynfræðslufélagi læknanema. Rætt var um kynsjúkdóma, getnaðarvarnir, fóstureyðingar, samskipti og mörk auk áhrifa klámvæðingar á samskipti ungs fólks í dag og þá ekki síst samskipti á netinu. Nemendur tóku virkan þátt í fræðslunni og höfðu gaman af.

#### Forvarnavika Garðabæjar

Forvarnavika leik- og grunnskóla Garðabæjar var haldin 9.-16. október 2019. Þema vikunnar að þessu sinni var heilsueflandi samvera og slagorð hennar var „Vinátta er fjársjóður – samvera og umhyggja“ og var haldin teiknimyndasamkeppni meðal leik- og grunnskólanemenda í bænum. Í vikunni var boðið upp á fræðslu og fjölbreytta viðburði fyrir foreldra og börn í Garðabæ s.s. fræðsluerindi, spil og leikir á bókasafninu, samflot í Álfaneslaug, frísbíggjufélagi Ávífilsstöðum og ratleikur um Garðabæ.

## GERT verkefnið

Námsráðgjafi fékk þróunarstyrk frá Garðabæ árið 2018 til að innleiða GERT verkefnið og auka náms- og starfsfræðslu á unglingastigi skólans. Námsráðgjafi fór með nemendur í 10. bekk í nokkrar starfsheimsóknir í fyrirtæki á skólaárinu 2019-2020. Í heimsóknunum fengu nemendur kynningu á fyrirtækjunum og þeim fjölbreyttu störfum sem þar eru unnin auk þeirrar menntunar sem liggur að baki störfunum. Farið var í tölvuleikjaframleiðandann CCP fyrir áramót og Borgarleikhúsið eftir áramót. Búið var að bóka heimsókn hjá Ölgerðinni en heimsókninni var aflýst af hálfu Ölgerðarinnar skömmu áður en að henni kom án skýringa. Því miður urðu fyrirtækjaheimsóknirnar ekki fleiri þetta skólaárið og hafði samkomubann vegna COVID-19 mikið um það að segja. Í lok nóvember var haldin svokölluð Starfamessa þar sem forráðamenn og aðrir kynntu störf sín fyrir nemendum unglingadeildar á sal skólans. Nemendur í 8. og 9. bekk fóru í starfskynningu í fyrirtæki að eigin vali og voru frá skóla einn dag í lok janúar. Nemendur unnu verkefni þar sem megin markmiðið var að kynna starfið sem þau kynntu sér fyrir samnemendum. Starfskynningarnar sem og Starfamessan eru hugsáðar til að auka viðsýni nemenda og veita þeim innsýn inn í atvinnulífið. Með GERT verkefninu og aukinni náms- og starfsfræðslu eru meiri líkur á því að nemendur séu betur í stakk búnir að taka upplýsta ákvörðun um áframhaldandi nám og störf að loknu grunnskólanám og því ávinningurinn ótvíræður.

## Covid-19

Verkefni námsráðgjafa breyttust töluvert í því ástandi sem myndaðist í kjölfar Covid-19 sem gekk yfir á Íslandi á vormánuðum 2020. Námsráðgjafi mætti annan hvern dag í skólann og sinnti m.a. starfi skólaritara við að svara símtölum, tölvupóstum og hringja út til þeirra nemenda sem ekki voru mættir í skólann. Einnig að taka stöðuna á þeim börnum sem voru heima í sóttkví eða einangrun. Námsráðgjafi sá um að útvega námsgögn og koma skilaboðum og verkefnum til bekkja í mismunandi sóttkvíarhólfum skólans. Námsráðgjafi bauð upp á viðtöl í gegnum Google Meet fjarfundarbúnað þar sem ekki var ráðlagt að vera að hitta nemendur á meðan á Covid-19 stóð. Upplýsingaöflun á námi framhaldsskóla og dreifing þeirra var töluverð á þessum tíma til nemenda og forráðamanna í 10. bekk í gegnum tölvupósta og Google Classroom. Mikið reyndi því á fjarfundarbúnað og tæknina og tókst vel til.

## Önnur verkefni námsráðgjafa

- Námsráðgjafi kenndi náms- og starfsfræðslu í 10. bekk. Námsfnið sem stuðst er við nefnist *Stefnan sett* og fjallar um náms- og starfsval og styrkir nemendur í að taka ákvörðun byggða á sjálfsþekkingu og sjálfstæði. Nemendur unnu fjölbreytt verkefni sem fólu í sér sjálfsskoðun og ýmsar þælingar varðandi nám og störf. Nemendur fengu kynningu á þeim skólum sem bjóða upp á nám á framhaldsskólastigi ásamt því námi sem þar er í boði. Nemendur lærðu ferilskráargerð og að fylla út starfsúmsókn. Námsráðgjafi kynnti fyrir nemendum inntökuskilyrði og úmsóknarferli í framhaldsskólana. Nemendum gafst tækifæri til að taka rafræna áhugakönnun, Bendill I. Könnunin var tekin í hóp og farið var yfir niðurstöður í einstaklingsviðtali.
- Námsráðgjafi tók á móti öllum nýjum nemendum og hitti þá einstaklingslega. Þessa nemendur hittir hann einu sinni í byrjun og svo aftur þegar nokkrar vikur eru liðnar af skólavistinni ef tilefni hefur þótt til. Hefur þetta ferli gefist vel.
- Tengslakönnun var framkvæmd í öllum árgöngum í október 2019 en það er greiningartæki til að kanna félagatengsl í afmörkuðum hópum. Námsráðgjafi hefur umsjón með fyrirlögn könnunarinnar, úrvinnslu, les úr niðurstöðum og skilar stutttri greinargerð til umsjónarkennara um stöðu mála í þeim bekkjum sem um ræðir ásamt því að taka þátt í aðgerðum sem fylgja í kjölfarið ef þurfa þykir.
- Bekkjafundir á yngsta stigi og miðstigi. Námsráðgjafi vann með umsjónarkennara 2. og 3. bekkjar að því að efla bekkjarandann og var unnið með efni frá KVAN. Einnig sá námsráðgjafi um hugleiðslu og slökun einu sinni í viku um talsvert skeið með efni frá Hugarfrelsi. Námsráðgjafi fór einnig inn á nokkra bekkjafundi hjá nemendum í 6. bekk. Unnið var með samskipti og vináttu.

- Námsráðgjafi sat fundi með umsjónarkennurum og skólastjórnendum vegna einstakra nemenda.
- Námsráðgjafi sat fundi í nemendaverndarráði þriðja hvern fimmtudag, lausnarþeimisfundir á miðstigi og unglingastigi og alla kennarafundi.
- Námsráðgjafar í Garðabæ hittast reglulega yfir veturinn og hafa samráð um fagleg vinnubrögð auk þess að fá handleiðslu hjá hver öðrum.
- Námsráðgjafi hefur veitt aðstoð með yfirsetu, lestur eða það sem til fellur í prófum og verkefnavinnu í unglingadeildinni.
- Undir starfshlutfall námsráðgjafa fellur lífsleiknikennsla í 8. og 9. bekk. Áhersla var lögð á námstækni, nám og störf, samskipti, samvinnu og forvarnir.
- Námsráðgjafi tók á móti nemum á fyrsta ári í náms- og starfsráðgjöf. Nemarnir voru um 30 klst á vettvangi og tóku þátt í fjölbreyttum verkefnum námsráðgjafa.

#### Endurmenntun og viðhald fagþekkingar

Námsráðgjafi sækir reglulega námskeið, fyrirlestra og fræðsluerindi í því skyni að bæta sig í starfi. Námskeið sem sótt voru þetta skólaárið voru m.a. fræðsla um ADHD barna og unglunga og lyfjagjöf tengd ADHD, Hugarfrelsi fyrir fagaðila, fræðsla um að vera í topp tilfinningalegu ástandi og jákvætt hugarfar sem starfsmönnum Sjálandsskóla var boðið upp á og ráðstefnu um vellíðan, jákvætt hugarfar og farsælni, auk fjölda annarra erinda.

#### Lokaorð

Líkt og fram hefur komið í hér að framan eru verkefni námsráðgjafa fjölbreytt og margvísleg. Þetta skólaár var hlutfall námsráðgjafa 100% og er það fyrsta skiptið sem námsráðgjafi er í fullu starfi. Líkt og undanfarin ár eru samskiptamál alltaf mjög stór partur af hlutverki námsráðgjafa en einnig námsáætlanagerðir fyrir nemendur á unglingastigi sem vantaði aðstoð með námstækni og skipulagningu. Ég lagði sérstaka áherslu á það þetta skólaárið að taka þátt í fyrirbyggjandi vinnu með umsjónarkennurum og hefur það verið ótrúlega lærdómsríkt og skemmtilegt að koma reglulega að bekkjum og vinna náið með nemendum að verkefnum tengdum sjálfsmynd, samskiptum og líðan. Eins og undanfarin ár hef ég lagt áherslu á að vera sýnileg og til taks innan skólans og hafa nemendur verið óhræddir við að leita til mín. Auk þess hafa umsjónakennarar verið duglegir að hvetja nemendur sína að leita aðstoðar hjá mér sem og sjálfir fengið ráð varðandi einstaka nemendur. Sveigjanleiki og samstarf við annað starfsfólk skólans og forráðamenn finnst mér skipta lykilatriði í að ná góðum árangri í vinnu minni með nemendum og gekk hvort tveggja vel þetta skólaárið. Ég nýtti áfram fræðsluna og verkfærin frá KVAN auk þess að leggja áherslu á vaxandi hugarfar í ráðgjöf minni með nemendum. Hugarfrelsið kom svo sterkt inn og hef ég nýtt það bæði í einstaklingsráðgjöf með nemendum en einnig með stærri hópum. Það sýndi sig þetta skólaárið að nauðsynlegt er að starfshlutfall námsráðgjafa sé 100% og er ég spennt fyrir því að halda áfram að auka gæði náms- og starfsfræðslu og þjónustu náms- og starfsráðgjafa fyrir nemendur Sjálandsskóla.

#### Skýrsla kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni

Kennsluráðgjafi hefur umsjón með tölvum og tækjum skólans ásamt að sjá um uppbyggingu og þróun tölvu- og upplýsingatækni við skólann. Það felur í sér ráðgjöf við kennara í tengslum við tölvu- og upplýsingatækni í kennslu og aðstoð við ýmis tæknileg vandamál sem upp koma í daglegu skólastarfi. Kennsluráðgjafi hefur einnig umsjón með heimasíðu skólans, tekur myndir í skólastarfinu, sér um skráningarkerfið Námfús, Google G-svítunni og umsjón með spjaldtölvum skólans. Kennsluráðgjafi er einnig tengiliður við Menntamálastofnun varðandi samræmd próf auk þess að taka einnig fullan þátt í öllu skipulagi skólastarfsins, kennarafundum, þróunarverkefnum, umbótavinnu, vettvangsferðum og sérstökum þemadögum.

Kennsluráðgjafi aðstoðar kennara eftir þörfum með tæknileg vandamál varðandi tölvur ásamt því að hafa yfirumsjón með spjaldtölvum, myndavélum, myndbandstökuvélum, o.fl. Kennsluráðgjafi fylgdist með nýjungum, vefsíðum og námsefni, sem nýtist í tölvu- og upplýsingatækni fyrir kennara í tengslum við kennslu þeirra á hverjum tíma.

Starf kennsluráðgjafi felur einnig í sér að halda utan og setja upp kannanir sem gerðar eru í skólanum, s.s. foreldra-, nemenda- og starfsmannakannanir. Kennsluráðgjafi leggur einnig fyrir kannanir Skólapúlsins sem nemendur í 6.-10.bekk taka þátt í.

Kennsluráðgjafi fundaði reglulega í allan vetur með hinum kennsluráðgjöfunum í grunnskólum Garðabæjar. Á fundum voru ýmis mál rædd varðandi tölvumál, s.s. heimasíðugerð, námskeiðahald, spjaldtölvur, hugbúnaður, nýjungar í tölvumálum, Google G-svítan, áhugaverðir vefir og margt fleira. Einnig funda kennsluráðgjafar með tölvudeild og öðrum aðilum sem tengjast tölvu- og upplýsingatækni í skólastarfi.

Í skólanum hefur verið lögð mikil áhersla að taka myndir af starfinu. Myndirnar eru verðmætar heimildir um það starf sem börnin hafa tekið þátt í. Kennsluráðgjafi sá markvisst um að taka myndir af starfinu á hverjum tíma. Kennarar voru einnig duglegir að taka myndir og hefur hver árgangur eða teymi myndavél til umráða. Kennsluráðgjafi hefur umsjón með myndavélunum og myndbandstökuvélum. Einnig að aðstoða nemendur og kennara með ýmis tæknileg atriði varðandi myndavélar, myndbandstökuvélar, iPada og forrit tengd þeim. Kennsluráðgjafi sá einnig um að taka myndband (video) af nokkrum viðburðum, klippa saman myndband og varðveita í skólanum.

#### Tölvu og tækjakostur Sjálandsskóla

Í vetur voru tveir fartölvuvagnar í skólanum (15 tölvur í hvorum vagni). Einn vagninn er staðsettur hjá 1.-2.bekk og einn á efra svæði hjá 3.-4.bekk. Kennarar á svæðunum sjá til þess að vagnarnir séu í sambandi og að fartölvurnar séu því alltaf fullhlaðnar að morgni. Allir kennarar skólans hafa aðgang að fartölvuvögnunum. Sælukot og Alþjóðaskólinn nýtir einnig fartölvuvagnana .

Í haust fékk skólinn 75 nýjar Chromebook fartölvur og PC tölvum var fækkað. Chromebook tölvur hafa komið mjög vel út og nemendur í unglingsdeild og á miðstigi að nota eingöngu Chrombook ásamt Ipöðum. Chromebook tölvurnar eru staðsettar í unglingsdeild (60 stk) og á svæði miðstigs (70 stk).

Skólinn á núna í vor 130 Ipad spjaldtölvur en elstu Ipadarnir eru að úrelast og nokkrir ónothæfir. Ipadar skiptast niður á árganga þannig að 2 árgangar hafa nokkra ipada saman á vagni og kennarar sjá um að setja inn ný öpp sem nýtast þeim árgöngum. Kennsluráðgjafi sér einnig um að setja inn ný öpp í gegnum Meraki umsjónarkerfið og einnig öpp sem þarf að kaupa. List- og verkgreinakennarar hafa nokkra ipada og einnig sérkennarar. Mikil þörf er á fleiri Ipad spjaldtölvum. Vonast er til að næsta haust verði komið í gagnid nýtt umsjónarkerfi Ipada, Apple School Manager, sem mun auðvelda utanumhald og umsjón forrita (öpp).

Nemendur í unglingsdeild hafa aðgang að þráðlausu neti skólans og voru margir með eigin snjalltæki eða fartölvur (BYOD). Sérstakt þráðlaust net er fyrir nemendur og þurfa foreldrar að sækja um netaðgang fyrir sín börn á heimasíðu Garðabæjar. Þeir samþykkja þá samning milli skólans og nemenda/foreldra um notkun á eigin snjalltæki í skólastarfi.

Kennsluráðgjafi fylgist með því að tölvur í tölvuvagni og á heimasvæðum séu í lagi. Hann er í samskiptum við tæknimann Tölvudeildar Garðabæjar varðandi vandamál með tölvur og hugbúnað. Huga þarf að uppsetningum og lagfæringum, útvega jaðartæki, hugbúnað og annað sem vantar til að halda tölvukosti í lagi.

Tæknimaður er ekki á staðnum heldur veitir símaþjónusta og kemur þegar á þarf að halda. Töluverður tími kennsluráðgjafa fer í að leysa úr vandamálum er upp koma með fartölvur, hugbúnað, eftirlit með tölvubúnaði og umgengni við hann. Einnig þarf að sjá um uppsetningu, setja inn forrit og að hafa umsjón með spjaldtölvunum.

Síðastliðinn vetur voru tæplega 3 nemendur á hverja tölvu (PC og Chromebook) í Sjálandsskóla og Alþjóðaskólanum. Og 2,3 nemendur um hvern Ipad í Sjálandsskóla.

## Nám og kennsla

Tölvu- og upplýsingatækni er samþætt í öllum árgöngum við aðrar námsgreinar. Einnig er kennd tölvufærni u.þ.b. einu sinni í viku í 1.-7.bekk en þá hefur árgangurinn fasta tíma með tölvuvagn (PC og Chromebook). Kennarar skrá sig á aðra tölvutíma í sameiginlega dagbók fyrir hvern tölvuvagn. Kennsluáætlanir kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni í Garðabæ eru hafðar til hliðsjónar við kennsluna en markmið þemu stýra einnig mikið vinnunni í tölvu- og upplýsingatækninni. Kennarar í 1.-7.bekk sjá um tölvukennslu hjá sínum nemendum. Í unglingadeild sjá umsjónarkennarar um tölvukennslu í samþættingu við allar námsgreinar. Upplýsingatækni er kennd sem námsgrein í 8.bekk og einnig sem valgrein sem allir nemendur í 10.bekk velja.

Kennslan og notkun nemenda á tölvum og kennsluefni miðast fyrst og fremst við það að kenna nemendum að nýta sér tölvurnar í tengslum við annað nám þeirra. Vinnan miðaðist við markmið námskrár í tölvu- og upplýsingatækni. Þjálfunarforrit voru nýtt þar sem við átti.

Hægt er að sjá hvaða viðfangsefni unnið er með í hverjum árgangi í [kennsluáætlunum](#) á heimasíðu skólans.

Í vetur hafa nemendur og kennarar á mið- og unglingastigi notað Google G-Suite skýjalausn. Allir nemendur nemendur og kennarar fá úthlutað notendanafn í kerfinu með endingunni –gbrskoli.is. Það býður upp á mikla möguleika í allri kennslu og verkefnaskilum nemenda, s.s. Google Classroom og ýmsum forritum og viðbótum. Þetta kerfi nýttist sérstaklega vel í Covid-ástandinu í lok vetrar, þar sem skólahald var með breyttum hætti og kennsla og verkefnaskil fór mikið fram á netinu. Rafrænir fundir meðal kennara og einnig við foreldra gengu vel í gegnum Google Meet og útlit fyrir að það fyrirkomulag sé komið til að vera í bland við hefðbundna fundi.

## Samskipti heimilis og skóla – Námfús

Í vetur var notað námsumsjónarkerfið, Námfús, eins og undanfarin ár. Kennarar, foreldrar og nemendur eru orðnir þjálfaðir í að nota kerfið og hefur það reynst nokkuð vel, þó að alltaf sé hægt að betrubæta. Í Námfús eru skráðar allar upplýsingar um nemendur, ástundun, námsmat o.fl. Námsmatið í Námfús er aðlagð að nýju námsmati Menntamálastofnunar þar sem áhersla er á hæfni, hæfniviðmið og matsviðmið. Allt námsmat er nú gefið í bókstöfum og fært inn jafnóðum undir hæfniviðmið í Námfús. Þannig geta nemendur og foreldrar fylgst með framvindu námsins inn í Námfús.


Í vetur voru lagðar fyrir kannanir frá Skólapúlsinum eins og undanfarin ár. Um var að ræða foreldrakönnun, nemendakönnun og starfsmannakönnun. Kennsluráðgjafi hafði umsjón með könnunum og einnig að leggja fyrir kannanir Skólapúlsins sem voru lagðar fyrir úrtak í 6.-10.bekk, þrisvar sinnum á vetrinum.

## Vefur skólans


Kennsluráðgjafi sér um að halda úti heimasíðu skólans <http://www.sjalandsskoli.is>. Oft í viku eru settar inn myndir og/eða fréttir úr skólafarfinu. Einnig eru sýnishorn af vinnu nemenda bæði í myndum og stafrænu formi sett á heimasíðuna. Þar má m.a. finna tónlistarefni sem tónmenntakennari vann með nemendum svo og myndbönd úr starfi skólans.

Heimasíðan er mikið skoðuð og samkvæmt teljara er fjöldi notenda um 1200-1700 á mánuði.


**Tafla 3.** Fjöldi notenda á mánuði á heimasíðu skólans (ágúst 2019 - maí 2020)



**Tafla 4.** Fjöldi síðuflettinga á mánuði á heimasíðu skólans (ágúst 2019 - maí 2020)



**Tafla 5.** Notkunarmynstur eftir vikum (notendur, innlit og flettingar)



Facebook síða skólans er einnig notuð til að koma fréttum og upplýsingum á framfæri. Samkvæmt löggjöf um persónuvernd þá eru eingöngu settar inn tilkynningar og fréttir á Facebook síðuna en ekki ljósmyndir. Myndir úr skólastarfinu eru settar á heimsíðu skólans.

### Skýrsla bókasafns Sjálandsskóla

Bókasafn Sjálandsskóla er staðsett í hjarta skólans í miðju skólahúsnæðisins. Safnið er opið frá 8:15 til 14:00. Lokað er frá kl. 11:30 til 12:00 vegna hádegismatar. Á bókasafninu eru að mestu leyti skáldsögur á íslensku sem nemendur nýta í heimalestur og yndislestur. Einnig enskar skáldsögur, fræðibækur, teiknimyndasögur, myndabækur fyrir yngri nemendur og fleiri bækur sem skemmtilegt er að skoða. Starfsmaður bókasafns sér einnig um pöntun og alla umsýslu námsbóka. Á skólabókasafninu starfar einn starfsmaður sem er menntaður grunnskólakennari í 70% starfi.

Opið er í hádegisfrímínútum. Þá geta nemendur komið á bókasafnið og spilað eða kíkt í bók. Yfirleitt eru á milli 60 til 70 nemendur í einu í hádeginu á safninu. Leitast er við að hafa afslappað og vinalegt andrúmsloft á bókasafninu. Nemendur eiga að finna sig velkomna og þeir ættu að líta á bókasafnið sem griðarstað þar sem þeir geta komið, hvílt hugann með góða bók í hönd og haft aðstöðu til vinnu á ýmsum verkefnum.

Í vetur fengu nemendur í 1. bekk fastan tíma einu sinni í viku á bókasafninu. Það var gert í samráði við umsjónarkennara. Hóparnir voru þrískiptir og hver hópur fékk um 30 mínútur. Fyrir áramót fengu nemendur kynningu á bókasafninu og máttu velja lestur, spil eða að tefla. Eftir áramót var bókin „Mýsla



sýslar“ lögð fyrir. Markmið með þeirri fyrirlögn var að ganga vel um safnið og læra að nýta það. Einnig var lesið úr skáldsögum, þjóðsögum, ævintýrum og ljóðabókum og fjölbreytt verkefni unnin samhliða bókasafnsfræðslunni.

Í samkomubanninu var bókasafnið opið. Flestir kennarar höfðu fengið töluvert af bókum á kennsluvæðin sín og höfðu samband með tölvupósti ef það þurfti að skipta út bókum. Þetta fyrirkomulag gaf góða raun og höfðu nemendur það aðgengi að bókum safnsins sem þörf var á.

**Tafla 6.** Ýmsar upplýsingar um bókakost safnsins

|                       | 2018   | 2019   |
|-----------------------|--------|--------|
| <b>Titlar</b>         | 3.749  | 4.743  |
| <b>Eintakafjöldi</b>  | 17.861 | 18.080 |
| <b>Nýskráð eintök</b> | 725    | 549    |
| <b>Afskráð eintök</b> | 1.023  | 512    |
| <b>Lánþegar</b>       | 452    | 467    |

**Tafla 7.** Fjöldi útlána úr Gegni eftir lánþegastöðu

| Lánþegastaða |                          | Útlán 2018   | Útlán 2019   |
|--------------|--------------------------|--------------|--------------|
| <b>01</b>    | Nemendur 1. - 3. bekkur  | 1.712        | 1.794        |
| <b>02</b>    | Nemendur 4. -7. bekkur   | 2.835        | 3.269        |
| <b>03</b>    | Nemendur 8. - 10. bekkur | 1.039        | 1.080        |
| <b>04</b>    | Kennarar grunnskóla      | 274          | 416          |
| <b>05</b>    | Aðrir starfsmenn         | 68           | 91           |
| <b>09</b>    | Kennslustofur            | 659          | 580          |
|              | <b>Samtals</b>           | <b>6.586</b> | <b>7.230</b> |